Ef myndað er nýtt félag við samruna, en það skal skrá sérstaklega, og félagsstjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn eru ekki kosnir strax eftir að hluthafafundur hefur samþykkt samrunann skal halda hluthafafund í nýja félaginu innan tveggja vikna til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn.

128. gr.

Stjórn hvers samr nafélags skal tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um samruna innan tveggja vikna eftir að éttaráhrif samrunans koma til skv. 1. mgr. 127. gr. Yfirtökufélagið getur tilkynnt samrunann fyrir hönd félaganna. Með tilkynningunni skulu fylgja þau gögn, sem greinir í 3.–5. tölul. 5. mgr. 124. gr., í frumriti eða endurriti, staðfestu af félagsstjórn, ásamt fundargerðum þeirra hluthafafunda sem ákveðið hafa samrunann.

129. gr.

Ef hlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu getur stjórn í yfirtekna félaginu tekið ákvörðun um samruna. Að öðru leyti gilda, eftir því sem við á, ákvæði 1.–2., 5.–6. og 8.–10. tölul. 1. mgr. 120. gr.; 1. málsl. 1. mgr. 121. gr.; 123. gr.; 2. málsl. 1. mgr. og 2.–6. mgr. 124. gr.; 126. gr.; 127. gr. og 128. gr.

Frest skv. 5. mgr. 124. gr. skal, ef svo ber undir, reikna frá ákvörðun félagsstjórnar um samruna. Einnig skal gera endurskoðaðan sameiginlegan efnahags- og rekstrarreikning skv. 2. mgr. 121. gr.

Einn eða fleiri matsmenn, sbr. 1. mgr. 122. gr., skulu semja yfirlýsingu í samræmi við 4. mgr. 122. gr.

130. gr.

Ef hlutafélagi er slitið án skuldaskila með yfirtöku íslenska ríkisins eða íslensks sveitarfélags á öllum eignum og skuldum félagsins skal, eftir því sem við á, beita ákvæðum 120. gr.; 1. mgr. 121. gr.; 1.–3. mgr. 122. gr.; 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 123. gr.; 1., 4. og 5. mgr. 124. gr.; 125. gr.; 1. tölul. 1. mgr. 127. gr. og 128. gr.

131. gr.

Hluthafar í því félagi eða félögum, sem sameinuð eru öðrum, er hafa greitt atkvæði gegn samruna eða sameiningu í nýtt félag, eiga kröfu á því að hlutabréf þeirra verði innleyst ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því að hluthafafundurinn var haldinn. Nú hefur þess verið farið á leit við hluthafa fyrir atkvæðagreiðslu að þeir sem nota vilja innlausnarréttinn gæfu til kynna vilja sinn í því efni, og er innlausnarrétturinn þá bundinn því skilyrði að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á hluthafafundinum. Félagið skal kaupa hlutina af þeim á verði sem svarar til verðmætis hlutanna og sem skal ákveðið, sé ekki um samkomulag að ræða, af matsmönnum, dómkvöddum á heimilisvarnarþingi félagsins. Hvor aðili um sig getur borið ákvörðun matsmanna undir dómstóla. Mál verður að höfða innan þriggja mánaða frá því að mat hefur farið fram.

Breyting hlutafélags í einkahlutafélag.

132. gr.

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum, samþykkt að breyta hlutafélagi í einkahlutafélag. Tilkynningu um samþykktina skal senda hverjum skráðum hluthafa innan tveggja vikna.

Breyting hlutafélags í einkahlutafélag telst hafa átt sér stað þegar félagssamþykktum hefur verið breytt á þann veg að þær fullnægi kröfum laga um einkahlutafélög enda hafi breytingar á samþykktunum verið skráðar og tilkynning þar að lútandi birt í Lögbirtingablaði.

Þegar breytingin hefur átt sér stað teljast hlutabréfin, sem félagið gaf út, ógilt.

Ef liðin eru fimm ár frá breytingunni án þess að allir réttbærir aðilar hafi tilkynnt sig til skráningar á hlutaskrá í einkahlutafélaginu getur stjórn einkahlutafélagsins með auglýsingu í Lögbirtingablaði skorað á aðila að senda slíka tilkynningu innan sex mánaða. Þegar frestur inn er liðinn án þess að tilkynning hafi borist getur stjórnin á kostnað viðkomandi hluthafa selt hlutina í einkahlutafélaginu fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slíka hluti. Frá söluandvirðinu getur félagið dregið kostnað við auglýsinguna og söluna. Hafi söluandvirðið ekki verið sótt innan fimm ára frá sölu rennur fjárhæðin til félagsins.

Skipting.

133. gr.

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á samþykktum hlutafélagsins, tekið ákvörðun um skiptingu félagsins. Við skiptinguna taka fleiri en eitt hlutafélag eða einkahlutafélag við öllum eignum og skuldum gegn endurgjaldi til hluthafa félagsins sem skipt er. Hluthafafundur getur með sama meiri hluta ákveðið skiptingu þannig að eitt eða fleiri félög taki við hluta af eignum og skuldum þess. Viðtaka eigna og skulda getur farið fram án samþykkis lánardrottna.

Ákvæði 6.–8. gr., 1. mgr. 37. gr. og 119.–128. gr. gilda um skiptinguna eftir því sem við á.

Ef kröfuhafi í félagi, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar en þó ekki með hærri fjárhæð en svarar til nettóverðmætis þess sem við bættist eða er eftir í viðkomandi félagi á þeim tíma.

XV. KAFLI
Skaðabætur o.fl.

134. gr.

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur og skoðunarmenn hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta hlutafélagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

135. gr.

Ákvörðun um að félag skuli hafa uppi skaðabótakröfu, sbr. 134. gr., skal tekin á hluthafafundi.

Hafi hluthafafundur gert samþykkt um ábyrgðarleysi manns eða fellt tillögur um að beita fébótaábyrgð geta hluthafahópar, sem ráða yfir minnst 1/5 heildarhlutafé félagsins, gert skaðabótakröfuna vegna félagsins og í nafni þess. Kostnaður af slíku máli er félaginu óviðkomandi. Þó geta málshefjendur krafist að kostnaður sé greiddur af félaginu allt að þeirri fjárhæð sem félagið fengi greidda í skaðabætur.

Ákvörðun hluthafafundar um ábyrgðarleysi eða um að beita ekki fébótaábyrgð er ekki bindandi fyrir þrotabú félagsins ef félagið telst hafa verið ógjaldfært þegar ákvörðun var tekin eða frestdagur hefst innan árs frá ákvörðuninni.

136. gr.

Skaðabótamál þau, sem um ræðir í 1.–2. mgr. 135. gr., skal höfða, nema krafan byggist á refsiverðum verknaði:

a. Gegn stofnendum innan tveggja ára frá því að ákvörðun um stofnun félags var tekin.
b. Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum, svo og matsmönnum og rannsóknarmönnum, innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð.
c. Gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum innan tveggja ára frá því að endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing lögð fram.

Mál skv. 3. mgr. 135. gr. skal höfða síðast þrem mánuðum eftir að félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota.

XVI. KAFLI
Útibú erlendra hlutafélaga.

137. gr.

Erlend hlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi, sem eiga lögheimili og varnarþing í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi.

Önnur erlend hlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi ef það er heimilað í alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að eða ráðherra telur rétt að heimila slíkt. Ráðherra getur sett reglur um þessi atriði.

138. gr.

Öll lögskipti, sem leiðir af starfsemi útibús erlends félags hér á landi, skulu lúta íslenskum lögum og lögsögu.

139. gr.

Í heiti útibús erlends hlutafélags skal greina nafn hins erlenda félags, svo og að um útibú sé að ræða.

140. gr.

Útibússtjóri, einn eða fleiri, skal veita útibúi forstöðu. Útibússtjóri skal vera lögráða og fjár síns ráðandi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara varðandi framkvæmdastjóra um heimilisfesti o.fl. eftir því sem við á.

Útibússtjóri undirritar skuldbindingar útibúsins og ber ábyrgð á að gætt sé íslenskra laga um rekstur þess. Félagsstjórn getur þó veitt prókúrumboð fyrir útibúið, enda fullnægi prókúruhafi skilyrðum 1. mgr. um útibússtjóra.

141. gr.

Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends hlutafélags. Tilkynning skal gerð samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Ákvæði XVII. kafla um skráningu hlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á.

Útibússtjóri undirritar tilkynningu og ber ábyrgð á efni hennar og fylgiskjala.

Útibú má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð.

142. gr.

Útibússtjóra ber að tilkynna hlutafélagaskrá allar breytingar á því sem skráð er, sbr. 149. gr.

Útibússtjóri skal senda hlutafélagaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús innan sex mánaða frá lokum reikningsárs.

143. gr.

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það. Gæta skal ákvæða 5. mgr. 1. gr.

144. gr.

Útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá:

1. Ef hið erlenda hlutafélag ákveður að leggja útibúið niður.
2. Ef þess er krafist af lánardrottni sem sannað hefur með árangurslausri aðför eða löghaldsgerð eða með játningu útibússtjóra að eignir félagsins hér á landi nægi ekki til greiðslu á kröfu hans. Þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Ef útibússtjóri fullnægir ekki lengur skilyrðum 140. gr. eða hverfur úr starfi. Hlutafélagaskrá getur þó veitt félagi hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf að þessu leyti.
4. Ef hið erlenda félag hefur verið afmáð úr hlutafélagaskrá erlendis.
5. Ef útibúið fullnægir ekki ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér.

145. gr.

Nú ber að afmá útibú úr hlutafélagaskrá, og falla þá í gjalddaga þær kröfur lánardrottna sem stofnast hafa vegna starfsemi útibúsins.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda að milliríkjasamningar standi því ekki í vegi.

146. gr.

Útibússtjóri ber ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til fyrir hönd útibús fyrir skrásetningu þess, svo og eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins, sbr. 143. gr., eða um atvik sem valda því að útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá, sbr. 144. gr.

XVII. KAFLI
Skráning hlutafélaga.

147. gr.

Hlutafélagaskrá annast skráningu allra íslenskra hlutafélaga og útibúa erlendra hlutafélaga.

Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglunum. Veita skal almennan aðgang að skránni, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum og aðgang að þeim.

Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár eða til sýslumanns í því lögsagnarumdæmi þar sem tilkynnandi á heimili. Sé tilkynning afhent sýslumanni skal hann þegar framsenda hana til hlutafélagaskrárinnar, enda öðlast tilkynning ekki gildi fyrr en við skráningu þar.

148. gr.

Tilkynning um stofnun hlutafélags skal greina:

1. Ákvæði samþykkta félagsins um það efni er greinir í 1.–3., 5. og 9.–13. tölul. 2. mgr. 9. gr.
2. Upphæð hlutafjár og hve mikill hluti af því er greiddur. Á hvern hátt greiðsla hefur farið fram og hvenær eftirstöðvar skulu greiddar.
3. Nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda félagsins, stjórnarmanna, framkvæmda-

stjóra og allra þeirra er hafa heimild til að rita félagið, svo og nöfn, kennitölu og heimilisföng endurskoðenda eða skoðunarmanna. Sama gildir um varamenn.

Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum félags og skulu undirskriftir staðfestar af lögbókanda, lögmanni, löggiltum endurskoðanda eða tveimur vottum.

Tilkynningu skal fylgja:

1. Stofnsamningur, reikningsgögn þau sem um ræðir í 2. mgr. 6. gr., svo og önnur gögn og skjöl í sambandi við stofnun félagsins.
2. Staðfest endurrit af fundargerð stofnfundar.
3. Sönnur fyrir því að stofnendur uppfylli þau skilyrði er um ræðir í 3. gr., stjórnarmenn og framkvæmdastjóri uppfylli þau skilyrði sem um getur í 66. gr. og endurskoðendur eða skoðunarmenn þau hæfisskilyrði er getur í lögum um ársreikninga, ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér.

Hlutafélagaskrá getur auk þessa krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru til þess að taka afstöðu til þess hvort við stofnunina hafi verið farið eftir lögum og samþykktum félagsins. M.a. getur hún krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun hlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar.

149. gr.

Breytingar á félagssamþykktum eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skal tilkynna innan mánaðar sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum. Krefjast má sannana fyrir lögmæti breytinga. Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa. Ákvæði 4. mgr. 148. gr. gilda eftir því sem við á.

Auk tilkynninga skv. 1. mgr. um breytingar á stjórn o.fl. skal í júnímánuði ár hvert tilkynna heimilisföng hlutafélaga og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda eða skoðunarmanna og prókúruhafa miðað við 1. júní, nema hlutafélagaskrá ákveði að tilkynningarnar skuli miðast við annan dag.

150. gr.

Ef tilkynningar fullnægja ekki fyrirmælum laga þessara eða samþykkta hlutafélags eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem ákveðið er í lögum eða samþykktum skal synja skráningar.

Nú má bæta úr göllum á einfaldan hátt með ákvörðun hluthafafundar eða samþykkt stjórnar og skal þá gefa félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins skal synja skráningar.

Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og um ástæður til hennar.

Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal hlutafélagaskrá láta sjá svo um að þeim aðila verði gert viðvart með fullnægjandi hætti.

Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu og getur hann þá borið málið undir dómstóla, enda sé mál höfðað innan sex mánaða frá því að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í hlutafélagaskrá og birta síðan skv. 151. gr.

151. gr.

Hlutafélagaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess sem skrásett hefur verið um stofnun nýrra hlutafélaga og tilvísun í aðalefni aukatilkynninga, t.d. varðandi móttöku sérfræðiskýrslu um öflun fjárhagsverðmæta skv. 8. gr. og yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. um rýrari möguleika lánardrottna á fullnustu vegna samrunaáætlunar á grundvelli 123. gr. Ef vísað er í framangreinda yfirlýsingu matsmanna skal athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra til tryggingar skv. 126. gr. Þá getur hlutafélagaskrá í öðrum tilvikum látið birta meira en tilvísun í aðalefni aukatilkynninga ef hún telur slíkt nauðsynlegt.

Það sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

XVIII. KAFLI
Refsingar o.fl.

152. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, framkvæmdastjóri, endurskoðendur eða skoðunarmenn, skilanefndarmenn eða útibússtjóri erlends hlutafélags og aðrir skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, félagssamþykktum eða ályktunum hluthafafundar og getur þá hlutafélagaskrá boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti úrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

153. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:

1. Að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru er það varðar í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, í opinberu boði í þátttöku í stofnun félags eða í útboði hluta, í skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða í tilkynningum til hlutafélagaskrár.
2. Að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um öflun vissra fjárhagsverðmæta (1., 2. og 5. mgr. 8. gr.), greiðslu hlutafjár, útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskírteina, hlutaskrá, eigin hluti (1. og 2. mgr. 55. gr. og 58.–61. gr.), skyldu formanns varðandi boðun til stjórnarfunda (2. mgr. 70. gr.), boðun til hluthafafundar ef eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess (4. mgr. 84. gr.), tillög í varasjóð, úthlutun arðs, endurgreiðslu á hlutafjárframlögum, lán eða tryggingu til handa hluthöfum o.fl. (104. gr.) og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess (141. gr.).

154. gr.

Hver sá sem vísvitandi ber út rangar frásagnir eða með öðrum samsvarandi hætti skapar rangar hugmyndir um hag hlutafélags eða annað er það varðar, þannig að áhrif geti haft á sölu eða söluverð hluta í félaginu, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að tveimur árum.

Ef sá sem stjórnar hlutafélagi eða kemur að öðru leyti fram fyrir hönd þess hermir vísvitandi rangt eða villandi um efnahag félags eða eignir í skjölum, bréfum til viðskiptamanna,

umburðarbréfum eða tilkynningum eða skýrslum til opinberra aðila, þá varðar það sektum eða varðhaldi, enda taki ákvæði 153. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar ekki þar til.

155. gr.

Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum sem gerist sekur um eftirgreindar athafnir að því er varðar atkvæðagreiðslu á hluthafafundi:

1. Aflar sér eða öðrum ólöglega færis á að taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ruglar atkvæðagreiðslu með öðrum hætti.
2. Leitast við með ólögmætri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá hluthafa eða umboðsmann hans til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.
3. Kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli að hluthafi eða umboðsmaður hans greiði ekki atkvæði þó að hann hafi ætlað sér það eða að atkvæði hans ónýtist eða hefur önnur áhrif en til var ætlast.
4. Greiðir, lofar að greiða eða býður hluthafa eða umboðsmanni hans fé eða annan hagnað til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.
5. Tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér eða öðrum hagnaði til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.

156. gr.

Sá sem vanrækir tilkynningar til hlutafélagaskrár samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða varðhaldi.

157. gr.

Nú hefur stjórnanda félags eða öðrum sem komið hefur fram fyrir hönd þess verið dæmd sekt vegna brots í starfi sínu fyrir félagið, og ber félagið þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki eru ákvæði í refsidómi um ábyrgð félagsins verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

XIX. KAFLI

158. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þau hlutafélög, sem eru löglega skráð við gildistöku laga þessara, skulu, ef þau óska skráningar samkvæmt lögunum, færa sönnur á það fyrir hlutafélagaskrá í síðasta lagi 1. október 1995 að þau fullnægi þeim skilyrðum sem lögin setja og hafi breytt samþykktum sínum til samræmis við þau. Reglur laganna um stofnun hlutafélaga gilda þó ekki um þau félög sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku þeirra nema hvað öll hlutafélög þurfa að uppfylla kröfuna um lágmark hlutafjár skv. 3. mgr. 1. gr.

Berist ekki ósk um skráningu sem fullnægir skilyrðum skv. 1. mgr. skal hlutafélagaskrá gera viðkomandi skráðum félögum viðvart um að félögin verði skráð sem einkahlutafélög verði ekki úr bætt í síðasta lagi 31. desember 1995.

Hlutafélög, sem hafa ekki fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. í síðasta lagi 31. desember 1995, skulu skráð sem einkahlutafélög.

Hlutafélög, sem skráð hafa verið samkvæmt lögum þessum, skulu fylgja fyrirmælum þeirra.

Ekki skal innheimta skráningargjöld vegna skráningar eldri hlutafélaga sem hlutafélaga samkvæmt þessu ákvæði eða umskráningar þeirra sem einkahlutafélaga.

II.

Þau hlutafélög, sem eru löglega skráð við gildistöku laga þessara, má samkvæmt ósk þeirra til 31. desember 1995 umskrá sem einkahlutafélög og ber þeim við umskráninguna að hafa orðið einkahlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ehf. Ber þeim að fullnægja fyrirmælum laga um einkahlutafélög og breyta samþykktum sínum til samræmis við þau. Þau þurfa þó ekki að hækka hlutafé sitt.

Hlutafélögum, sem umskráð eru sem einkahlutafélög í samræmi við ákvæði 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, ber að fara eftir ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar. Telji hlutafélagaskrá við umskráninguna eða síðar að félagið fullnægi ekki skilyrðum laga um einkahlutafélög í þeim mæli að það standi í vegi fyrir skráningu skal skráin gefa stjórn félagsins hæfilegan frest til að bæta úr göllunum. Sé ekki úr bætt innan frestsins má slíta félaginu samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 107. gr.

Ekki skal innheimta skráningargjöld vegna umskráningar eldri hlutafélaga sem einkahlutafélaga skv. 1. mgr.

Um umskráningu hlutafélaga, sem eru löglega skráð sem hlutafélög eftir gildistöku laga þessara, fer eftir 132. gr. laganna.

Gjört í Reykjavík, 30. janúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

Stjórnartíðindi A 2, nr. 2. Útgáfudagur 6. febrúar 1995.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 1995

3. febrúar 1995 45 Nr. 3

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Rannveig Guðmundsdóttir félagsmálaráðherra hefur, með vísan til 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga, vikið sæti við meðferð og úrskurð kæru um ákvarðanir bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um fjármálaleg viðskipti við fyrirtækið Hagvirki-Klettur hf. á árunum 1992 til 1994.

Í hennar stað hefur Þorsteini Pálssyni sjávarútvegs-, dóms- og kirkjumálaráðherra verið falið að fara með téð stjórnsýslumál og úrskurða í því.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 3. febrúar 1995.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Stjórnartíðindi A 3, nr. 3. Útgáfudagur 3. febrúar 1995.

A 5
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 1995

Nr. 4 46 30. janúar 1995

LÖG

um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég skv. 11. gr. laga nr. 124 27. desember 1993 hef látið fella meginmál þeirra laga inn í lög nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 105. gr. laga nr. 92/1991 og lög nr. 152/1994, og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

a. Fasteignaskattur.
b. Framlög úr Jöfnunarsjóði.
c. Útsvör.

Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því er lög þessi ákveða.

2. gr.

Auk tekna skv. 1. gr. hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o.fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðarleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Sveitarstjórn getur ákveðið að gjalddagar vatnsskatts, holræsagjalds og lóðarleigu skuli vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og jafnframt að innheimtu þeirra verði hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr.

II. KAFLI
Um fasteignaskatt.

3. gr.

Á allar fasteignir, sem metnar eru af Fasteignamati ríkisins, sbr. þó 5. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélags þar sem fasteign er.

Stofn til álagningar skattsins á hús og mannvirki, að undanteknum útihúsum í sveitum, skal vera afskrifað endurstofnverð þeirra margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Stofn til álagningar fasteignaskatts á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Gutenberg

Endurprentað blað.

Skatturinn skal vera sem hér segir:

a. Allt að $^1/_2$% af álagningarstofni:
Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b. Allt að 1,12% af álagningarstofni:
Allar aðrar fasteignir.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 3. mgr. þessarar greinar, samkvæmt öðrum hvorum eða báðum stafliðum.

Í sveitarfélagi, þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli, er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt skv. 4. mgr.

Fyrir 1. desember ár hvert skal Fasteignamat ríkisins láta sveitarfélögunum í té skrár yfir álagningarstofn fasteignaskatts í hverju sveitarfélagi, sbr. 2. mgr.

4. gr.

Sveitarstjórn annast álagningu skattsins sem reiknast af heilum þúsundum álagningarstofns og skal sleppa því sem umfram er. Innheimtu skattsins getur sveitarstjórn falið sérstökum innheimtuaðila.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 3. gr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Verði ágreiningur um gjaldskyldu sker yfirfasteignamatsnefnd úr. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður hvenær fasteignaskattur fellur í gjalddaga og er henni heimilt að kveða á um að skatturinn sé greiddur með sem næst jöfnum greiðslum á fleiri en einum gjalddaga.

Vangreiðsla að hluta veldur því að fasteignaskatturinn fellur allur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga.

5. gr.

Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum, kirkjur, skólar, heimavistir, barnaheimili, íþróttahús, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, bókasöfn og önnur safnahús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af heilsuhælum, endurhæfingarstöðvum og húsum sem einvörðungu eru notuð til tómstundaiðju sem viðurkennd eru af hlutaðeigandi sveitarstjórn. Sama gildir um lóðir þessara húsa.

Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af útihúsum í sveitum ef þau eru einungis nýtt að hluta eða standa ónotuð.

6. gr.

Nú er afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, þann veg háttað að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt báðum gjaldflokkum 3. mgr. 3. gr. og skulu þá þeir, sem annast mat nýbygginga og endurbóta fasteigna, ákveða hlutfallslega skiptingu matsverðs slíkra eigna eftir afnotum.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

III. KAFLI
Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

8. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

a. Framlag úr ríkissjóði er nemi 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði mánaðarlega eftir á.
b. Árlegt framlag úr ríkissjóði sem verði 0,227% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs og skal greiðast Jöfnunarsjóði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.
c. Vaxtatekjur.

9. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

a. Til greiðslu bundinna framlaga skv. 10. gr.
b. Til greiðslu sérstakra framlaga skv. 11. gr.
c. Til greiðslu jöfnunarframlaga skv. 12. gr.

10. gr.

Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,75% af vergum tekjum sjóðsins.
b. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af vergum tekjum sjóðsins sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.
c. Til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af vergum tekjum sjóðsins.
d. Til greiðslu útgjalda skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

11. gr.

Sérstökum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. 114. gr. sveitarstjórnarlaga.
b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.
c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá fámennum sveitarfélögum, allt að 8% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 13. gr.
d. Til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 15,5% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 14. gr.
e. Til að bæta upp annan aukinn kostnað vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 7,3% af vergum tekjum sjóðsins.

Heimilt er að færa fjármagn milli c-, d- og e-liða.

12. gr.

Jöfnunarframlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til sveitarfélaga sem hafa lægri skatttekjur en sambærileg sveitarfélög miðað við meðalnýtingu tekjustofna þeirra.

b. Til sveitarfélaga sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélag af þeirri stærð veiti.

Til jöfnunarframlaga skal verja þeim tekjum sjóðsins sem eru umfram ráðstöfun skv. 10. og 11. gr.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning jöfnunarframlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

13. gr.

Framlögum skv. c-lið 11. gr. skal varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við grunnskóla, íþróttamannvirki, félagsheimili, vatnsveitur og dagvistarheimili fyrir börn.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

14. gr.

Framlögum skv. e-lið 11. gr. skal varið til að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem koma til framkvæmda samhliða lögum þessum.

Framlögin skulu miðuð við að hagur þessara sveitarfélaga verði ekki lakari eftir breytingar á verkaskiptingunni heldur en áður var.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

15. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára sem gera skal tillögur til ráðherra um framlög skv. c-, d- og e-lið 11. gr. og skv. 12. gr. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

16. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.

17. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sem endurskoðaður skal af Ríkisendurskoðun. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

18. gr.

Félagsmálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð með nánari ákvæðum um starfsemi sjóðsins.

IV. KAFLI
Um útsvör.

19. gr.

Þeir menn, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar af tekjum sínum til sveitarfélags eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

20. gr.

Hver maður, útsvarsskyldur samkvæmt lögum þessum, skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fellur það óskipt til þess.

Þeir menn, sem um ræðir í 1. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuárinu.

Þeir menn, sem um ræðir í 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á tekjuárinu.

21. gr.

Stofn til álagningar útsvars skal vera hinn sami og tekjuskattsstofn, sbr. 1. og 3. tölul. 62. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði 62.–65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skulu gilda um ákvörðun útsvarsstofns eftir því sem við getur átt.

Lækki skattstjóri tekjuskattsstofn skv. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skal útsvarsstofn lækka um sömu fjárhæð.

22. gr.

Skattstjórar annast álagningu útsvars.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda um útsvar eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

23. gr.

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 9,2% og eigi lægra en 8,4% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skal vera 2% af tekjum umfram það lágmark sem tilgreint er í 2. mgr. 67. gr. sömu laga.

24. gr.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á næsta ári, sbr. 1. mgr. 23. gr. þessara laga, svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ákvörðun sveitarstjórnar skal tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 15. desember á sama ári.

Skil á staðgreiðslufé til sveitarfélagsins skulu vera sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið skv. 1. mgr.

Sá hundraðshluti, sem sveitarstjórn hefur ákveðið, skal notaður við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og vera endanlegt álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. þó 5. og 6. mgr.

Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var skv. 1. mgr. um allt að 10%. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.

Ef sveitarfélag kemst í fjárþröng er sveitarstjórn heimilt að leggja sérstakt álag á útsvör ársins, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

Tilkynning um breytingar á útsvari, sbr. 5. og 6. mgr., skal senda hlutaðeigandi skattstjóra eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

Endurprentað blað.

25. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að taka til greina umsókn manna um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars þegar svo stendur á sem segir í 1. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt telji hún ástæðu til að veita frekari lækkun en skattstjóri veitti við afgreiðslu á umsókn um lækkun útsvarsstofns. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað eða fellt niður álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga um almannatryggingar.

Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum hlutaðeigandi einstaklinga, svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra, innheimtuaðila og hlutaðeigandi einstaklings.

Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

26. gr.

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattumdæmi sínu þegar hann hefur lokið álagningu útsvara. Skrá þessa skal hann senda ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri gerir síðan innheimtuskrá og sendir hana til sveitarstjórnar og innheimtuaðila, sbr. nánar ákvæði VIII. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

27. gr.

Sveitarstjórn getur falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu útsvara. Réttindi og skyldur sem innheimtumenn sveitarsjóða hafa lögum samkvæmt, svo og allar heimildir sem þeim eru veittar til þess að framfylgja innheimtunni, skulu falla til þessara aðila.

Hver gjaldandi skal á tekjuárinu inna af hendi bráðabirgðagreiðslu upp í útsvar samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þeir gjaldendur, sem reynast skulda útsvar að lokinni álagningu opinberra gjalda, sbr. 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða það sem vangoldið er á sömu gjalddögum og eftirstöðvar tekjuskatts, sbr. 4. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði 1.–3. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um fyrirframgreiðslu tekjuskatts, skulu gilda um þann hluta útsvars sem stafar af öðrum tekjum en launatekjum.

Sé útsvar hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera skil á útsvari sínu á sama tíma og kveðið er á um skil á tekjuskatti, sbr. 7. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður með úrskurði eða dómi skal endurgreiðsla þegar fara fram.

28. gr.

Útsvör skulu greidd á tekjuári samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda eftir því sem við á. Greiðslur á tekjuári eru til bráðabirgða en endanleg álagning fer fram eftir á og getur því komið til endurgreiðslu eða viðbótarkröfu frá sveitarstjórn.

Fjármálaráðuneytið sér um endurgreiðslu fyrir hönd sveitarfélaga í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, en gjaldendur skulu greiða viðbótarkröfu frá sveitarstjórn í samræmi við ákvæði 3.–7. mgr. 27. gr. Ákvæði 2. mgr. 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um verðbætur, skulu eiga við um endurgreiðslur og viðbótarkröfur þær sem hér um ræðir.

Um innheimtu, dráttarvexti og innheimtuúrræði gilda ákvæði þessara laga eftir því sem við getur átt, sbr. og 2. mgr. 37. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Allir þeir, sem greiða laun, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, eru skyldir, að kröfu innheimtumanns, að halda eftir af kaupi launamanns til lúkningar útsvari þeirra aðila sem launagreiðendur bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum þessara laga. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á útsvari og gjöldum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi því fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 32. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til innheimtuaðila.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

29. gr.

Gjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til launagreiðanda, getur krafið hlutaðeigandi sveitarstjórn um það sem ofgreitt kann að vera og skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.

Sveitarstjórn getur ekki krafið gjaldanda um útsvar er launagreiðandi hefur haldið eftir af launum gjaldandans þó að launagreiðandinn hafi ekki staðið skil á fénu til sveitarstjórnar.

30. gr.

Um ábyrgð á greiðslu útsvars gilda ákvæði 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

31. gr.

Sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, hafa sama rétt og gjaldendur til að kæra útsvarsálagningu til skattstjóra og áfrýja úrskurðum til ríkisskattanefndar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

32. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarstjórn dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr. og 3. og 5. mgr. 27. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 27. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Um dráttarvexti gilda ákvæði III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987.

Nú verður ljóst þegar álagningu sveitarsjóðsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra að gjaldandi hefur greitt meira en endanlegu álögðu gjaldi nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu sveitarstjórnar. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma.

33. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki.

34. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á útsvörum þeirra erlendra og íslenskra aðila sem eftir gildandi útsvarslögum ríkjanna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur skv. 1. mgr. og einstaklingur, sem útsvarsskyldur er hér á landi skv. 19. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki útsvar af tekjum sínum sem útsvarsskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn hlutaðeigandi einstaklings eða ábendingu skattstjóra, að lækka útsvar hans hér á landi með hliðsjón af þessum útsvarsgreiðslum hans.

35. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sérstakan fasteignaskatt, sem nema skal 1,25% að hámarki af álagningarstofni, er heimilt að leggja á fasteignir sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða. Skattskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Skattskyldan nær til sömu aðila og samkvæmt fyrri lögum um sama efni. Álagningarstofn skal vera fasteignamatsverð í árslok áður en álagning fer fram. Ef fasteignamat er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð. Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til skatts samkvæmt þessu ákvæði skal miða við raunverulega notkun fasteignar í árslok áður en álagning fer fram. Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega. Skattur samkvæmt ákvæði þessu rennur óskiptur til sveitarsjóðs. Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu skattsins en getur falið sérstökum innheimtuaðila innheimtuna.

Eigendur fasteigna skulu senda því sveitarfélagi, sem eign er í, skrá yfir eignir sem falla undir ákvæði þetta ásamt upplýsingum um síðasta heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem einnig eru notaðar til annars en verslunarreksturs og skrifstofuhalds. Sveitarstjórn auglýsir frest eigenda til að skila upplýsingum þeim er að framan greinir. Vanræki húseigandi að senda skrá yfir eignir sem ákvæði þetta tekur til er sveitarstjórn heimilt að nota aðrar upplýsingar til viðmiðunar við álagningu þar til húseigandi bætir úr. Skattyfirvöld skulu veita sveitarstjórnum þær upplýsingar sem þörf er á í sambandi við framkvæmd ákvæðis þessa, þar á meðal skal heimila sveitarstjórnum aðgang að skrám yfir aðila sem skattlagðir voru á grundvelli V. kafla laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.

Ákvæði II. kafla laga þessara sem taka til fasteignaskatts skulu jafnframt gilda um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði samkvæmt þessu ákvæði eftir því sem við getur átt.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvæðis þessa.

Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa unnið að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að þessi sérstaki viðbótarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga.

Gjört í Reykjavík, 30. janúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Rannveig Guðmundsdóttir.

Nr. 5 7. febrúar 1995

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda miðvikudaginn 8. febrúar nk. Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 7. febrúar 1995.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 1995

13. febrúar 1995 55 Nr. 6

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 13. febrúar 1995.

F. h. r.
Ólafur Davíðsson.

25. febrúar 1995 Nr. 7

FORSETABRÉF

um þingrof og almennar kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Þar eð Alþingi, er nú situr, 118. löggjafarþing, hefur samþykkt tvö frumvörp til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, ber samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi nú þegar og stofna til almennra kosninga að nýju, og samkvæmt 122. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, að ákveða kjördag.

Samkvæmt þessu veiti ég forsætisráðherra hér með umboð til þess í mínu nafni að rjúfa Alþingi og boða til nýrra kosninga, sem ákveðst að fram skuli fara laugardaginn 8. apríl 1995.

Gjört í Hafnarfirði, 25. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 118. löggjafarþings, frá 25. febrúar 1995.

Gjört í Hafnarfirði, 25. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

Stjórnartíðindi A 5, nr. 6–8. Útgáfudagur 27. febrúar 1995.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 1995

27. febrúar 1995 57 Nr. 9

LÖG

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað „8 þingsætum" í upphafi b-liðar fyrri málsgreinar kemur: 9 þingsætum.
b. 1. tölul. b-liðar fyrri málsgreinar orðast svo: Í hverju kjördæmi skal deila tölu kjósenda á kjörskrá í næstu almennu alþingiskosningum á undan með tölunum 10, 13, 16, 19 o.s.frv. eins oft og þörf krefur. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert kjördæmi.
c. C-liður fyrri málsgreinar fellur brott.

3. gr.

Í stað „Sameinað Alþingi" í 8. gr. laganna kemur: Alþingi.

4. gr.

Í stað „sameinuðu Alþingi" í 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Alþingi.

5. gr.

B-liður 1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: hreppstjórar.

6. gr.

Í stað „sjö" í 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: þremur.

7. gr.

18. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna.

a. Í stað „24 dögum" í 1. mgr. kemur: tíu dögum.
b. Í stað „Áður en kjörskrá er lögð fram skal" í upphafi 2. mgr. kemur: Nú er kjörskrá ekki lögð fram á skrifstofu sveitarstjórnar og skal þá.

Gutenberg

9. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðuneytið skal eigi síðar en 12 dögum fyrir kjördag birta í útvarpi og dagblöðum auglýsingu um framlagningu kjörskráa. Í auglýsingunni skal tekið fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

10. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni, ef við á. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag. Óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá svo sem segir í 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. eða ef umsókn þess sem fellur undir 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. um að vera tekinn á kjörskrá hefur ekki borist Hagstofu Íslands skv. 2. mgr. 15. gr.

Sveitarstjórn skal enn fremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt ríkisfang.

11. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi um leiðréttingar á kjörskrá skv. 21. gr., svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.

Sveitarstjórn skal jafnframt tilkynna hlutaðeigandi kjörstjórn um leiðréttingar á kjörskrá, svo og oddvita yfirkjörstjórnar.

12. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi jafnlengi og segir í 19. gr. og skal þá kveða á um það efni í auglýsingu ráðherra um kosningarnar.

Ráðherra er og heimilt að kveða nánar á um þetta, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera, ef gera þarf ráðstafanir út af vanrækslu sveitarstjórnar um samningu kjörskrár, sbr. 17. gr.

13. gr.

24. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

Í stað „þann dag þegar tvær vikur eru til kjördags“ í 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: 15 dögum fyrir kjördag.

15. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnum og hún hefur afgreitt listana á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð, stöðu þeirra og heimili. Jafnframt skal landskjörstjórn birta í útvarpi auglýsingu, og skal þar tilgreina bókstaf hvers lista og fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram. Auglýsingar þessar skal birta eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

16. gr.

Sveitarstjórn og jarðanefnd er heimilt að binda samþykki sitt samkvæmt þessari grein því skilyrði að sá sem öðlast réttindi yfir fasteign hafi í allt að tveimur árum fasta búsetu á eigninni eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni til að nýta hana. Með sama hætti er heimilt að binda samþykki skilyrðum um að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við þau áform sem lýst er í beiðni um samþykki. Slíkum skilyrðum skal þinglýst sem kvöð á eignina.

Nú fullnægir aðili ekki þeim skilyrðum sem sett hafa verið skv. 6. mgr. og getur sveitarstjórn þá með samþykki ráðherra sett honum frest til að fullnægja skilyrðunum eða afsala fasteigninni til aðila sem fullnægir skilyrðunum. Hafi skilyrðunum ekki verið fullnægt innan þess frests getur sveitarstjórn að fengnu samþykki jarðanefndar og ráðherra leyst eignina til sín. Náist ekki samkomulag um verð skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

4. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að reisa sumarbústað á landi sem lögin taka til skv. 3. gr. og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. nema jarðanefnd samþykki. Ekki er skylt að afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. vegna lóða fyrir sumarbústaði.

Sumarbústaður samkvæmt lögum þessum er bygging sem reist er til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs. Ákvæði greinar þessarar taka einnig til veiðihúsa.

5. gr.

11. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ef það er ætlun þess sem fá þarf samþykki til að öðlast réttindi yfir fasteign skv. 6. gr. að nýta hana til landbúnaðar skal samþykki ekki veitt nema viðkomandi hafi starfað við landbúnað í tvö ár hér á landi. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sveitarstjórnar og jarðanefndar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvaða starfsemi telst til landbúnaðar skv. 1. mgr., til hvaða fasteigna ákvæðið tekur og hvaða aðili/aðilar þurfa að uppfylla skilyrði 1. mgr. þegar félög og aðrir lögaðilar eða einstaklingar fleiri saman öðlast réttindi yfir fasteign.

6. gr.

Aftan við 1. mgr. 12. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Með notkun til landbúnaðar í merkingu þessa ákvæðis er einnig átt við land sem nýtanlegt var til landbúnaðar við gildistöku laga nr. 65/1976, þar með taldar eyðijarðir og einstakar landspildur ef því hafði ekki með staðfestu skipulagi eða heimild í öðrum lögum verið ráðstafað til annarra nota.

7. gr.

17. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ákvörðunum sveitarstjórna eða jarðanefnda samkvæmt lögum þessum er heimilt að skjóta innan eins mánaðar til landbúnaðarráðuneytisins og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan sex vikna frá því er kæra barst.

8. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Sveitarstjórn, sem á forkaupsrétt skv. 1. mgr., er heimilt að framselja rétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins, enda sé það gert innan 30 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst sveitarstjórn. Sveitarstjórn skal þegar senda tilkynningu um slíka ákvörðun til landbúnaðarráðherra f.h. Jarðasjóðs ríkisins og kaupanda og seljanda þeirrar eignar sem forkaupsrétturinn tekur til. Jarðasjóður hefur þá 60 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst sveitarstjórn til að svara forkaupsréttartilboði skriflega. Hafi Jarðasjóður ekki svarað innan þess tíma hefur hann í það sinn glatað rétti sínum til að kaupa eignina. Að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla um forkaupsrétt Jarðasjóðs ríkisins.

9. gr.

Í stað orðanna „innan fjögurra vikna“ í 3. málsl. 32. gr. laganna kemur: innan 30 daga.

10. gr.

Við 1. mgr. 35. gr. laganna bætist nýr töluliður, 3. tölul., svohljóðandi:

3. Þegar ráðstafað er eignum sem falla undir 6. og 7. tölul. 6. gr.

11. gr.

Við 3. mgr. 37. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Þá er heimilt að veita ábúanda jarðar í ríkiseign leyfi til að taka lán hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins til búvélakaupa

með veði í jörðinni, að því marki að heildarskuldir ábúanda með veði í jörðinni nemi ekki hærri fjárhæð en svarar til eignarhluta hans í fasteignum á jörðinni að mati jarðadeildar.

12. gr.

Niður fellur 2. tölul. 1. mgr. 38. gr. laganna og 3. tölul. verður 2. tölul. og 4. tölul. verður 3. tölul.

13. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Með sama hætti er eiganda ættaróðals heimilt að stofna til félagsbús með erfingja sem ákveðið hefur verið að erfi óðalið, enda séu uppfyllt skilyrði 25.–28. gr.

14. gr.

61. gr. laganna verður svohljóðandi:

Óðalsbóndi getur með leyfi landbúnaðarráðherra fengið óðalið leyst frá óðalsákvæðum, enda mæli jarðanefnd með því og þeir ættingjar, sem rétt hafa til óðalsins, hafa lýst því yfir skriflega að þeir óski ekki eftir að taka við því til ábúðar. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda er hann kýs, enda hafi þeir sem forkaupsrétt eiga að lögum hafnað honum.

II. KAFLI
Lög nr. 34/1992, um Jarðasjóð.

15. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Jarðasjóði er jafnframt heimilt að kaupa eignir þegar sveitarstjórn hefur framselt sjóðnum forkaupsrétt sinn skv. 3. mgr. 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. og 3. gr. gilda ekki um kaup sjóðsins á slíkum eignum.

III. KAFLI
Gildistaka.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Endurgreiðsla oftekins fjár.
1. gr.

Stjórnvöld, sem innheimta skatta eða gjöld, skulu endurgreiða það fé sem ofgreitt reynist lögum samkvæmt ásamt vöxtum skv. 2. gr.

Stjórnvöld skulu hafa frumkvæði að slíkum endurgreiðslum þegar þeim verður ljóst að ofgreitt hefur verið.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg.

Vextir.
2. gr.

Við endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda skv. 1. gr. skal greiða gjaldanda vexti, sem skulu vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma, af því fé sem oftekið var frá þeim tíma er greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal greiða dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, með síðari breytingum, frá þeim tíma er gjaldandi sannanlega lagði fram kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra skatta eða gjalda.

Vextir skv. 1. mgr. skulu þó ekki greiddir ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að fé var oftekið. Það sama gildir um greiðslu dráttarvaxta skv. 2. mgr. ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg.

Gjöld sem greidd eru fyrir fram eða samkvæmt áætlun.
3. gr.

Þegar gjöld fyrir opinbera þjónustu, sem látin er í té samfellt eða reglubundið, eru greidd fyrir fram eða samkvæmt áætlun og í ljós kemur eftir uppgjör að ofgreitt hefur verið fyrir ákveðið gjaldatímabil er ekki skylt að endurgreiða það sem oftekið var þrátt fyrir ákvæði 1. gr. Þetta gildir þó ekki ef fjárhæð sú sem oftekin var er óvenjuhá miðað við fjárhæð gjaldanna.

Greiða skal gjaldanda vexti á þá fjárhæð sem oftekin hefur verið við innheimtu slíkra gjalda. Skulu vextirnir vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma nema lög mæli fyrir á annan veg.

Fjárhæðin ásamt vöxtum skal koma til frádráttar skuld fyrir næsta gjaldatímabil.

Fyrning.
4. gr.

Krafa um endurgreiðslu samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi fyrir fyrningu þegar fjögur ár eru liðin frá því að greiðsla átti sér stað. Þegar krafa um endurgreiðslu fyrnist fyrnast jafnframt allir áfallnir vextir.

Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og taka til ofgreiðslu á sköttum og gjöldum sem á sér stað eftir það tímamark.

Gjört í Reykjavík, 6. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 30 6. mars 1995

LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Reki vinnuveitandi hópferðabifreið til að flytja starfsmenn sína til og frá vinnu teljast hlunnindi starfsmanna af slíkum ferðum þó ekki til skattskyldra tekna.

2. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: Iðgjöld launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 4% af heildarlaunum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Við 4. tölul. bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:
   Sannanlega tapað hlutafé í félögum sem orðið hafa gjaldþrota. Sama gildir um hlutafé sem tapast hefur vegna þess að það hefur verið fært niður í kjölfar nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 21/1991.
b. Við greinina bætist nýr töluliður er orðast svo: Iðgjöld manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 4% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr.

4. gr.

Upphaf C-liðar 69. gr. orðast svo:

Maður sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

5. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1995 vegna tekna á árinu 1994.

Ákvæði 2. gr. og b-liðar 3. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 1997 og taka til iðgjalda sem greidd hafa verið vegna launatímabila frá og með þeim tíma.

Ákvæði a-liðar 3. gr. kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1996 vegna tekna og gjalda á árinu 1995 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði 4. gr. kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1995.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

6. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

I.

a. Vegna launatímabila frá 1. apríl 1995 til og með 31. desember 1995 er heimilt að draga frá tekjum manna skv. II. kafla laganna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, 50% iðgjalda launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 2% af heildarlaunum. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1996.

b. Vegna launatímabila frá 1. janúar 1996 til og með 30. júní 1996 er heimilt að draga frá tekjum manna skv. II. kafla laganna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, 50% iðgjalda launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 2% af heildarlaunum. Vegna launatímabila frá 1. júlí 1996 til og með 31. desember 1996 skal frádrátturinn vera 75% af iðgjaldi launþega að hámarki 3% af heildarlaunum. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1997.

c. Vegna launatímabila frá 1. janúar 1997 til og með 30. júní 1997 er heimilt að draga frá tekjum manna skv. II. kafla laganna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, 75% iðgjalda launþega sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 3% af heildarlaunum. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1998.

II.

a. Vegna launatímabila frá 1. apríl 1995 til og með 31. desember 1995 er heimilt að draga frá tekjum manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi greidd iðgjöld til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, að hámarki 2% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1996.

b. Vegna launatímabila frá og með 1. janúar 1996 til og með 30. júní 1996 skal hámarkið vera 2% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr., en 3% vegna launatímabila frá 1. júlí 1996 til og með 31. desember 1996. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1997.

c. Vegna launatímabila frá 1. janúar 1997 til og með 30. júní 1997 skal hámarkið vera 3% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1998.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað orðanna og „2. og 3. tölul.“ í 1. málsl. A-liðar 2. gr. laganna kemur: 2.–5. tölul.

8. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. júlí 1997 vegna launatímabila frá og með þeim tíma.

9. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda á tímabilinu 1. apríl 1995 til og með 30. júní 1997 skal taka tillit til frádráttar samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, vegna greiddra iðgjalda til lífeyrissjóða.

Gjört í Reykjavík, 6. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Endurprentað blað.

LÖG

um breytingar á lögum er varða rétt til endurgreiðslu og vaxta af ofteknum sköttum og gjöldum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Endurgreiðsla skv. 1. eða 2. mgr. skal taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er á miðju því tímabili þegar staðgreiðslan var innt af hendi og lánskjaravísitölu sem í gildi er þegar endurgreiðslan fer fram.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skulu vextir þessir vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma.
b. Í stað orðsins „inneignarvextir" í 3. málsl. 2. mgr. kemur: vextir.
c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Sé kæra til meðferðar hjá yfirskattanefnd og nefndin leggur ekki úrskurð á kæru innan lögboðins frests skv. 1. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 30/1992 skal greiða skattaðila dráttarvexti af fjárhæð sem yfirskattanefnd úrskurðar að skuli endurgreiða, eða dæmd er síðar, frá þeim tíma þegar frestur nefndarinnar til að kveða upp úrskurð leið.

Ætíð má krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til endurgreiðslu skatta samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ef umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra berst ekki fyrir lok frests skv. 3. mgr. 6. gr. skal þriggja mánaða fresturinn reiknast frá lokum þess frests.
b. 2. mgr. orðast svo:

Nú hefur yfirskattanefnd ákveðið sérstakan málflutning skv. 2. mgr. 7. gr. og skal frestur skv. 1. mgr. þá vera sex mánuðir og skal nefndin senda aðilum máls tilkynningu um þá ákvörðun sína.

IV. KAFLI
Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og taka til ofgreiðslu sem á sér stað eftir það tímamark.

Gjört í Reykjavík, 6. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 32 6. mars 1995

LÖG

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 2. gr. laganna, sbr. 43. gr. laga nr. 111/1992, 34. gr. laga nr. 122/1993 og 1. gr. laga nr. 74/1994:

a. Í stað hlutfallstölunnar „3%“ í 1. mgr. komi: 3,05%.
b. 2. mgr. orðast svo:
Í sérstökum gjaldflokki skulu vera fiskveiðar, iðnaður, landbúnaður, hugbúnaðariðnaður, kvikmyndaiðnaður, gisting, veitingarekstur og útleiga bifreiða, sbr. upptalningu atvinnugreinanúmera í viðauka I við lög þessi.

2. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 122/1993, orðast svo:

Vegna tryggingagjalds á reiknað endurgjald manns sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, maka hans og barna skal stofn gjaldsins vera sú fjárhæð sem greinir í 3. mgr. 6. gr. Er ekki skylt að gera sérstaka grein fyrir fjárhæðinni á launaframtali. Skipta skal gjaldstofni ársins jafnt á öll geiðslutímabil þess nema önnur skipting komi greinilega fram í skattgögnum gjaldanda.

3. gr.

Við lögin bætist svofelldur Viðauki I sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Viðauki I.

Í sérstökum gjaldflokki tryggingagjalds skulu vera eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands:

01.1	Jarðyrkja og garðyrkja.
01.2	Búfjárrækt.
01.3	Blandaður búskapur jarðyrkju og búfjárræktar.
01.5	Dýraveiðar og tengd þjónusta.
02	Skógrækt, skógarhögg og tengd þjónusta.
05.01	Fiskveiðar.

05.02 Rekstur seiða-, fiskeldis- og hafbeitarstöðva.
10 Kolanám og móvinnsla.
11 Vinnsla á hráolíu, jarðgasi o.fl.
12 Nám á úran- og þórínmálmgrýti.
13 Málmnám og málmvinnsla.
14 Námugröftur og vinnsla annarra hráefna úr jörðu.
15 Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður.
16 Tóbaksiðnaður.
17 Textíliðnaður.
18 Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna.
19 Leðuriðnaður.
20 Trjáiðnaður.
21 Pappírsiðnaður.
22 Útgáfustarfsemi og prentiðnaður.
23 Framleiðsla á koxi, olíuvörum og kjarnorkueldsneyti.
24 Efnaiðnaður.
25 Gúmmí- og plastvöruframleiðsla.
26 Gler-, leir- og steinefnaiðnaður.
27 Framleiðsla málma.
28 Málmsmíði og viðgerðir.
29 Vélsmíði og vélaviðgerðir.
30 Framleiðsla á skrifstofuvélum og tölvum.
31 Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og -tækja.
32 Framleiðsla fjarskiptabúnaðar og -tækja.
33 Framleiðsla á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl.
34 Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla.
35 Framleiðsla annarra farartækja.
36 Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og annar ótalinn iðnaður.
37 Endurvinnsla.
52.7 Viðgerðir á hlutum til einkanota og heimilisnota.
55.1 Hótel.
55.2 Orlofshús, bændagisting, tjaldstæði og önnur aðstaða til stuttrar dvalar.
55.3 Veitingahúsarekstur.
55.52 Sala á tilbúnum mat.
71.1 Bílaleiga.
72.2 Hugbúnaðargerð. Ráðgjöf og sala á hugbúnaði fellur ekki hér undir.
92.11 Framleiðsla kvikmynda og myndbanda.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1995 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds frá þeim tíma og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1996 á gjaldstofn ársins 1995. Þó skal 2. gr. gilda um skil launaframtala frá og með árinu 1995.

Gjört í Reykjavík, 6. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að fullnægja þeim skuldbindingum sem leiðir af ákvæðum 6. kafla III. hluta samnings um Evrópskt efnahagssvæði um flutningastarfsemi og XIII. viðauka við samninginn og eigi verður skipað í önnur lög.

2. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga á grundvelli 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

Nr. 34 7. mars 1995

LÖG

um vörugjald af olíu.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Gjaldskylda og upphæð gjalds.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af gas- og dísilolíu sem flokkast í tollskrárnúmer 2710.0060 og nothæf er sem eldsneyti á ökutæki. Í lögum þessum er vörugjald á olíu nefnt olíugjald.

Gjaldskylda skv. 1. mgr. nær einnig til olíu í öðrum tollskrárnúmerum sem blönduð hefur verið gjaldskyldri olíu.

Fjárhæð olíugjalds skal vera 38,50 kr. á hvern lítra af olíu.

Heimilt er að breyta fjárhæð í 3. mgr. í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 42/1987. Grunnfjárhæð er miðuð við vísitölu 1. desember 1994, 199,1 stig.

2. gr.

Olíugjald af innfluttri olíu skal greitt við tollafgreiðslu. Olíugjald af innlendri framleiðslu eða aðvinnslu skal greitt við afhendingu olíu frá framleiðanda eða vinnsluaðila.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hafa skattskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., heimild til að flytja inn olíu og fá afhenta olíu frá öðrum gjaldskyldum aðila án greiðslu olíugjalds.

Gjaldskyldir aðilar.

3. gr.

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum eru:

1. Þeir sem framleiða eða stunda aðvinnslu olíu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.
2. Þeir sem flytja inn til endursölu, eða kaupa til eigin nota, olíu sem er gjaldskyld skv. 1. gr. enda hafi þeir yfir að ráða birgðageymslum sem samanlagt rúma yfir 1.000 rúmmetra af gjaldskyldri olíu.

Gjaldskyldir aðilar skv. 1. mgr. skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til þess skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu til skattstjóra áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningunni skal tilgreina nafn, heimili og kennitölu rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu eða innflutning sé um að ræða. Enn fremur skulu þeir sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. greina frá birgðageymslum, þar með talið sölustöðum, staðsetningu þeirra og stærð.

Skattstjóri rannsakar tilkynningar aðila og getur hafnað skráningu ef skilyrðum þessarar greinar eða annarra ákvæða laga þessara er ekki fullnægt.

Skattstjóri skal halda skrá yfir þá sem eru gjaldskyldir samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Undanþágur og endurgreiðslur.

4. gr.

Olía, sem seld er til nota fyrir skip og báta í atvinnurekstri, er undanþegin olíugjaldi þegar gjaldskyldur aðili afhendir olíu beint í eldsneytisgeymi skips eða báts.

Ráðherra getur ákveðið að olía til gjaldfrjálsra nota, önnur en sú sem afhent er skv. 1. mgr., skuli vera undanþegin olíugjaldi við sölu eða afhendingu til notenda enda fari olían ekki til gjaldskyldra nota.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt þessari grein, þar á meðal reglur um gerð og búnað eldsneytisgeyma.

5. gr.

Skattskyldir aðilar, samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, fá olíugjald, sem þeir hafa staðið skil á, endurgreitt af olíu í sama mæli og heimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af olíunni, sbr. þó ákvæði 4. mgr.

Uppgjör endurgreiðslu skv. 1. mgr. fer fram um leið og uppgjör virðisaukaskatts og skulu ákvæði um innskatt í lögum nr. 50/1988 gilda eftir því sem við á. Aðilar, sem óska eftir endurgreiðslu olíugjalds á uppgjörstímabilinu, skulu skila skýrslu um fjárhæð endurgreiðslu og aðrar upplýsingar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Endurgreiðslufjárhæð skal byggja á sölureikningum og bókhaldi skv. 8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. getur ráðherra ákveðið í reglugerð að endurgreiðsla olíugjalds til aðila í búrekstri verði samkvæmt stöðluðum reglum. Jafnframt er ráðherra heimilt

að víkja frá ákvæðum 8. gr. um skrá yfir olíunotkun aðila ef ákvæðum þessarar málsgreinar er beitt.

Olíugjald af olíu til notkunar á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar, er ekki endurgreitt, sbr. þó 1. tölul. 1. mgr. 6. gr.

6. gr.

Ráðherra er í reglugerð heimilt að kveða á um endurgreiðslu olíugjalds, ásamt endurgreiðslu virðisaukaskatts af olíugjaldinu, af olíu til eftirfarandi nota:

1. olíu sem sérleyfishafar og þeir sem reka almenningsvagna nota við rekstur hópferðabifreiða; reglur um endurgreiðslu samkvæmt þessum tölulið skulu settar í samráði við samgönguráðherra,
2. olíu sem notuð er til húshitunar og olíugjald er ekki endurgreitt af skv. 5. gr.; reglur um endurgreiðslur samkvæmt þessum tölulið skulu settar í samráði við iðnaðarráðherra og skulu taka mið af raunverulegri olíunotkun, af stærð húsnæðis eða áætlaðri meðalnotkun olíu,
3. olíu sem notuð er til hitunar almenningssundlauga,
4. olíu til nota á skip og báta sem ekki eru undanþegin olíugjaldi skv. 4. gr. eða endurgreitt olíugjald af skv. 5. gr.

Bókhald.

7. gr.

Gjaldskyldir aðilar, sem stunda framleiðslu eða aðvinnslu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu aðgreina í bókhaldi sínu kaup á olíu sem notuð er til framleiðslu eða aðvinnslu gjaldskyldrar olíu, olíu til annarrar framleiðslu og olíu sem afhent er öðrum. Jafnframt skulu þeir halda bókhald yfir aðfengna gjaldskylda olíu, eigin notkun slíkrar olíu og afhendingu hennar.

Aðrir gjaldskyldir aðilar skulu halda bókhald yfir aðfengna gjaldskylda olíu, eigin notkun þeirrar olíu og sölu eða afhendingu.

Við sölu eða afhendingu olíu milli gjaldskyldra aðila eða til aðila sem um ræðir í 4., 5. eða 6. gr. skal gefa út sölureikning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. útgáfudagur,
2. útgáfustaður,
3. afhendingarstaður ef annar en útgáfustaður,
4. nafn og kennitala seljanda (birgðasala),
5. nafn og kennitala kaupanda (móttakanda),
6. magn, einingarverð og heildarverð gjaldskyldrar olíu.

Auk upplýsinga sem greinir í 3. mgr. skal á sölureikningi koma fram hvort olíugjald er lagt á og hver fjárhæð olíugjalds er. Um varðveislu sölureikninga gilda ákvæði bókhaldslaga.

8. gr.

Aðilar, sem fá afhenta olíu sem undanþegin er olíugjaldi skv. 4. gr. eða fá endurgreiðslu olíugjalds skv. 5. gr., sbr. þó ákvæði 3. mgr. 5. gr., skulu halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olíukaup og olíunotkun og annað sem máli skiptir varðandi sönnun á réttmæti undanþágu eða endurgreiðslu olíugjalds. Enn fremur er heimilt að skylda aðila til að gera grein fyrir notkun gjaldskyldrar olíu á ökutæki.

Vanræki aðili að færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. fellur niður réttur til endurgreiðslu eða undanþágu fyrir það tímabil sem bókhald er ekki fullnægjandi.

Uppgjör og innheimta.

9. gr.

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu greiða olíugjald fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu eða afhendingu og eigin notkun.

Ráðherra getur heimilað að aðilar, sem stunda sölu gjaldskyldrar olíu en falla ekki undir ákvæði 1. og 2. tölul. 3. gr., geti keypt olíu af gjaldskyldum aðila án greiðslu olíugjalds enda sé árleg sala meiri en 50 þús. lítrar. Sá sem fær heimild samkvæmt þessari grein skal uppfylla skilyrði um skráningu og viðurkenningu búnaðar skv. 3. gr. og skal standa skil á greiðslu olíugjalds samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

Gjaldskyldir aðilar, sem selja ekkert eða óverulegt magn olíu, skulu greiða olíugjald af því magni sem þeir fá afhent á uppgjörstímabilinu að viðbættri minnkun eða frádreginni aukningu birgða á tímabilinu miðað við birgðastöðu í lok næstliðins uppgjörstímabils. Enn fremur er þessum aðilum heimilt að draga frá þá olíu sem olíugjald fengist endurgreitt af samkvæmt ákvæðum 5. gr.

10. gr.

Frá gjaldskyldu magni skv. 9. gr. má draga:

1. olíu sem afhent er öðrum gjaldskyldum aðila, sbr. 2. mgr. 2. gr.,
2. olíu sem undanþegin er olíugjaldi skv. 4. gr.,
3. olíu sem flutt er úr landi.

11. gr.

Uppgjörstímabil olíugjalds er einn mánuður. Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Ráðherra er þó heimilt að ákveða annan gjalddaga í reglugerð. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi yfir á næsta virkan dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu gjaldskyldir aðilar ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu, olíugjaldsskýrslu, yfir magn gjaldskyldrar olíu á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu olíugjaldsins.

Skattstjóri skal rannsaka olíugjaldsskýrslur og leiðrétta þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett eru samkvæmt þeim. Þá skal skattstjóri áætla gjald af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

Sé olíugjaldsskýrsla ekki afhent innan tilskilins frests eða olíugjald ekki greitt skal skattstjóri enn fremur afturkalla skráningu aðila skv. 3. gr. þar til úr því hefur verið bætt.

12. gr.

Sé olíugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar gjaldi samkvæmt olíugjaldsskýrslu eða til viðbótar því gjaldi sem honum bar að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Sama gildir ef olíugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og olíugjald því áætlað.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærri en 10%.

Við útreikning álags á áætlað olíugjald telst gjalddagi sá sami og gjalddagi olíugjalds þess uppgjörstímabils sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á vangreitt olíugjald eldri tímabila.

13. gr.

Sé olíugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga og eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987.

Eftirlit, kæruheimildir, upplýsingaskylda og refsiábyrgð.

14. gr.

Skattstjóri getur hafnað endurgreiðslu eða frádrætti olíugjalds á virðisaukaskattsskýrslu séu skilyrði endurgreiðslu ekki fyrir hendi eða framlögð gögn ófullnægjandi eða röng. Hafni skattstjóri endurgreiðslu olíugjalds sem þegar hefur verið endurgreitt eða dregið frá greiðslu virðisaukaskatts skal aðili greiða olíugjaldið ásamt álagi skv. 2. mgr. 12. gr. og dráttarvöxtum frá þeim degi er greiðsla fór fram eða olíugjaldið var dregið frá greiðslu virðisaukaskatts.

Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um breytingar sem gerðar eru samkvæmt þessari málsgrein. Gjaldanda ber eigi síðar en sjö dögum eftir tilkynningu skattstjóra um of háa endurgreiðslu að greiða innheimtumanni það sem ofgreitt var.

15. gr.

Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra skv. 14. gr. eða öðrum ákvæðum þessara laga um atriði sem lúta að greiðslu olíugjalds, heimild til undanþágu eða endurgreiðslu geta kært ákvörðun hans innan 30 daga frá því að ákvörðun var tekin. Um kæru og málskot gilda að öðru leyti ákvæði 29. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

16. gr.

Aðilum, sem flytja inn, selja, afhenda, stunda framleiðslu eða aðvinnslu af einhverju tagi eða kaupa gjaldskylda olíu, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða viðskipti milli hans og annarra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um og varða gjaldskyldu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni.

Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.

17. gr.

Skýri aðili af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um skyldu sína til greiðslu eða rétt til endurgreiðslu olíugjalds eða undanþágu skal hann auk ógreidds gjalds greiða sekt sem nemi allt að tífaldri, og aldrei lægri en fjórfaldri, þeirri fjárhæð sem dregin var undan, vanrækt var að greiða eða ofgreidd var endurgreiðsla á.

Vanræki aðili að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn eins og ákveðið er í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skýrir rangt eða villandi frá einhverju sem varðar skyldu til greiðslu eða rétt til endurgreiðslu olíugjalds, þótt upplýsingarnar hafi hvorki haft áhrif á greiðslu hans né viðskiptamanna hans á olíugjaldi, eða brýtur á annan hátt gegn lögum þessum eða ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim skal hann sæta sektum, enda liggi ekki við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varða slík brot sektum nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, kærur og úrskurði um olíugjald, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, rannsókn, skuldajöfnun, stöðvun atvinnurekstar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi olíugjald skulu gilda ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Varðandi álagningu og innheimtu olíugjalds við tollafgreiðslu skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, að svo miklu leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum eða lögum nr. 50/1988.

19. gr.

Innheimtar tekjur af olíugjaldi samkvæmt lögum þessum renna til Vegagerðarinnar að frádregnu 1% sem rennur í ríkissjóð til að standa straum af framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m.a. um bókhald, uppgjör olíugjalds og greiðslufyrirkomulag.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um þungaskatt sem greiða á af notkun ökutækja til 1. janúar 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Í stað þess að öðru gjaldatímabili þungaskatts skv. B-lið 7. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, ljúki 10. febrúar 1996 skal því ljúka 31. desember 1995. Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal án sérstakrar tilkynningar láta lesa á og skrá stöðu ökumælis á tímabilinu frá 19. til 31. desember 1995.

Gjalddagi þungaskatts skv. 1. mgr. er 11. janúar 1996 og eindagi er 29. febrúar 1996.

II.

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu senda skattstjóra upplýsingar um birgðir gjaldskyldrar olíu í þeirra eigu 1. janúar 1996. Í þeim upplýsingum skal koma fram hve mikið af birgðum er í innlendum birgða- og sölustöðum. Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein skulu berast skattstjóra eigi síðar en 1. febrúar 1996.

Aðilar, sem ekki eru gjaldskyldir skv. 3. gr. og njóta ekki undanþágu skv. 1. mgr. 4. gr., skulu senda skattstjóra upplýsingar um birgðir sínar af gjaldskyldri olíu ef þær eru yfir

1.500 lítra 1. janúar 1996. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski skattstjóri slíkrar aðstoðar. Skattstjóri getur krafist upplýsinga frá innflytjendum og seljendum gas- og dísilolíu um sölu til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. janúar 1996. Þeir sem gjaldskyldir eru samkvæmt þessari málsgrein skulu skila olíugjaldi til innheimtumanns eigi síðar en 15. febrúar 1996.

III.

Fjármálaráðherra skal skipa sérstaka samráðsnefnd til að vera til ráðgjafar um undirbúning og framkvæmd laganna, þar með talið setningu reglugerðar. Enn fremur skal nefndin kanna þær forsendur sem liggja til grundvallar fjárhæð olíugjalds. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis, skattyfirvalda, Vegagerðarinnar, olíufélaganna og annarra hagsmunasamtaka.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 35 28. febrúar 1995

LÖG

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „11. gr." í 2. gr. laganna kemur: 10. gr.

2. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
6. Skíðalyftur.

3. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Orðin „og 6. gr." í 9. gr. laganna falla brott.

5. gr.

3. tölul. 10. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. tölul. verður svohljóðandi: Af munum sem vátryggðir eru skv. 1.–5. tölul. 2. mgr. 5. gr., 0,20‰.

b. 3. tölul. verður svohljóðandi: Af munum, sem vátryggðir eru skv. 6. tölul. 2. mgr. 5. gr., reiknast iðgjald eftir reglum sem stjórn stofnunarinnar setur.
c. Orðin „og 6. gr.“ í 4. mgr. falla brott.

7. gr.

Á eftir 1. málsl. 21. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur er stjórninni heimilt að veita styrki til fræðslu- og þjálfunarmála þeirra landssamtaka sem hafa samstarfssamning við Almannavarnir ríkisins um skipun hjálparliðs.

8. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árinu 1995 skal stjórn Viðlagatryggingar Íslands greiða Ísafjarðarkaupstað 90 milljónir króna í bætur vegna tjóns sem varð á skíðalyftum á Ísafirði í snjóflóðum veturinn 1994.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

28. febrúar 1995 Nr. 36

LÖG

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árunum 1995–99 skal innheimta 10% álag á iðgjöld skv. 10. gr. Tekjur af þessu álagi á iðgjöld skulu renna í ofanflóðasjóð, sbr. 10. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985. Um innheimtu þessa gjalds fer skv. 10. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, o.fl.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breytingar á lögum um bókhald, nr. 145/1994.

1. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, IV. kafli, **Viðurlög og málsmeðferð**, með sex nýjum greinum og breytist greinatala IV. kafla, sem verður V. kafli, samkvæmt því. Greinarnar orðast svo:

a. (36. gr.)

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara á þann hátt sem lýst er í 38.–40. gr. skal sæta fésektum, en brot gegn 37. gr. og önnur meiri háttar brot gegn 38. gr. varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum skv. 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga eða fésektum ef málsbætur eru miklar.

b. (37. gr.)

Svofelld háttsemi bókhaldsskylds manns eða fyrirsvarsmanns lögaðila telst ætíð meiri háttar brot gegn lögum:

1. Ef hann færir ekki tilskilið bókhald fyrir sjálfan sig eða lögaðila þannig að hann uppfylli ekki kröfur laga í meginatriðum.
2. Ef hann varðveitir ekki fylgiskjöl eða önnur bókhaldsgögn eða gerir það á svo ófullnægjandi hátt að ógerningur sé að rekja bókhaldsfærslur til viðskipta og byggja bókhaldsbækur og ársreikning á þeim.
3. Ef hann rangfærir bókhald eða bókhaldsgögn, býr til gögn sem ekki eiga sér stoð í viðskiptum við aðra aðila, vantelur tekjur kerfisbundið eða hagar bókhaldi með öðrum hætti þannig að gefi ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.
4. Ef hann eyðileggur bókhald sitt eða lögaðila, í heild eða einstakar bókhaldsbækur, skýtur þeim undan eða torveldar aðgang að þeim með öðrum hætti. Sama á við um hvers konar bókhaldsgögn sem færslur í bókhaldi verða raktar til.
5. Ef hann lætur undir höfuð leggjast að semja ársreikning í samræmi við niðurstöður bókhalds, eða ársreikningur hefur ekki að geyma nauðsynlega reikninga og skýringar eða er rangfærður að öllu leyti eða hluta, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.

Sama á við ef maður aðstoðar bókhaldsskyldan mann eða fyrirsvarsmann lögaðila við þau brot sem lýst er í 1.–5. tölul. eða stuðlar að þeim á annan hátt.

c. (38. gr.)

Bókhaldsskyldur maður eða fyrirsvarsmaður lögaðila gerist sekur um refsivert brot gegn lögum þessum með afhöfnum þeim eða athafnaleysi sem hér segir:

1. Ef hann vanrækir að færa einstakar bókhaldsbækur eða hagar bókhaldi sínu, bókhaldsfærslum, meðferð bókhaldsgagna eða gerð ársreikninga andstætt ákvæðum laga og reglugerða, enda liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt þeim lögum eða öðrum.

2. Ef hann hagar ekki bókhaldi sínu á nægilega skýran, öruggan og aðgengilegan hátt, á grundvelli fullnægjandi gagna og í samræmi við góða bókhaldsvenju eða tekjuskráning er ekki byggð á skýru og öruggu kerfi þannig að rekja megi tekjur og önnur viðskipti og notkun fjármuna.
3. Ef hann vanrækir að tryggja vörslur bókhalds, bókhaldsgagna eða ársreiknings eða hefur skipulag og uppbyggingu bókhaldsins og fylgiskjala þess ekki með öruggum hætti.
4. Ef hann skráir ekki viðskipti samkvæmt góðri bókhaldsvenju, framkvæmir ekki færslur í númera- og tímaröð og með tilskildum reikningseinkennum.
5. Ef hann hagar ekki gerð ársreiknings eða einstakra þátta hans þannig að hann gefi skýra mynd af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess í samræmi við góða reikningsskilavenju.
6. Ef hann vanrækir að framkvæma vörutalningu, ekki koma fram í birgðaskrá tilskildar upplýsingar um magn, einingaverð og útreiknað verðmæti hverrar vörutegundar eða mat vörubirgða er verulega rangt.

Sama á við ef maður aðstoðar bókhaldsskyldan mann eða fyrirsvarsmann lögaðila við brot þau sem lýst er í 1.–6. tölul. eða stuðlar að þeim á annan hátt.

d. (39. gr.)

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum, önnur en sú sem lýst er í 37. og 38. gr. laga þessara, er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

e. (40. gr.)

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot gegn lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk þeirrar refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

f. (41. gr.)

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunauts, ef hann vill eigi hlíta því að málið verði fengið yfirskattanefnd til úrlausnar.

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir vegna brota á lögum þessum, nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins leggur mál fyrir yfirskattanefnd og kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir yfirskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum hennar.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

Sakir samkvæmt lögum þessum fyrnast á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra, gegn manni sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

2. gr.

37. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994.

3. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, X. kafli, **Viðurlög og málsmeðferð**, með sjö nýjum greinum og breytist greinatala X. kafla, sem verður XI. kafli, samkvæmt því. Greinarnar orðast svo:

a. (82. gr.)

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara á þann hátt sem lýst er í 84.–87. gr. skal sæta fésektum, en brot gegn 83. gr. og önnur meiri háttar brot gegn 84. og 85. gr. varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum skv. 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga eða fésektum ef málsbætur eru miklar.

b. (83. gr.)

Svofelld háttsemi stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félaga skv. 1. gr. telst ætíð meiri háttar brot gegn þeim:

1. Ef þeir láta undir höfuð leggjast að semja ársreikning eða samstæðureikning er hafi að geyma þá reikninga, yfirlit og skýringar sem lög þessi kveða á um.
2. Ef þeir rangfæra ársreikning, samstæðureikning eða einstaka hluta þeirra, byggja ekki samningu þeirra á niðurstöðu bókhalds eða láta rangar eða villandi skýringar fylgja, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.

Sama á við ef maður aðstoðar stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra félaga við þau brot sem lýst er í þessari grein eða stuðlar að þeim á annan hátt.

c. (84. gr.)

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri félags skv. 1. gr. gerast sekir um refsivert brot gegn lögum þessum með athöfnum þeim eða athafnaleysi því sem hér greinir:

1. Ef þeir haga gerð ársreiknings eða samstæðureiknings andstætt lögum þessum þannig að reikningsskilin gefi ekki glögga mynd í samræmi við góða reikningsskilavenju af rekstrarafkomu á reikningsárinu, eignabreytingu á árinu og efnahag í lok þess eða þeir brjóta í bága við fyrirmæli í VII. og VIII. kafla laga þessara, enda liggi ekki við broti þessu þyngri refsing samkvæmt þeim lögum eða öðrum.
2. Ef þeir í skýrslu stjórnar greina ranglega frá eða leyna mikilsverðum upplýsingum sem þýðingu hafa um mat á fjárhagslegri stöðu félagsins eða félagasamstæðunnar og á afkomu þeirra á reikningsárinu.

Sama á við ef maður aðstoðar stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra félaga við þau brot sem lýst er í þessari grein eða stuðlar að þeim á annan hátt.

d. (85. gr.)

Endurskoðendur eða skoðunarmenn gerast sekir um refsiverð brot gegn lögum þessum með athöfnum eða athafnaleysi því sem hér greinir:

1. Ef þeir taka að sér að framkvæma endurskoðun án þess að uppfylla hæfisskilyrði laganna.
2. Ef þeir haga störfum sínum andstætt ákvæðum laga þessara eða í ósamræmi við góða endurskoðunarvenju.
3. Ef þeir með áritun sinni gefa rangar eða villandi upplýsingar eða láta hjá líða að geta um mikilsverð atriði er snerta rekstrarafkomu eða efnahag félagsins.

e. (86. gr.)

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum, önnur en sú sem lýst er í 83. og 84. gr. laga þessara, er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

f. (87. gr.)

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot gegn lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk þeirrar refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

g. (88. gr.)

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunautar ef hann vill ekki hlíta því að málið verði fengið yfirskattanefnd til úrlausnar.

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir vegna brota á lögum þessum, nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins leggur mál fyrir yfirskattanefnd og kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir yfirskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum hennar.

Sektir fyrir brot á lögum þessum renna í ríkissjóð.

Sakir samkvæmt lögum þessum fyrnast á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra, gegn manni sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

4. gr.

83. gr. laganna fellur brott.

III. KAFLI
Breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

5. gr.

Á eftir orðinu „skattsvik" í 5. mgr. 96. gr. kemur: eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga.

6. gr.

Á eftir orðinu „skattsvik" í 3. mgr. 101. gr. kemur: eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

7. gr.

Á eftir orðinu „skattsvik" í 8. mgr. 27. gr. kemur: eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga.

V. KAFLI

Breyting á lögum um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað orðanna „og skv. 40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: skv. 40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, skv. 38.–40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 145/1994, um bókhald, og skv. 84.–87. gr., sbr. 88. gr., laga nr. 144/1994, um ársreikninga.

VI. KAFLI

Gildistökuákvæði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 38 8. mars 1995

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á tollskrárnúmerunum 8703.3210 - 8703.3399 í 87. kafla tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

	-- Með meira en 1500 cm^3 til og með 2500 cm^3 sprengirými:	
	--- Með meira en 1500 cm^3 til og með 1900 cm^3 sprengirými:	
8703.3210	---- Fjórhjól	0
	---- Önnur:	
8703.3221	----- Ný	0
8703.3229	----- Notuð	0
	--- Með meira en 1900 cm^3 til og með 2000 cm^3 sprengirými:	
8703.3230	---- Fjórhjól	0
Samband íslenskra sveitarfélaga annast og kostar skrifstofuhald fyrir stjórn sjóðsins og skulu endurskoðaðir reikningar hans birtir árlega með rekstrarreikningi sambandsins.

Öllum tekjum sjóðsins skal varið til greiðslu á launum vegna námsleyfa og styrkveitinga, sbr. 1. mgr. Tilnefningaraðilar greiða kostnað af öllum störfum fulltrúa sinna í sjóðstjórn.

Stjórn sjóðsins setur sér starfsreglur og birtir þær.

V. KAFLI
Starfstími grunnskóla.

26. gr.

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera níu mánuðir. Kennsludagar skulu eigi vera færri en 172.

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur menntamálaráðherra veitt tímabundna undanþágu frá framangreindum ákvæðum.

27. gr.

Kennsludagur grunnskólanemenda skal hefjast að morgni og vera samfelldur með eðlilegum stundahléum og matarhléi. Stundahlé í grunnskóla skulu að lágmarki vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru og matarhlé að lágmarki 30 mínútur.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

1200 mínútur (30 kennslustundir) í 1.–4. bekk
1400 mínútur (35 kennslustundir) í 5.–7. bekk
1480 mínútur (37 kennslustundir) í 8.–10. bekk

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að í heild fari hann ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Skólastjóri ákveður lengd kennslustunda í samráði við kennararáð/kennarafund. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla skal vera 40 mínútur.

Sveitarstjórn getur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.

28. gr.

Í grunnskóla skal jólaleyfi nemenda vera frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska.

VI. KAFLI
Námskrár og kennsluskipan.

29. gr.

Menntamálaráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr.

Í starfi skólans skal leggja áherslu á:

— að efla sjálfsvitund og félagsvitund nemenda,
— að stuðla að líkamlegri og andlegri velferð, heilbrigðum lífsháttum og ábyrgri umgengni við líf og umhverfi,
— þjálfun í íslensku í öllum námsgreinum og leikræna og listræna tjáningu,
— hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,
— skilning og frjótt, skapandi starf og jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,
— að nýta leiki barna sem náms- og þroskaleið,
— að námið nýtist nemendum í daglegu lífi, frekara námi og starfi,
— að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,
— margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni, safna- og heimildavinnu,
— náms- og starfsfræðslu, kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvals.

Við setningu aðalnámskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms, sbr. 2. gr.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar.

Í öllu skólastarfi skal tekið mið af mismunandi persónugerð, þroska, hæfileikum, getu eða áhugasviðum nemenda.

30. gr.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu. Í aðalnámskrá skal tilgreina kjarnagreinar og kveða á um uppbyggingu og skipan náms í grunnskóla, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast.

Í aðalnámskrá skal setja ákvæði um inntak og skipulag náms á þeim sviðum sem hér verða talin:

a. íslenska,
b. stærðfræði,
c. erlend tungumál, þ.e. enska og danska (eða annað Norðurlandamál),
d. listir og verkmenntir,
e. náttúrufræði, umhverfis- og tæknimennt,
f. heimilisfræði,
g. skólaíþróttir,
h. samfélagsgreinar,
i. kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði.

31. gr.

Í hverjum skóla skal árlega gefa út skólanámskrá og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er unnin af kennurum skólans. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá og tekur mið af sérstöðu skólans og aðstæðum. Hún er starfsáætlun skóla þar sem m.a. skal gerð grein fyrir skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, mati á skólastarfi, slysavörnum, félagslífi í skólanum og öðru því sem varðar starfsemi skólans. Skólanámskrá skal lögð fyrir skólanefnd og foreldraráð til umsagnar ár hvert.

32. gr.

Í 9. og 10. bekk mega námsgreinar vera að hluta frjálst val nemenda. Verja má allt að þriðjungi námstímans í valgreinar. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skólann.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um valgreinar.

33. gr.

Kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skal veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða forráðamenn þeirra um greiðslur fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni er nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga þessara og aðalnámskrá.

Ríkinu er skylt að leggja til og kosta kennslu- og námsgögn er fullnægja ákvæðum aðalnámskrár.

Opinberum aðilum er ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.

Námsgagnastofnun skal tryggja að ætíð sé völ á námsbókum og öðrum námsgögnum sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámskrár, annaðhvort með eigin útgáfu eða útvegun frá öðrum aðilum. Menntamálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um endurgjaldslausa úthlutun námsgagna til nemenda í skyldunámi að fengnum tillögum námsgagnastjórnar.

Ef vafi leikur á að námsgögn uppfylli skilyrði gildandi laga og aðalnámskrár má vísa til menntamálaráðuneytisins sem úrskurðar í málinu.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd greinar þessarar.

34. gr.

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma.

Í félagsstarfi skal m.a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

VII. KAFLI
Réttindi og skyldur nemenda.

35. gr.

Börnum og unglingum er skylt að sækja grunnskóla fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7. og 56. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar eða forráðamenn barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar en segir í lögum þessum um skólaskyldu sex ára barna. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu.

Ljúki nemandi öllu námi grunnskóla með tilskildum árangri á skemmri tíma en tíu árum telst hann hafa lokið skyldunámi.

Foreldrar eða forráðamenn geta sótt um eða samþykkt að skólastjóri heimili nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 9. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi og lýkur nemandi þá grunnskólanámi síðar. Heimilt er að meta þessa þátttöku nemanda í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 10. bekkjar.

Menntamálaráðherra er heimilt að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Enn fremur er ráðherra heimilt að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi náms í skyldunámsgrein.

36. gr.

Nemendur, sem hafa annað móðurmál en íslensku, eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku.

Heimilt er að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku og leggja fyrir þá sérstakt lokapróf í íslensku.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um kennslu þessara nemenda.

37. gr.

Börn og unglingar, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi.

Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérdeildum eða í sérskóla.

Meginstefnan skal vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla. Telji foreldrar barns eða forráðamenn, kennarar eða aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í heimaskóla geta forráðamenn sótt um skólavist fyrir það í sérskóla.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

38. gr.

Sveitarfélög skulu annast rekstur sérdeilda/sérskóla fyrir nemendur sem ekki geta notið kennslu við hæfi í almennri bekkjardeild grunnskóla. Þeim er ætlað:

— að veita nemendum sérhæft námsumhverfi í lengri eða skemmri tíma,
— að veita starfsfólki almennra grunnskóla ráðgjöf og kennslufræðilegan stuðning.

Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu í sérdeildum/sérskólum þar sem því verður við komið.

Menntamálaráðherra staðfestir starfsreglur sérdeilda/sérskóla að fengnum tillögum sveitarstjórna. Í starfsreglum skal kveðið á um frávik frá almennri námskrá og öðrum viðmiðunum laga um grunnskóla.

Fasteignir þeirra sérskóla er nú eru starfandi á þessu sviði skulu afhentar til þessarar starfsemi án leigu eða annarra gjalda en rekstraraðilar annast og kosta allan rekstur þeirra, þar með talið viðhald frá þeim tíma er lög þessi koma að fullu til framkvæmda.

Teljist síðar ekki þörf fyrir áframhaldandi rekstur einhverra þessara stofnana eða þeirra allra tekur ríkissjóður aftur við umráðum fasteigna þeirra og ráðstafar þeim til annarra nota.

39. gr.

Í grunnskóla er heimilt að stofna nemendaverndarráð til að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi námsráðgjöf, sérfræðiþjónustu og heilsugæslu.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um nemendaverndarráð.

40. gr.

Nemandi má ekki stunda vinnu á starfstíma skóla valdi hún því að nemandinn geti ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar að dómi skólastjóra og kennara. Í slíkum tilfellum skal skólastjóri gera nemanda, forráðamanni hans og hlutaðeigandi vinnuveitanda viðvart. Verði ekki bót á ráðin skal vísa málinu til skólanefndar. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun skólanefndar getur hvor aðili, forráðamaður eða skólastjóri, vísað málinu til barnaverndarnefndar.

41. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamenn hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans.

Meðan mál skv. 2. mgr. eru óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Takist ekki að leysa málið innan skólans tekur skólanefnd það til meðferðar. Takist skólanefnd ekki að leysa málið þannig að allir aðilar þess verði á sáttir fer um frekari meðferð þess skv. 3. mgr. 6. gr. þessara laga, að fenginni umsögn frá sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga.

Óheimilt er að víkja nemanda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði.

Í reglugerð sem menntamálaráðherra setur skal mæla nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar.

VIII. KAFLI
Sérfræðiþjónusta.

42. gr.

Öllum sveitarfélögum, er standa að rekstri grunnskóla, er skylt að sjá skólanum fyrir sérfræðiþjónustu, bæði almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf, er taki til þeirra námsgreina sem tilgreindar eru í 30. gr., námsráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Þar sem slík þjónusta er ekki rekin á vegum sveitarfélaga er sveitarstjórn skylt að semja um þjónustuna við önnur sveitarfélög, stofnanir, svo sem kennaramenntunarstofnanir, eða aðra aðila er veita þjónustu á þessu sviði.

Hverju sveitarfélagi er skylt að gera menntamálaráðuneyti grein fyrir skipulagi sérfræðiþjónustu við skóla. Menntamálaráðherra setur reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um lágmarksþjónustu á þessu sviði.

43. gr.

Sérfræðiþjónustu skóla er ætlað að stuðla að því að kennslufræðileg og sálfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Kennurum og skólastjórnendum skal standa til boða ráðgjöf og stuðningur sérfræðiþjónustu vegna almenns skólastarfs og einnig vegna nýbreytni- og þróunarstarfa. Sérfræðiþjónusta skal gefa forráðamönnum kost á leiðbeiningum um uppeldi nemenda eftir því sem aðstæður leyfa.

Þá skulu starfsmenn sérfræðiþjónustu vinna að forvarnastarfi með athugunum og greiningu á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum hafi þessir erfiðleikar áhrif á nám nemenda og gera tillögur um úrbætur. Forráðamenn nemenda geta komið með

ósk um slíka athugun. Starfsmenn skóla og heilsugæslu geta lagt fram ósk um athugun að fengnu samþykki forráðamanna.

Starfsmenn sérfræðiþjónustu skulu vera kennarar með framhaldsmenntun, sálfræðingar og aðrir sérfræðingar.

IX. KAFLI
Námsmat.

44. gr.

Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp.

Með námsmati í grunnskóla skal afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólastarfsins. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

45. gr.

Námsmat í grunnskóla skal að jafnaði framkvæmt af kennurum skólans og skulu nemendur og forráðamenn þeirra fá glöggar upplýsingar um námsárangur. Kennarar skulu gefa vitnisburð a.m.k. í lok hvers skólaárs.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita fræðsluyfirvöldum þessar upplýsingar og öðrum vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

Nemandi og forráðamaður hans hafa rétt til að skoða metnar prófúrlausnir nemanda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur.

46. gr.

Samræmd próf í kjarnagreinum skulu lögð fyrir samtímis í öllum 4. og 7. bekkjum grunnskóla. Við lok grunnskóla skal leggja fyrir samræmd lokapróf í a.m.k. fjórum námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður.

Skólum skulu jafnframt standa til boða samræmd könnunarpróf og stöðluð kunnáttupróf til greiningar á námsstöðu nemenda.

Menntamálaráðherra leggur grunnskólum til samræmd próf og greiðir kostnað af störfum trúnaðarmanna til eftirlits og umsjónar við framkvæmd samræmdra lokaprófa.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, eða annar aðili sem menntamálaráðherra ákveður, hefur umsjón með gerð og framkvæmd þessara prófa.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa.

47. gr.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skírteini skal skrá vitnisburð í þeim námsgreinum er nemandi lagði stund á í 10. bekk.

Menntamálaráðuneytið gefur út viðmiðanir fyrir slík skírteini.

48. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um með hvaða hætti fylgst skuli með námsárangri nemenda í sérskólum og hjá öðrum þeim nemendum á skyldunámsaldri er taldir eru víkja svo frá almennum þroska að þeim henti ekki próf skv. 46. gr.

49. gr.

Sérhver grunnskóli innleiðir aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

X. KAFLI
Skólaþróun, tilraunaskólar.

50. gr.

Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu, auk námsleyfa, sbr. 25. gr., eiga kost á endurmenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf. Til þessa verkefnis skal árlega veitt fé á fjárlögum.

Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun um hvernig endurmenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við þær áherslur sem fram koma í skólanámskrá.

51. gr.

Menntamálaráðherra ber ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi sem ætlað er að tryggja að skólahald sé í samræmi við ákvæði laga og aðalnámskrár. Menntamálaráðherra getur falið Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eða öðrum aðilum að annast framkvæmd slíks mats.

Niðurstöður af mati á skólum og skólastarfi skulu m.a. hafðar til hliðsjónar við endurskoðun aðalnámskrár.

52. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum í þróunarsjóð grunnskóla. Menntamálaráðherra hefur umsjón með sjóðnum og setur reglur um styrkveitingar.

53. gr.

Menntamálaráðherra getur, með samþykki sveitarstjórnar, haft forgöngu um þróunar- og tilraunastarf í grunnskólum. Einnig getur hann veitt sveitarfélögum og einkaskólum heimild til að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða. Slík undanþága getur t.d. varðað nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda o.s.frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bága við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því sem þar er gert ráð fyrir.

Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Menntamálaráðherra er heimilt að styrkja tilraunaskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

XI. KAFLI
Skólasöfn.

54. gr.

Í hverjum grunnskóla skal vera skólasafn. Skólasafn er eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu og skal búnaður safnsins varðandi húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfsfólk taka mið af því.

Sveitarstjórn er heimilt að sameina almenningsbókasafn og skólasafn ef það, að mati skólanefndar og skólastjóra, rýrir ekki gildi safnsins fyrir skólann.

XII. KAFLI
Heilsugæsla.

55. gr.

Um heilsugæslu í grunnskólum fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisþjónusta skólahverfis skal hafa samráð við skólanefnd og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag heilsugæslu.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að nemendur njóti heilsugæslu í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin hefur verið skv. 1. mgr.

Sveitarfélög greiða stofnkostnað húsnæðis í skólum sem ætlað er fyrir heilsugæslu og annast rekstur þess. Laun starfsmanna við heilsugæslu í skólum og sérgreindur kostnaður við þessa starfsemi greiðist sem annar kostnaður við rekstur almennrar heilsugæslu í heilsugæslustöð og fer um ráðningu starfsmanna með sama hætti.

XIII. KAFLI
Einkaskólar.

56. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá sem ráðuneytið staðfestir. Slíkir skólar hlíti sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Börn, sem sækja þessa einkaskóla, hafa undanþágu skv. 7. gr. en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna sömu aðilum allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.

Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé.

Um námsmat í einkaskólum fer skv. 45. og 46. gr.

XIV. KAFLI
Gildistaka.

57. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, enda hafi Alþingi þá samþykkt:

a. Breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla, sem rétt hafa átt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, aðild að sjóðnum.
b. Lög um ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla sem tryggi þeim efnislega óbreytt ráðningarréttindi hjá nýjum vinnuveitanda. Komi upp ágreiningur milli samtaka kennara og sveitarfélags um form eða efni ráðningarréttinda getur hvor aðili um sig óskað gerðardóms í málinu.
c. Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þeirra auknu verkefna er sveitarfélög taka að sér samkvæmt lögum þessum.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði laga nr. 49/1991 eftir því sem ákvæði þessara laga koma til framkvæmda fram til 1. ágúst 1996 en þá falla lög nr. 49 frá 1991 að fullu úr gildi.

Hinn 1. ágúst 1996 falla enn fremur úr gildi lög nr. 49 frá 1967, um skólakostnað, 6. gr. laga nr. 23 frá 1990, um Námsgagnastofnun, 9. gr. laga nr. 55 frá 1974, um skólakerfi, X. kafli laga nr. 29 frá 1988, um Kennaraháskóla Íslands, enda skal Reykjavíkurborg taka við öllum rekstri og stjórn Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands frá þeim tíma, og lög nr. 61 frá 1957, um heilsuvernd í skólum, svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við ákvæði laga þessara.

Menntamálaráðherra ákveður í reglugerð hvaða ákvæði laga þessara koma til framkvæmda fyrir 1. ágúst 1996, þar með talið hvernig skuli, fram til þess tíma, haga ráðningu kennara og annarra starfsmanna grunnskóla sem starfa sem ríkisstarfsmenn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 3. gr. um einsetinn grunnskóla skal komið að fullu til framkvæmda að sex árum liðnum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. mgr. 27 gr. um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda skal koma til framkvæmda á árabilinu 1995–1999 sem hér segir:

Haustið 1995 fjölgar kennslustundum um 6, þannig að vikulegur kennslustundafjöldi nemenda verður að lágmarki sem hér segir:

1.–4. bekkur: 26 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 29, 31 og 33 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 34 kennslustundir.

Haustið 1996 fjölgi kennslustundum um 10, þannig:

1.–4. bekkur: 27 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 30, 32 og 34 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 35 kennslustundir.

Haustið 1997 fjölgi kennslustundum um 10, þannig:

1.–4. bekkur: 28 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 32, 33, 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 36 kennslustundir.

Haustið 1998 fjölgi kennslustundum um 10, þannig:

1.–4. bekkur: 29 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 34, 34, 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 37 kenslustundir.

Haustið 1999 fjölgi kennslustundum um 7, þannig:

1.–4. bekkur: 30 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 37 kennslustundir.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

Nr. 67 8. mars 1995

LÖG

um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Heimild bifreiðastjóra til að stunda akstur samkvæmt lögum þessum fellur niður við lok 70 ára aldurs þeirra. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára

aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 1. gr. skulu þeir sem stunda akstur samkvæmt lögum þessum halda atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. janúar 1996. Eftir þann tíma rennur heimild allra bifreiðastjóra til að stunda akstur bifreiða samkvæmt lögum þessum út við lok 70 ára aldurs þeirra nema þeir fái undanþágu á grundvelli 2. málsl. 5. mgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

10. mars 1995 Nr. 68

LÖG

um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum sem gerður var í Lúganó 16. september 1988 (Lúganósamninginn), ásamt þeim þremur bókunum sem honum fylgja og teljast óaðskiljanlegur hluti hans.

Samningurinn ásamt bókunum og yfirlýsingum sem honum fylgja er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lúganósamningurinn og þær þrjár bókanir sem honum fylgja skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Dómar, sem kveðnir eru upp í öðru samningsríki á grundvelli varnarþings skv. 1. tölul. 5. gr. og b-lið 1. tölul. 16. gr. Lúganósamningsins, skulu viðurkenndir og þeim fullnægt hér á landi þó að viðkomandi ríki hafi gert fyrirvara um að það muni ekki viðurkenna eða fullnægja íslenskum dómum í sambærilegum tilvikum.

Dómar, sem hvorki þarf að viðurkenna né fullnægja skv. 2. mgr. II. gr. í bókun nr. 1 við samninginn, fá ekki réttarverkanir hér á landi.

4. gr.

Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og Lúganósamningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.

5. gr.

Við gildistöku 2. og 3. gr. laganna bætist ný málsgrein við 1. gr. laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, nr. 30 23. júní 1932, svohljóðandi:

Ákvæði samningsins gilda ekki um dóma og aðrar ákvarðanir sem hljóta viðurkenningu og fullnustu hér á landi samkvæmt ákvæðum Lúganósamningsins.

Gjört í Reykjavík, 10. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum,
gerður í Lúganó 16. september 1988.

INNGANGUR

AÐILAR AÐ SAMNINGI ÞESSUM

SEM ER UMHUGAÐ um að styrkja á yfirráðasvæðum sínum réttarvernd þeirra manna sem þar eru búsettir,

SEM TELJA að í því skyni sé nauðsynlegt að ákvarða hið alþjóðlega dómsvald dómstóla sinna og að auðvelda viðurkenningu og koma á skjótvirkri málsmeðferð til að tryggja fullnustu á dómum, opinberlega staðfestum skjölum og réttarsáttum,

SEM GERA SÉR GREIN fyrir tengslum sín í milli, sem hafa komið fram á sviði efnahagsmála í fríverslunarsamningum milli Efnahagsbandalags Evrópu og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu,

SEM HAFA HLIÐSJÓN af Brusselsamningnum frá 27. september 1968 um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum eins og honum hefur verið breytt með aðildarsamningum eftir því sem Evrópubandalögin hafa stækkað,

SEM ERU SANNFÆRÐIR um að með því að láta meginreglur þess samnings einnig ná til ríkja, sem eru aðilar að þessum samningi, muni lagaleg og efnahagsleg samvinna í Evrópu styrkjast,

SEM ÓSKA að tryggja eins samræmda túlkun og unnt er á samningi þessum,

HAFA í þessum anda ÁKVEÐIÐ að gera með sér samning þennan og

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

I. HLUTI
GILDISSVIÐ

1. gr.

Samningur þessi gildir um einkamál, þar á meðal verslunarmál, án tillits til þess hvaða dómstóll fer með mál. Hann tekur sér í lagi ekki til skattamála, tollamála og stjórnsýslumála.

Samningurinn gildir ekki um:

1. persónulega réttarstöðu manna, rétthæfi eða gerhæfi, fjármál hjóna, bréfarf eða lögarf,
2. gjaldþrot, nauðasamninga eða sambærilega málsmeðferð,
3. almannatryggingar,
4. gerðardóma.

II. HLUTI
VARNARÞING

1. kafli.

Almenn ákvæði.

2. gr.

Með þeim takmörkunum, sem greinir í samningi þessum, skal lögsækja menn, sem eiga heimili í samningsríki, fyrir dómstólum í því ríki, hvert sem ríkisfang þeirra er.

Þeir menn, sem ekki eru ríkisborgarar í því ríki þar sem þeir eiga heimili, skulu lúta sömu varnarþingsreglum og gilda um ríkisborgara þess ríkis.

3. gr.

Menn, sem eiga heimili í samningsríki, má aðeins lögsækja fyrir dómstólum í öðru samningsríki samkvæmt þeim reglum sem settar eru í 2.–6. kafla þessa hluta.

Sérstaklega má ekki beita eftirfarandi ákvæðum gegn þeim:

— í Belgíu: 15. gr. borgaralögbókar (Code civil — Burgerlijk Wetboek) og 638. gr. réttarfarslaga (Code judiciaire — Gerechtelijk Wetboek),
— í Danmörku: 2. og 3. mgr. 246. gr. réttarfarslaga (lov om rettens pleje),
— í Sambandslýðveldinu Þýskalandi: 23. gr. laga um réttarfar í einkamálum (Zivilprozessordnung),
— í Grikklandi: 40. gr. laga um réttarfar í einkamálum (Κώδικας πολιτικής δικονομίας),
— í Frakklandi: 14. og 15. gr. borgaralögbókar (Code civil),
— á Írlandi: reglum þeim sem heimila að varnarþing byggist á því að stefna hafi verið birt varnaraðila meðan á tímabundinni dvöl hans á Írlandi stóð,
— á Íslandi: 77. gr. laga um meðferð einkamála í héraði,
— á Ítalíu: 2. gr. og 1. og 2. tölul. 4. gr. laga um réttarfar í einkamálum (Codice di procedura civile),
— í Lúxemborg: 14. og 15. gr. borgaralögbókar (Code civil),
— í Hollandi: 3. mgr. 126. gr. og 127. gr. laga um réttarfar í einkamálum (Wetboek van Burgerlijke Rechtsvordering),
— í Noregi: 32. gr. laga um meðferð einkamála (tvistemålsloven),
— í Austurríki: 99. gr. laga um dómsvald dómstóla (Jurisdiktionsnorm),
— í Portúgal: c-lið 1. mgr. og 2. mgr. 65. gr. og c-lið 65. gr. A laga um réttarfar í einkamálum (Código de Processo Civil) og 11. gr. laga um réttarfar í vinnumálum (Código de Processo de Trabalho),

— í Sviss: reglum um kyrrsetningarvarnarþing (for du lieu du séquestre/Gerichtsstand des Arrestortes/foro del luogo del sequestro) samkvæmt 4. gr. sambandsríkislaganna um alþjóðlegan einkamálarétt (loi fédérale sur le droit international privé/Bundesgesetz über das internationale Privatrecht/legge federale sul diritto internazionale privato),
— í Finnlandi: 2., 3. og 4. málsl. 1. mgr. 1. gr. 10. kafla réttarfarslaga (oikeudenkäymiskaari/rättegångsbalken),
— í Svíþjóð: 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. 10. kafla réttarfarslaga (rättegångsbalken),
— í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi: reglum þeim sem heimila að varnarþing byggist á því:
  a) að stefna hafi verið birt varnaraðila meðan á tímabundinni dvöl hans í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi stóð, eða
  b) að varnaraðili eigi eignir í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi, eða
  c) að sóknaraðili hafi komið fram aðför í eignum sem eru í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi.

4. gr.

Eigi varnaraðili ekki heimili í samningsríki ákvarða lög hvers samningsríkis um sig dómsvald dómstóla þess, sbr. þó ákvæði 16. gr.

Gegn varnaraðila, sem þannig er ástatt um, getur hver sá sem á heimili í samningsríki, hvert sem ríkisfang hans er, fært sér í nyt í því ríki þær varnarþingsreglur, sem þar gilda, á sama hátt og ríkisborgarar þess ríkis, og sérstaklega þær reglur sem tilgreindar eru í 2. mgr. 3. gr.

2. kafli.
Sérstakar varnarþingsreglur.

5. gr.

Mann, sem á heimili í samningsríki, má lögsækja í öðru samningsríki:

1. í málum, sem varða samninga, fyrir dómstóli þess staðar þar sem skuldbindinguna skyldi efna; í málum, sem varða vinnusamninga einstakra manna, er þessi staður þar sem launþeginn starfar að jafnaði eða, ef launþeginn starfar að jafnaði ekki í einu tilteknu landi, þá er þessi staður þar sem starfsstöð sú er sem réð hann til starfa,
2. í málum, sem varða framfærsluskyldu, fyrir dómstóli þess staðar þar sem sá sem rétt á til framfærslu á heimili eða dvelst að jafnaði eða, ef um slíka kröfu er að ræða í tengslum við mál um persónulega réttarstöðu manns, fyrir þeim dómstóli sem samkvæmt þeim lögum, sem við hann gilda, er bær til að fara með málið nema varnarþingið byggist einungis á ríkisfangi eins aðilans,
3. í málum um skaðabætur utan samninga fyrir dómstóli þess staðar þar sem tjónsatburðurinn varð,
4. þegar krafist er skaðabóta eða þess að fyrra ástandi verði komið á og krafan á rót að rekja til refsiverðs verknaðar, fyrir þeim dómstóli þar sem opinbera málið er til meðferðar, að því tilskildu að dómstóllinn, samkvæmt þeim lögum sem við hann gilda, sé bær til að fara með kröfur borgararéttar eðlis,
5. vegna ágreinings, sem stafar af rekstri útibús, umboðsskrifstofu eða svipaðrar starfsemi, fyrir dómstóli þess staðar þar sem starfsemin er,
6. sem stofnanda, vörslumann eða rétthafa fjárvörslusjóðs, sem stofnaður hefur verið á grundvelli laga eða með skjali eða með munnlegum gerningi sem staðfestur er skriflega, fyrir dómstóli í því samningsríki þar sem sjóðurinn á heimili,

7. vegna ágreinings um greiðslu launa, sem krafist er vegna björgunar í þágu farms eða farmgjalds, fyrir þeim dómstóli þar sem kyrrsetning farmsins eða farmgjaldskröfunnar:
   a) hefur verið gerð til tryggingar á þeirri greiðslu, eða
   b) hefði mátt fara fram en ábyrgð eða önnur trygging hefur verið sett;
   ákvæði þetta á þó einungis við ef því er haldið fram að varnaraðili eigi til réttar að telja í farminum eða farmgjaldskröfunni eða að hann hafi átt til slíks réttar að telja þegar björgun varð.

6. gr.

Mann, sem á heimili í samningsríki, má einnig lögsækja:

1. ef hann er einn af mörgum varnaraðilum, fyrir dómstóli þess staðar þar sem einhver þeirra á heimili,
2. sem þriðja mann í sakaukamáli eða sem þriðja mann í öðrum málum fyrir þeim dómstóli þar sem mál er upphaflega höfðað nema það hafi einungis verið höfðað í því skyni að koma í veg fyrir að hann yrði lögsóttur á réttu varnarþingi sínu,
3. í málum um gagnkröfu, ef hún á rót sína að rekja til sama samnings eða málsatvika og aðalkrafan byggist á, fyrir dómstóli þar sem aðalkrafan er til meðferðar,
4. í málum, sem varða samninga ef málið má sameina máli gegn sama varnaraðila og það varðar réttindi yfir fasteign, fyrir dómstóli í samningsríki þar sem fasteignin er.

6. gr. A.

Ef dómstóll í samningsríki hefur samkvæmt samningi þessum dómsvald í málum um ábyrgð sem stafar af notkun eða rekstri skips hefur sá dómstóll, eða hver sá dómstóll annar sem að lögum þess samningsríkis kemur í hans stað, einnig dómsvald í málum um takmörkun þessarar ábyrgðar.

3. kafli.

Varnarþing í vátryggingarmálum.

7. gr.

Í málum um vátryggingar skal ákvarða varnarþing eftir ákvæðum þessa kafla, sbr. þó 4. gr. og 5. tölul. 5. gr.

8. gr.

Vátryggjanda, sem á heimili í samningsríki, má lögsækja:

1. fyrir dómstólum í því ríki þar sem hann á heimili, eða
2. í öðru samningsríki fyrir dómstóli þess staðar, þar sem vátryggingartaki á heimili, eða
3. sé hann samvátryggjandi, fyrir dómstóli í samningsríki þar sem mál er höfðað gegn aðalvátryggjanda.

Nú á vátryggjandi ekki heimili í samningsríki en hefur útibú, umboðsskrifstofu eða svipaða starfsemi í samningsríki og skal þá í málum sem stafa af rekstri starfseminnar litið svo á sem hann eigi heimili í því ríki.

9. gr.

Í málum vegna ábyrgðartrygginga eða vátrygginga á fasteignum má enn fremur lögsækja vátryggjanda fyrir dómstóli þess staðar þar sem tjónsatburðurinn varð. Þetta gildir einnig ef vátryggingarsamningur tekur bæði til fasteignar og lausafjár og hvort tveggja verður fyrir tjóni vegna sama atburðar.

10. gr.

Í málum vegna ábyrgðartrygginga má einnig lögsækja vátryggjandann fyrir dómstóli þar sem tjónþoli hefur höfðað mál gegn vátryggðum ef þau lög, sem við dómstólinn gilda, veita heimild til þess.

Ákvæði 7., 8. og 9. gr. gilda um mál sem tjónþoli höfðar beint gegn vátryggjanda þar sem slík bein málssókn er heimil.

Nú veita lög um slíka beina málssókn heimild til að draga vátryggingartaka eða vátryggðan inn í málið og hefur sami dómstóll þá einnig dómsvald gagnvart þeim.

11. gr.

Vátryggjandi má einungis höfða mál fyrir dómstólum í samningsríki þar sem varnaraðili á heimili, hvort sem hann er vátryggingartaki, vátryggður eða annar rétthafi, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 10. gr.

Ákvæði þessa kafla hafa ekki áhrif á rétt til að bera fram gagnkröfu fyrir þeim dómstóli þar sem aðalkrafan er til meðferðar í samræmi við ákvæði þessa kafla.

12. gr.

Frá ákvæðum þessa kafla má aðeins víkja með samningi um varnarþing:

1. ef hann er gerður eftir að ágreiningur er risinn, eða
2. ef hann veitir vátryggingartaka, vátryggðum eða öðrum rétthafa heimild til málshöfðunar fyrir öðrum dómstólum en þeim sem nefndir eru í þessum kafla, eða
3. ef hann er gerður milli vátryggingartaka og vátryggjanda sem áttu báðir heimili eða dvöldust að jafnaði í sama samningsríki þegar samningurinn var gerður og hann veitir dómstólum þess ríkis dómsvald, jafnvel þótt tjónsatburðurinn kunni að verða erlendis enda sé slíkur samningur ekki andstæður lögum þess ríkis, eða
4. ef hann er gerður við vátryggingartaka sem ekki á heimili í samningsríki, nema um sé að ræða vátryggingu sem er lögboðin eða hún varðar fasteign í samningsríki, eða
5. ef hann varðar vátryggingarsamning sem tekur til eins eða fleiri áhættuflokka sem nefndir eru í 12. gr. A.

12. gr. A.

5. tölul. 12. gr. vísar til eftirfarandi áhættuflokka:

1. sérhvers tjóns á
   a) hafskipum, mannvirkjum undan ströndum eða á rúmsjó eða loftförum þegar tjónið á rætur að rekja til atburða sem tengjast notkun þeirra í atvinnuskyni,
   b) vörum í flutningi, nema farangri farþega, þegar flutt er að hluta eða að öllu leyti með slíkum skipum eða loftförum,
2. sérhverrar ábyrgðar, nema vegna líkamstjóns á farþegum eða tjóns á farangri þeirra,
   a) sem á rætur að rekja til notkunar eða reksturs skipa, mannvirkja eða loftfara sem vísað er til í a-lið 1. tölul., að því leyti sem lög þess samningsríkis, þar sem loftfarið er skráð, banna ekki samninga um varnarþing í sambandi við vátryggingu gegn slíkri áhættu,
   b) á tjóni sem vörur valda í flutningi sem greinir í b-lið 1. tölul.,
3. sérhvers fjártjóns í tengslum við notkun eða rekstur skipa, mannvirkja eða loftfara sem vísað er til í a-lið 1. tölul., einkum taps á farmgjalds- eða leigutekjum,
4. sérhverrar áhættu sem tengist þeim áhættuflokkum sem nefndir eru í 1.–3. tölul.

4. kafli.
Varnarþing í neytendamálum.

13. gr.

Í málum vegna samninga, sem maður, hér eftir nefndur „neytandi", gerir í tilgangi sem telja verður að varði ekki atvinnu hans, skal ákvarða varnarþing eftir ákvæðum þessa kafla, sbr. þó 4. gr. og 5. tölul. 5. gr., enda sé um að ræða:

1. samning um lausafjárkaup með afborgunarskilmálum, eða
2. samning um lán sem endurgreiða skal með afborgunum, eða annars konar lánafyrirgreiðslu, til að fjármagna kaup á lausafé, eða
3. annan samning um að láta af hendi lausafé eða þjónustu enda hafi
   a) undanfari samningsins verið sérstakt tilboð til neytandans í ríki því þar sem hann á heimili eða almenn auglýsing þar, og
   b) neytandinn gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar voru til samningsgerðarinnar í því ríki.

Nú á viðsemjandi neytandans ekki heimili í samningsríki en hefur útibú, umboðsskrifstofu eða svipaða starfsemi í samningsríki og skal þá í ágreiningi, sem stafar af rekstri starfseminnar, litið svo á að aðilinn eigi heimili í því ríki.

Kafli þessi gildir ekki um flutningssamninga.

14. gr.

Neytandi getur höfðað mál gegn hinum samningsaðilanum annaðhvort fyrir dómstólum í því samningsríki, þar sem sá aðili á heimili, eða fyrir dómstólum í því samningsríki þar sem hann sjálfur á heimili.

Hinn samningsaðilinn getur einungis höfðað mál gegn neytandanum fyrir dómstólum í því samningsríki þar sem neytandinn á heimili.

Ákvæði þessi hafa ekki áhrif á rétt til að koma að gagnkröfu fyrir dómstóli þar sem aðalkrafan er til meðferðar í samræmi við ákvæði þessa kafla.

15. gr.

Frá ákvæðum þessa kafla má aðeins víkja með samningi:

1. sem gerður er eftir að ágreiningur er risinn, eða
2. sem heimilar neytandanum að höfða mál fyrir öðrum dómstólum en þeim sem getið er um í þessum kafla, eða
3. sem gerður er af neytanda og samningsaðila hans sem áttu báðir heimili eða dvöldust að jafnaði í sama samningsríki þegar samningurinn var gerður og samningurinn veitir dómstólum þess ríkis dómsvald enda sé slíkur samningur ekki andstæður lögum þess ríkis.

5. kafli.
Skylduvarnarþing.

16. gr.

Eftirgreindir dómstólar hafa einir dómsvald, án tillits til heimilis:

1. a) í málum um réttindi yfir fasteign eða leigu fasteignar: dómstólar í því samningsríki þar sem fasteignin er;
   b) í málum um fasteignaleigusamninga, sem gerðir eru um tímabundin persónuleg afnot til allt að sex mánaða óslitið, skulu dómstólar í því samningsríki þar sem varnaraðili á heimili þó einnig hafa dómsvald, enda sé leigutaki persóna og hvorugur aðila eigi heimili í því samningsríki þar sem fasteignin er;

2. í málum um gildi, ógildi eða slit félaga eða annarra lögpersóna eða um ákvarðanir fyrirsvarsaðila þeirra: dómstólar í því samningsríki þar sem lögpersónan hefur aðsetur,
3. í málum um gildi skráninga í opinberar skrár: dómstólar í því samningsríki þar sem skráin er haldin,
4. í málum sem varða skráningu eða gildi einkaleyfa, vörumerkja, mynstra eða annarra svipaðra réttinda sem tilkynna þarf eða skrá: dómstólar í því samningsríki þar sem tilkynning eða beiðni um skráningu hefur verið lögð fram, hefur farið fram eða er talin hafa farið fram samkvæmt ákvæðum alþjóðasamnings,
5. í málum um fullnustu dóma: dómstólar í því samningsríki þar sem fullnusta hefur farið fram eða skal fara fram.

6. kafli.
Samningar um varnarþing.

17. gr.

1. Nú hafa aðilar samið um að dómstóll eða dómstólar í samningsríki skuli hafa dómsvald um ágreining sem þegar er risinn eða um ágreining sem kann að rísa í tengslum við tiltekin lögskipti þeirra og að minnsta kosti annar þeirra eða einn þeirra á heimili í samningsríki og skal þá einungis sá dómstóll eða þeir dómstólar hafa dómsvald. Slíkur samningur um varnarþing skal vera:
   a) skriflegur eða munnlegur og staðfestur skriflega, eða
   b) í formi sem er í samræmi við venjur sem aðilar hafa komið á sín í milli, eða
   c) í milliríkjaviðskiptum í formi sem er í samræmi við viðskiptavenjur sem aðilunum voru eða áttu að hafa verið kunnar og eru almennt þekktar og farið er almennt eftir af aðilum samninga af þeirri gerð á því viðskiptasviði sem um er að ræða.

   Hafi slíkt samkomulag verið gert milli aðila og hvorugur eða enginn þeirra á heimili í samningsríki geta dómstólar í öðrum samningsríkjum ekki skorið úr málinu nema sá dómstóll eða þeir dómstólar, sem samið hefur verið um, hafi vísað máli frá dómi vegna rangs varnarþings.
2. Dómstóll sá eða dómstólar í samningsríki, sem veitt hefur verið dómsvald með skjali sem stofnar fjárvörslusjóð, hafa einir dómsvald í málum gegn stofnanda, vörslumanni eða rétthafa ef mál snýst um lögskipti þessara aðila eða um réttindi þeirra eða skyldur samkvæmt reglum sjóðsins.
3. Samningar um varnarþing eða slík ákvæði í skjali, sem stofnar fjárvörslusjóð, hafa ekki gildi ef þau fara gegn ákvæðum 12. eða 15. gr. eða ef þau útiloka dómsvald þeirra dómstóla sem einir skulu hafa það samkvæmt 16. gr.
4. Hafi samningur um varnarþing einungis verið gerður í þágu annars aðilans eða eins þeirra heldur sá aðili rétti sínum til málshöfðunar fyrir hverjum þeim dómstóli öðrum sem hefur dómsvald samkvæmt samningi þessum.
5. Í málum um vinnusamninga einstakra manna hefur samkomulag um varnarþing einungis gildi ef það var gert eftir að ágreiningur er risinn.

18. gr.

Enda þótt önnur ákvæði samnings þessa veiti dómstóli í samningsríki ekki dómsvald hefur hann dómsvald ef varnaraðili sækir dómþing fyrir honum. Þetta gildir þó ekki ef þing er einungis sótt til að mótmæla varnarþingi eða ef annar dómstóll hefur einn dómsvald samkvæmt 16. gr.

7. kafli.
Könnun á varnarþingi og því hvort mál sé tækt til meðferðar.
19. gr.

Nú er dómstóli í samningsríki falið að skera úr ágreiningi sem í aðalatriðum varðar málefni sem dómstólar í öðru samningsríki hafa einir dómsvald um samkvæmt 16. gr. og skal hann þá sjálfkrafa vísa máli frá dómi.

20. gr.

Nú er maður, sem á heimili í samningsríki, lögsóttur fyrir dómstóli í öðru samningsríki og sækir þar ekki dómþing og skal dómstóllinn þá sjálfkrafa vísa máli frá dómi nema hann hafi dómsvald samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Dómstóllinn skal fresta meðferð málsins þar til sýnt er fram á að varnaraðilinn hafi átt kost á að taka á móti stefnu eða samsvarandi skjali svo tímanlega að hann hefði getað undirbúið vörn sína eða að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar í því skyni.

Ákvæði 15. gr. Haagsamningsins frá 15. nóvember 1965 um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum eða verslunarmálum koma í stað ákvæða 2. mgr. ef senda skal úr landi stefnu eða tilkynningu um málshöfðun samkvæmt þeim samningi.

8. kafli.
„Litis pendens" og skyldar kröfur.
21. gr.

Ef krafa, byggð á sömu málsástæðum og milli sömu aðila, er gerð fyrir dómstólum í tveimur eða fleiri samningsríkjum skal hver dómstóll, annar en sá sem mál er fyrst höfðað fyrir, sjálfkrafa fresta meðferð þess þar til fyrir liggur að sá dómstóll hafi dómsvald í málinu.

Þegar fyrir liggur að sá dómstóll, sem mál er fyrst höfðað fyrir, hafi dómsvald skulu aðrir dómstólar vísa málinu frá dómi í þágu hans.

22. gr.

Ef skyldar kröfur eru gerðar fyrir dómstólum í tveimur eða fleiri samningsríkjum getur hver dómstóll, annar er sá sem mál er fyrst höfðað fyrir, frestað málsmeðferð sinni meðan málin eru til meðferðar á fyrsta dómstigi.

Dómstóll, sem mál er síðar höfðað fyrir, getur einnig vísað máli frá samkvæmt kröfu aðila ef lög, sem gilda við þann dómstól, heimila að skyldar kröfur séu sóttar sameiginlega og dómstóll sá, sem mál er fyrst höfðað fyrir, hefur dómsvald um báðar kröfurnar.

Með skyldum kröfum er í grein þessari átt við kröfur sem eru svo tengdar innbyrðis að æskilegt er að fara með þær og dæma sameiginlega til að koma í veg fyrir að ósamrýmanlegir dómar verði kveðnir upp ef dæmt er um hverja þeirra sérstaklega.

23. gr.

Ef fleiri dómstólar en einn eiga hver um sig einir dómsvald um kröfu skulu allir dómstólar, aðrir en sá sem mál er fyrst höfðað fyrir, vísa máli frá dómi í þágu þess dómstóls.

9. kafli.
Bráðabirgðaúrræði, þar með talin tryggingarúrræði.
24. gr.

Leita má til dómstóla í samningsríki um að beita réttarúrræðum til bráðabirgða, þar með talin tryggingarúrræði, sem lög þess ríkis kunna að heimila, enda þótt dómstólar í öðru samningsríki hafi dómsvald um efni málsins samkvæmt samningi þessum.

III. HLUTI
VIÐURKENNING OG FULLNUSTA

25. gr.

Í samningi þessum merkir „dómur" sérhverja ákvörðun um málsúrslit sem tekin er af dómstóli í samningsríki, hverju nafni sem hún nefnist, svo sem dóm, úrskurð eða ákvörðun um fullnustu, svo og ákvörðun réttarritara um málskostnað.

1. kafli.
Viðurkenning.

26. gr.

Dómur, sem kveðinn hefur verið upp í samningsríki, skal viðurkenndur í öðrum samningsríkjum án þess að nokkurrar sérstakrar málsmeðferðar sé þörf.

Ef ágreiningur rís um það hvort dómur skuli viðurkenndur getur hver sá aðili, sem hagsmuna hefur að gæta, óskað, samkvæmt þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. og 3. kafla þessa hluta, ákvörðunar um að dómurinn skuli viðurkenndur.

Ef viðurkenningin hefur þýðingu fyrir úrslit máls sem rekið er fyrir dómstóli í samningsríki og aðili ber hana fyrir sig hefur sá dómstóll dómsvald um viðurkenningarkröfuna.

27. gr.

Dómur skal ekki viðurkenndur:

1. ef viðurkenning hans væri andstæð allsherjarreglu í því ríki þar sem hennar er krafist,
2. ef hann er útivistardómur og varnaraðila var ekki réttilega birt stefna eða samsvarandi skjal svo tímanlega að hann gæti undirbúið vörn sína,
3. ef hann er ósamrýmanlegur dómi sem kveðinn hefur verið upp í máli milli sömu aðila í ríki því þar sem viðurkenningar er krafist,
4. ef dómstóllinn í dómsríkinu hefur við ákvörðun sína tekið fyrst afstöðu til álitaefnis um persónulega réttarstöðu manna, rétthæfi eða gerhæfi, fjármál hjóna, lögarf eða bréfarf og komist að niðurstöðu sem andstæð er lagaskilareglum í ríki því þar sem viðurkenningar er krafist, nema sama niðurstaða hefði fengist ef beitt hefði verið lagaskilareglum þess ríkis,
5. ef hann er ósamrýmanlegur dómi, sem áður hefur verið kveðinn upp í ríki sem ekki er samningsríki, um sama sakarefni og milli sömu aðila, enda fullnægi sá dómur skilyrðum til viðurkenningar í því ríki þar sem viðurkenningar er krafist.

28. gr.

Dómur skal enn fremur ekki viðurkenndur ef hann brýtur gegn ákvæðum 3., 4. eða 5. kafla II. hluta, eða ef um er að ræða tilvik sem fjallað er um í 59. gr.

Auk þess má synja um viðurkenningu dóms ef um er að ræða tilvik sem fjallað er um í 3. mgr. 54. gr. B eða 4. mgr. 57. gr.

Við könnun á varnarþingsreglum þeim, sem vísað er til í 1. og 2. mgr., er dómstóll sá eða yfirvald það, sem viðurkenningarkrafan er sett fram við, bundið þeim niðurstöðum um málsatvik sem dómstóll upphafsríkisins byggði dómsvald sitt á.

Dómsvald dómstólsins í dómsríkinu verður ekki endurskoðað að öðru leyti en greinir í 1. og 2. mgr.; áskilnaður sá, sem vísað er til í 1. tölul. 27. gr. um samræmi við allsherjarreglu, tekur ekki til varnarþingsreglna.

29. gr.

Erlendan dóm má aldrei endurskoða að efni til.

30. gr.

Ef krafist hefur verið viðurkenningar fyrir dómstóli í samningsríki á dómi kveðnum upp í öðru samningsríki má dómstóllinn fresta málinu ef dómurinn hefur sætt málskoti með venjulegum hætti.

Ef krafist hefur verið viðurkenningar fyrir dómstóli í samningsríki á dómi kveðnum upp á Írlandi eða í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi má dómstóllinn fresta málinu ef fullnustu hefur verið frestað í dómsríkinu vegna málskots.

2. kafli.

Fullnusta.

31. gr.

Dómi, sem kveðinn hefur verið upp í samningsríki og fullnægja má í því ríki, skal fullnægja í öðru samningsríki þegar hann, að beiðni rétts aðila, hefur verið lýstur fullnustuhæfur þar.

Í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi skal þó fullnægja slíkum dómi í Englandi og Wales, í Skotlandi eða á Norður-Írlandi þegar hann, að beiðni rétts aðila, hefur verið skráður fullnustuhæfur í þeim hluta Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

32. gr.

1. Beiðnina skal leggja fram:
   — í Belgíu við „tribunal de première instance“ eða „rechtbank van eerste aanleg“,
   — í Danmörku við „byret“,
   — í Sambandslýðveldinu Þýskalandi hjá dómstjóra við deild í „Landgericht“,
   — í Grikklandi við „μονομελές πρωτοδικείο“,
   — á Spáni við „Juzgado de Primera Instancia“,
   — í Frakklandi hjá dómstjóra „tribunal de grande instance“,
   — á Írlandi við „High Court“,
   — á Íslandi hjá héraðsdómara,
   — á Ítalíu við „corte d'appello“,
   — í Lúxemborg hjá dómstjóra „tribunal d'arrondissement“,
   — í Hollandi hjá dómstjóra „arrondissementsrechtbank“,
   — í Noregi við „herredsrett“ eða „byrett“ sem „namsrett“,
   — í Austurríki við „Landesgericht“ eða „Kreisgericht“,
   — í Portúgal við „Tribunal Judicial de Círculo“,
   — í Sviss:
     a) ef dómur er til greiðslu peninga, hjá „juge de la mainlevée/Rechtsöffnungsrichter/giudice competente a pronunciare sul rigetto dell'opposizione“ eftir réttarfarsreglum 80. og 81. gr. sambandsríkislaganna um málssókn vegna skulda og gjaldþrot (loi fédérale sur la poursuite pour dettes et la faillite/Bundesgesetz über Schuldbetreibung und Konkurs/legge federale sulla esecuzione e sul fallimento),
     b) ef dómur er til annars en greiðslu peninga, hjá „juge cantonal d'exequatur compétent/zuständiger kantonaler Vollstreckungsrichter/giudice cantonale competente a pronunciare l'exequatur“,
   — í Finnlandi við „ulosotonhaltija/överexekutor“,
   — í Svíþjóð við „Svea Hovrätt“,
   — í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi:
     a) í Englandi og Wales við „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, við „Magistrates' Court“ fyrir milligöngu „Secretary of State“,

b) í Skotlandi við „Court of Session“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, við „Sheriff Court“ fyrir milligöngu „Secretary of State“,
c) á Norður-Írlandi við „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, við „Magistrates' Court“ fyrir milligöngu „Secretary of State“.

2. Heimili þess, sem fullnustu er krafist hjá, ræður því hver dómstóll fer með mál. Eigi hann ekki heimili í því ríki þar sem fullnustu er krafist ræðst það af því hvar fullnusta á að fara fram.

33. gr.

Með beiðnina skal fara samkvæmt lögum þess ríkis þar sem fullnustu er krafist.

Beiðandi skal tilgreina réttarfarslegt aðsetur í umdæmi þess dómstóls sem beiðni er beint til. Ef lög þess ríkis, þar sem fullnustu er krafist, mæla ekki fyrir um slíkt aðsetur skal beiðandi tilnefna málflutningsumboðsmann.

Skjöl þau, sem í 46. og 47. gr. getur, skulu fylgja beiðni.

34. gr.

Dómstóll sá, sem beiðnina hefur til meðferðar, skal taka ákvörðun sína án tafar; á þessu stigi málsins skal þeim aðila, sem fullnustu er krafist hjá, ekki veitt færi á að gera athugasemdir við beiðnina.

Beiðninni má einungis synja af einhverri þeirri ástæðu sem tilgreind er í 27. og 28. gr. Hinn erlenda dóm má aldrei endurskoða að efni til.

35. gr.

Þar til bær starfsmaður dómstólsins skal án tafar, á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum þess ríkis þar sem fullnustu er krafist, tilkynna beiðanda þá ákvörðun sem tekin hefur verið um beiðnina.

36. gr.

Nú er fullnusta heimiluð og getur þá sá aðili, sem fullnustu er krafist hjá, skotið ákvörðuninni til æðri réttar eða fengið hana endurupptekna innan eins mánaðar frá birtingu hennar.

Ef sá aðili á heimili í öðru samningsríki en því þar sem fullnustuheimild var veitt er frestur til málskots eða endurupptöku tveir mánuðir talið frá þeim degi er birting fór fram, annaðhvort fyrir honum sjálfum eða á heimili hans. Frest þennan má ekki lengja vegna mikillar fjarlægðar.

37. gr.

1. Málskoti eða ósk um endurupptöku á ákvörðun um að fullnusta sé heimil skal, samkvæmt reglum um réttarfar í umþrættum einkamálum, beina:
— í Belgíu til „tribunal de première instance“ eða „rechtbank van eerste aanleg“,
— í Danmörku til „landsret“,
— í Sambandslýðveldinu Þýskalandi til „Oberlandesgericht“,
— í Grikklandi til „εφετείο“,
— á Spáni til „Audiencia Provincial“,
— í Frakklandi til „cour d'appel“,
— á Írlandi til „High Court“,
— á Íslandi til héraðsdómara,
— á Ítalíu til „corte d'appello“,

— í Lúxemborg til „Cour supérieure de justice“ sem áfrýjunardómstóls í einkamálum,
— í Hollandi til „arrondissementsrechtbank“,
— í Noregi til „lagmannsrett“,
— í Austurríki til „Landesgericht“ eða „Kreisgericht“,
— í Portúgal til „Tribunal da Relação“,
— í Sviss til „tribunal cantonal/Kantonsgericht/tribunale cantonale“,
— í Finnlandi til „hovioikeus/hovrätt“,
— í Svíþjóð til „Svea Hovrätt“,
— í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi:
  a) í Englandi og Wales til „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, til „Magistrates' Court“,
  b) í Skotlandi til „Court of Session“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, til „Sheriff Court“,
  c) á Norður-Írlandi til „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, til „Magistrates' Court“.

2. Niðurstöðu málskots eða endurupptöku verður aðeins hnekkt:
— í Belgíu, í Grikklandi, á Spáni, í Frakklandi, á Ítalíu, í Lúxemborg og í Hollandi með áfrýjun til ógildingar,
— í Danmörku með áfrýjun til „højesteret“ að fengnu leyfi dómsmálaráðherra,
— í Sambandslýðveldinu Þýskalandi með „Rechtsbeschwerde“,
— á Írlandi með áfrýjun um lagaatriði til „Supreme Court“,
— á Íslandi með áfrýjun til Hæstaréttar,
— í Noregi með áfrýjun („kjæremål“ eða „anke“) til „Höyesteretts kjæremålsutvalg“ eða „Höyesterett“,
— í Austurríki, ef um er að ræða áfrýjun, með „Revisionsrekurs“ og, ef um er að ræða endurupptöku, með „Berufung“ með möguleika á „Revision“,
— í Portúgal með áfrýjun um lagaatriði,
— í Sviss með „recours de droit public devant le tribunal fédéral/staatsrechtliche Beschwerde beim Bundesgericht/ricorso di diritto pubblico davanti al tribunale federale“,
— í Finnlandi með áfrýjun til „korkein oikeus/högsta domstolen“,
— í Svíþjóð með áfrýjun til „högsta domstolen“,
— í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi með einum möguleika á áfrýjun um lagaatriði.

38. gr.

Dómstóll sá, sem máli er skotið til samkvæmt 1. mgr. 37. gr., getur að kröfu þess, sem málskots hefur krafist, frestað máli ef dóminum hefur verið skotið til æðra dóms á venjulegan hátt í dómsríkinu eða endurupptöku er krafist þar eða ef frestur til þessa er enn ekki liðinn. Í síðargreinda tilvikinu getur dómstóllinn ákveðið frest til að koma fram málskoti eða leggja fram kröfu um endurupptöku.

Hafi dómur verið kveðinn upp á Írlandi eða í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi skal litið á hvert það málskot, sem heimilað er í dómsríkinu, sem venjulegt málskot í merkingu 1. mgr.

Dómstóllinn getur einnig áskilið um fullnustu að sett verði trygging sem dómstóllinn ákvarðar.

39. gr.

Meðan frestur til málskots samkvæmt 36. gr. er ekki liðinn og þar til niðurstaða af slíku málskoti liggur fyrir má ekki gera aðrar ráðstafanir til fullnustu en þær sem miða að því að tryggja fullnustu í eignum þess aðila sem fullnustu er krafist hjá.

Ákvörðun um að heimila fullnustu felur í sér rétt til að beita slíkum tryggingarráðstöfunum.

40. gr.

1. Nú er beiðni um fullnustu synjað og getur beiðandi þá skotið þeirri ákvörðun, eða óskað endurupptöku hennar:
   — í Belgíu til „cour d'appel" eða „hof van beroep",
   — í Danmörku til „landsret",
   — í Sambandslýðveldinu Þýskalandi til „Oberlandesgericht",
   — í Grikklandi til „εφετείο",
   — á Spáni til „Audiencia Provincial",
   — í Frakklandi til „cour d'appel",
   — á Írlandi til „High Court",
   — á Íslandi til héraðsdómara,
   — á Ítalíu til „corte d'appello",
   — í Lúxemborg til „Cour supérieure de justice" sem áfrýjunardómstóls í einkamálum,
   — í Hollandi til „gerechtshof",
   — í Noregi til „lagmannsrett",
   — í Austurríki til „Landesgericht" eða „Kreisgericht",
   — í Portúgal til „Tribunal da Relação",
   — í Sviss til „tribunal cantonal/Kantonsgericht/tribunale cantonale",
   — í Finnlandi til „hovioikeus/hovrätt",
   — í Svíþjóð til „Svea Hovrätt",
   — í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi:
     a) í Englandi og Wales til „High Court of Justice" eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, til „Magistrates' Court",
     b) í Skotlandi til „Court of Session" eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, til „Sheriff Court",
     c) á Norður-Írlandi til „High Court of Justice" eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, til „Magistrates' Court".
2. Aðila þeim, sem fullnustu er krafist hjá, skal stefnt til að mæta fyrir dómstóli þeim sem máli er skotið til. Mæti hann ekki gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 20. gr., jafnvel þótt hann eigi ekki heimili í samningsríki.

41. gr.

Niðurstöðu máls, sem sætt hefur málskoti samkvæmt 40. gr., verður einungis hnekkt:
— í Belgíu, í Grikklandi, á Spáni, í Frakklandi, á Ítalíu, í Lúxemborg og í Hollandi með áfrýjun til ógildingar,
— í Danmörku með áfrýjun til „højesteret" að fengnu leyfi dómsmálaráðherra,
— í Sambandslýðveldinu Þýskalandi með „Rechtsbeschwerde",
— á Írlandi með áfrýjun um lagaatriði til „Supreme Court",
— á Íslandi með áfrýjun til Hæstaréttar,
— í Noregi með áfrýjun („kjæremål" eða „anke") til „Höyesteretts kjæremålsutvalg" eða „Höyesterett",

— í Austurríki með „Revisionsrekurs“,
— í Portúgal með áfrýjun um lagaatriði,
— í Sviss með „recours de droit public devant le tribunal fédéral/staatsrechtliche Beschwerde beim Bundesgericht/ricorso di diritto pubblico davanti al tribunale federale“,
— í Finnlandi með áfrýjun til „korkein oikeus/högsta domstolen“,
— í Svíþjóð með áfrýjun til „högsta domstolen“,
— í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi með einum möguleika á áfrýjun um lagaatriði.

42. gr.

Nú hefur í erlendum dómi verið tekin afstaða til margra krafna og ekki er unnt að heimila fullnustu þeirra allra og skal þá dómstóllinn heimila fullnustu einnar þeirra eða fleiri. Beiðandinn getur krafist fullnustu dóms að hluta til.

43. gr.

Hafi erlendur dómur mælt fyrir um févíti verður honum aðeins fullnægt í því ríki þar sem fullnustu er krafist ef fjárhæð févítisins hefur verið endanlega ákveðin af dómstólum í dómsríkinu.

44. gr.

Ef sá sem fullnustu krefst hefur í dómsríkinu að öllu leyti eða að hluta notið að lögum fjárhagslegrar aðstoðar við málarekstur eða verið undanþeginn kostnaði eða gjöldum skal hann við þá málsmeðferð, sem í 32.–35. gr. getur, njóta allrar þeirrar aðstoðar eða undanþágna frá kostnaði eða gjöldum sem framast eru veittar með lögum í því ríki þar sem fullnustu er krafist.

Þó getur sá sem krefst fullnustu á úrskurði um framfærsluskyldu sem stjórnvald í Danmörku eða á Íslandi hefur kveðið upp nýtt sér í því ríki, þar sem fullnustu er krafist, það hagræði sem í 1. mgr. segir ef hann leggur fram yfirlýsingu frá danska dómsmálaráðuneytinu eða því íslenska, eftir því sem við á, um að hann fullnægi efnahagslegum skilyrðum til fjárhagslegrar aðstoðar að öllu leyti eða að hluta eða til undanþágu frá kostnaði eða gjöldum.

45. gr.

Aðili, sem krefst fullnustu í samningsríki á dómi sem upp hefur verið kveðinn í öðru samningsríki, verður ekki krafinn um neins konar tryggingu eða framlag á þeim forsendum að hann sé erlendur ríkisborgari eða að hann eigi ekki heimili eða dvöl í því ríki þar sem fullnustu er krafist.

3. kafli.

Sameiginleg ákvæði.

46. gr.

Aðili, sem krefst viðurkenningar eða fullnustu á dómi, skal leggja fram:

1. endurrit dóms sem fullnægir nauðsynlegum skilyrðum til að sanna gildi hans;
2. ef um útivistardóm er að ræða, frumrit eða staðfest afrit af skjali sem sýnir að stefna eða samsvarandi skjal hafi verið birt þeim sem útivist varð hjá.

47. gr.

Aðili, sem krefst fullnustu, skal einnig leggja fram:

1. skjöl sem sýna að dómurinn sé fullnustuhæfur samkvæmt lögum dómsríkisins og hafi verið birtur;
2. ef það á við skjal sem sýnir að beiðandi hafi að lögum notið fjárhagslegrar aðstoðar við málarekstur í dómsríkinu.

48. gr.

Hafi þau skjöl, sem tilgreind eru í 2. tölul. 46. gr. og 2. tölul. 47. gr., ekki verið lögð fram getur dómstóllinn sett frest til framlagningar þeirra, tekið samsvarandi skjöl gild eða, ef dómstóllinn telur mál nægilega upplýst, fallið frá kröfu um framlagningu þeirra.

Ef dómstóllinn krefst þess skal leggja fram þýðingu á skjölunum; skal þýðingin staðfest af manni sem til þess er bær í einhverju samningsríkjanna.

49. gr.

Ekki verður krafist löggildingar eða svipaðra formsatriða að því er varðar skjöl þau sem fjallað er um í 46. og 47. gr. og 2. mgr. 48. gr., né að því er varðar málflutningsumboð.

IV. HLUTI
OPINBERLEGA STAÐFEST SKJÖL OG RÉTTARSÁTTIR

50. gr.

Opinberlega staðfest skjal, sem gefið hefur verið út og fullnustuhæft er í samningsríki, skal samkvæmt beiðni lýsa fullnustuhæft í öðru samningsríki samkvæmt þeim reglum sem greinir í 31. gr. og eftirfarandi greinum. Beiðni má aðeins synja ef fullnusta skjalsins væri andstæð allsherjarreglu í ríki því sem beiðni er beint til.

Skjalið skal fullnægja þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að sanna að það sé opinberlega staðfest skjal í ríki því sem það var gefið út í.

Ákvæðin í 3. kafla III. hluta gilda eftir því sem við á.

51. gr.

Sátt, sem gerð hefur verið fyrir dómstóli við meðferð máls og er fullnustuhæf í því ríki þar sem hún var gerð, má fullnægja í því ríki, þar sem fullnustu er krafist, með sömu skilyrðum og gilda um opinberlega staðfest skjöl.

V. HLUTI
ALMENN ÁKVÆÐI

52. gr.

Þegar ákvarða skal hvort aðili eigi heimili í samningsríki þar sem mál hefur verið höfðað skal dómstóllinn beita þeim lögum sem við hann gilda.

Ef aðili á ekki heimili í því ríki þar sem mál hefur verið höfðað skal dómstóllinn, þegar hann tekur afstöðu til þess hvort aðilinn eigi heimili í öðru samningsríki, beita lögum þess ríkis.

53. gr.

Þegar beitt er ákvæðum samnings þessa skal telja aðsetur félags eða annarrar lögpersónu heimili þess. Þegar ákvarða skal um aðsetrið skal dómstóllinn þó beita þeim lagaskilareglum sem við hann gilda.

Þegar ákvarða skal hvort fjárvörslusjóður eigi heimili í samningsríki þar sem mál hefur verið höfðað skal dómstóllinn beita þeim lagaskilareglum sem við hann gilda.

VI. HLUTI
BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

54. gr.

Ákvæðum samnings þessa skal einungis beita um dómsmál sem höfðuð eru og um opinberlega staðfest skjöl sem gefin eru út eftir að samningurinn öðlast gildi í dómsríkinu, og þegar krafist er viðurkenningar eða fullnustu á dómi eða opinberlega staðfestu skjali, í því ríki sem beiðni er beint til.

Þó skulu dómar, sem kveðnir eru upp eftir að samningur þessi öðlast gildi milli dómsríkisins og þess ríkis sem beiðni er beint til, í málum, sem höfðuð eru fyrir þann tíma, viðurkenndir og þeim fullnægt samkvæmt ákvæðum III. hluta ef dómsvald dómstólsins byggðist á hliðstæðum reglum og eru í II. hluta samnings þessa eða í samningi sem í gildi var milli dómsríkisins og þess ríkis sem beiðni er beint til þegar málið var höfðað.

Ef ágreiningur aðila varðar samning og þeir höfðu skriflega samið um það áður en samningur þessi öðlast gildi að írskar réttarreglur eða réttarreglur í hluta Stóra-Bretlands og Norður-Írlands skuli gilda um samninginn skulu írskir dómstólar eða dómstólar í þeim hluta Stóra-Bretlands og Norður-Írlands halda dómsvaldi í málinu.

54. gr. A.

Í þrjú ár frá því að samningur þessi öðlast gildi gagnvart Danmörku, Grikklandi, Írlandi, Íslandi, Noregi, Finnlandi eða Svíþjóð, eftir því sem við á, skal dómsvald dómstóla þeirra í sjóréttarmálum ekki einungis fara eftir ákvæðum II. hluta heldur einnig eftir ákvæðum í 1.–7. tölul. hér á eftir. Þó skulu ákvæði þessi falla úr gildi gagnvart hverju þessara ríkja þegar alþjóðasamningur um kyrrsetningu hafskipa, sem undirritaður var í Brussel 10. maí 1952, öðlast gildi gagnvart því.

1. Mann, sem á heimili í samningsríki, má lögsækja fyrir dómstólum í einhverju hinna áðurnefndu ríkja vegna sjóréttarkröfu ef skip það, sem krafan varðar, eða eitthvert annað skip í eigu hans hefur verið kyrrsett með ákvörðun dómstóls í því ríki til tryggingar kröfunni eða kyrrsetja hefði mátt skipið ef ábyrgð eða önnur trygging hefði ekki verið sett og:
   a) kröfuhafi á heimili í því ríki, eða
   b) til kröfunnar stofnaðist í því ríki, eða
   c) krafan hefur stofnast í þeirri ferð sem skip var í þegar kyrrsetning fór fram eða hefði mátt fara fram, eða
   d) krafan stafar af árekstri eða tjóni sem skip hefur valdið öðru skipi eða mönnum eða munum um borð í öðru hvoru þeirra vegna athafnar eða vanrækslu við stjórntök eða vegna þess að reglum var ekki fylgt, eða
   e) krafan er vegna björgunar, eða
   f) krafan er tryggð með veði eða öðrum tryggingarrétti í hinu kyrrsetta skipi.
2. Kröfuhafi getur komið fram kyrrsetningu á því skipi sem sjóréttarkrafa hans varðar eða á einhverju öðru skipi í eigu sama aðila og átti það skip þegar til kröfunnar stofnaðist. Þó má einungis kyrrsetja sama skip og sjóréttarkrafan varðar vegna þeirra krafna sem nefndar eru í o-, p- og q-lið 5. tölul. í grein þessari.
3. Skip skal talið í eigu sama eiganda þegar allir eignarhlutar í því eru í eigu sama manns eða manna.
4. Þegar um skipsleigu (þurrleigu) er að ræða og leigutaki er einn ábyrgur fyrir sjóréttarkröfu vegna þess skips getur kröfuhafi kyrrsett skipið eða eitthvert annað skip sem leigutaki á en ekki má kyrrsetja annað skip eigandans vegna slíkrar kröfu. Sama gildir ávallt þegar annar maður en eigandi skips er ábyrgur fyrir sjóréttarkröfu vegna skipsins.

5. Með „sjóréttarkröfu“ er átt við kröfu sem rekja má til eins eða fleiri eftirfarandi atriða:
   a) tjóns sem skip veldur með árekstri eða á annan hátt,
   b) mannsláts eða líkamstjóns sem skip hefur valdið eða verður í tengslum við rekstur skips,
   c) björgunar,
   d) samnings um notkun skips eða leigu samkvæmt skriflegum farmsamningi eða á annan hátt,
   e) samnings um flutning á vörum með skipi samkvæmt skriflegum farmsamningi eða á annan hátt,
   f) tjóns á vörum, þar á meðal farangri, sem fluttar eru með skipi,
   g) sameiginlegs sjótjóns,
   h) neyðarláns sem skipstjóri tekur (sjólán),
   i) dráttar,
   j) hafnsögu,
   k) afhendingar á vörum eða efni til rekstrar eða viðhalds skips án tillits til þess hvar afhending fór fram,
   l) smíði eða viðgerðar á skipi, búnaðar til skips eða gjalda og kostnaðar vegna hafnarlegu,
   m) launa skipstjóra, yfirmanna og áhafnar,
   n) útlagðs kostnaðar skipstjóra og útlagðs kostnaðar farmsendanda, farmsamningshafa eða umboðsmanna fyrir hönd skips eða eiganda þess,
   o) ágreinings um eignarrétt á skipi,
   p) ágreinings milli sameigenda skips um eignarhlut í því, umráð þess eða rekstur eða tekjur af því,
   q) veðréttar eða annars tryggingarréttar í skipi.
6. Í Danmörku skal litið svo á að hugtakið „kyrrsetning“ taki einnig, að því er varðar sjóréttarkröfur samkvæmt o- og p-lið 5. tölul. í grein þessari, til „forbud“ þar sem það er eina réttarfarsúrræðið vegna slíkra krafna samkvæmt 646.–653. gr. réttarfarslaga (lov om rettens pleje).
7. Á Íslandi skal litið svo á að hugtakið „kyrrsetning“ taki einnig, að því er varðar sjóréttarkröfur samkvæmt o- og p-lið 5. tölul. í grein þessari, til „lögbanns“ þar sem það er eina réttarfarsúrræðið vegna slíkra krafna samkvæmt III. kafla laga um kyrrsetningu og lögbann.

VII. HLUTI
AFSTAÐA TIL BRUSSELSAMNINGSINS OG ANNARRA SAMNINGA
54. gr. B.

1. Samningur þessi hindrar ekki að aðildarríki Evrópubandalaganna beiti samningi um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum, sem undirritaður var í Brussel 27. september 1968, eða bókun um túlkun dómstóls Evrópubandalaganna á þeim samningi, sem undirrituð var í Lúxemborg 3. júní 1971, eins og þeim hefur verið breytt með aðildarsamningum ríkja Evrópubandalaganna að þeim samningi og bókun, en samningar þessir allir og bókunin eru hér á eftir nefnd „Brusselsamningurinn“.
2. Samningi þessum skal þó ávallt beita:
   a) við úrlausn um dómsvald ef varnaraðili á heimili í samningsríki sem ekki er aðili að Evrópubandalögunum eða ef dómstólum í slíku samningsríki er veitt dómsvald með 16. eða 17. gr. samnings þessa,
   b) um „litis pendens“ eða skyldar kröfur, sbr. 21. og 22. gr., þegar mál er höfðað í samningsríki sem ekki er aðili að Evrópubandalögunum og í samningsríki sem er aðili að Evrópubandalögunum,

c) við úrlausn um viðurkenningu og fullnustu þegar annaðhvort dómsríkið eða ríki það, sem beiðni er beint til, er ekki aðili að Evrópubandalögunum.

3. Auk þeirra ástæðna, sem tilgreindar eru í III. hluta, má synja um viðurkenningu eða fullnustu ef þær reglur, sem dómstóllinn hefur byggt dómsvald sitt á, eru aðrar en þær sem af samningi þessum leiðir og krafist er viðurkenningar eða fullnustu hjá aðila sem á heimili í samningsríki sem ekki er aðili að Evrópubandalögunum, nema dóminn megi ella viðurkenna eða honum megi fullnægja samkvæmt lögum í því ríki sem beiðni er beint til.

55. gr.

Að öðru leyti en því, sem leiðir af 2. mgr. 54. gr. og 56. gr., kemur samningur þessi, hvað aðildarríki hans varðar, í stað eftirfarandi samninga milli tveggja þeirra eða fleiri:

— samnings milli Sviss og Frakklands um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í París 15. júní 1869,
— samnings milli Sviss og Spánar um gagnkvæma fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Madríd 19. nóvember 1896,
— samnings milli Sviss og Þýska ríkisins um viðurkenningu og fullnustu dóma og gerðardóma sem undirritaður var í Bern 2. nóvember 1929,
— samnings milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 16. mars 1932,
— samnings milli Sviss og Ítalíu um viðurkenningu og fullnustu dóma sem undirritaður var í Róm 3. janúar 1933,
— samnings milli Svíþjóðar og Sviss um viðurkenningu og fullnustu dóma og gerðardóma sem undirritaður var í Stokkhólmi 15. janúar 1936,
— samnings milli konungsríkisins Belgíu og Austurríkis um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma og opinberlega staðfestra skjala er varða framfærsluskyldu og undirritaður var í Vín 25. október 1957,
— samnings milli Sviss og Belgíu um viðurkenningu og fullnustu dóma og gerðardóma sem undirritaður var í Bern 29. apríl 1959,
— samnings milli Sambandslýðveldisins Þýskalands og Austurríkis um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma, sátta og opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Vín 6. júní 1959,
— samnings milli konungsríkisins Belgíu og Austurríkis um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma, gerðardóma og opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Vín 16. júní 1959,
— samnings milli Austurríkis og Sviss um viðurkenningu og fullnustu dóma sem undirritaður var í Bern 16. desember 1960,
— samnings milli Noregs annars vegar og Stóra-Bretlands og Norður-Írlands hins vegar um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Lundúnum 12. júní 1961,
— samnings milli Stóra-Bretlands og Norður-Írlands annars vegar og Austurríkis hins vegar með ákvæðum um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Vín 14. júlí 1961, ásamt breytingarbókun undirritaðri í Lundúnum 6. mars 1970,
— samnings milli konungsríkisins Hollands og Austurríkis um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma og opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Haag 6. febrúar 1963,
— samnings milli Frakklands og Austurríkis um viðurkenningu og fullnustu dóma og opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Vín 15. júlí 1966,

— samnings milli Lúxemborgar og Austurríkis um viðurkenningu og fullnustu dóma og opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Lúxemborg 29. júlí 1971,
— samnings milli Ítalíu og Austurríkis um viðurkenningu og fullnustu dóma, sátta og opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Róm 16. nóvember 1971,
— samnings milli Noregs og Sambandslýðveldisins Þýskalands um viðurkenningu og fullnustu dóma og fullnustuskjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Ósló 17. júní 1977,
— samnings milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu og fullnægju á kröfum borgararéttarlegs eðlis sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 11. október 1977,
— samnings milli Austurríkis og Svíþjóðar um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Stokkhólmi 16. september 1982,
— samnings milli Austurríkis og Spánar um viðurkenningu og fullnustu dóma, sátta og fullnustuhæfra opinberlega staðfestra skjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Vín 17. febrúar 1984,
— samnings milli Noregs og Austurríkis um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Vín 21. maí 1984 og
— samnings milli Finnlands og Austurríkis um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Vín 17. nóvember 1986.

56. gr.

Samningar þeir, sem taldir eru í 55. gr., skulu halda gildi sínu á þeim sviðum sem samningur þessi tekur ekki til.

Þeir skulu enn fremur halda gildi sínu um dóma sem kveðnir eru upp og um opinberlega staðfest skjöl sem gefin eru út áður en samningur þessi öðlast gildi.

57. gr.

1. Samningur þessi hefur ekki áhrif á samninga sem samningsríkin eru eða verða aðilar að og ákvarða dómsvald eða viðurkenningu eða fullnustu dóma á tilteknum sviðum.
2. Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að dómstóll í samningsríki, sem er aðili að samningi sem 1. mgr. tekur til, taki sér dómsvald samkvæmt þeim samningi enda þótt varnaraðili eigi heimili í samningsríki sem ekki er aðili að þeim samningi. Dómstóll sá, sem mál hefur til meðferðar, skal þó ávallt beita ákvæðum 20. gr. samnings þessa.
3. Dómar, sem kveðnir eru upp í samningsríki af dómstóli sem dómsvald hefur samkvæmt samningi sem 1. mgr. tekur til, skulu viðurkenndir og þeim fullnægt í öðrum samningsríkjum í samræmi við ákvæðin í III. hluta samnings þessa.
4. Auk þeirra ástæðna, sem tilgreindar eru í III. hluta, má synja um viðurkenningu eða fullnustu ef ríki það, sem beiðni er beint til, er ekki aðili að samningi sem 1. mgr. tekur til og sá maður, sem viðurkenningar eða fullnustu er krafist hjá, á heimili í því ríki, nema dóminn megi ella viðurkenna eða honum megi fullnægja samkvæmt lögum í því ríki sem beiðni er beint til.
5. Nú eru bæði dómsríkið og ríki það, sem beiðni er beint til, aðilar að samningi sem 1. mgr. tekur til og samningurinn tilgreinir skilyrði fyrir viðurkenningu eða fullnustu dóma og skulu þá þau skilyrði gilda. Ávallt má beita ákvæðum samnings þessa um málsmeðferð til viðurkenningar og fullnustu dóma.

58. gr.
— Engin. —

59. gr.

Samningur þessi er því ekki til fyrirstöðu að samningsríki skuldbindi sig gagnvart þriðja ríki með samningi um viðurkenningu og fullnustu dóma til þess að viðurkenna ekki dóma, sem kveðnir eru upp í öðrum samningsríkjum, gegn varnaraðilum sem eiga heimili eða dveljast að jafnaði í þriðja ríkinu ef svo stendur á sem í 4. gr. segir og dóminn mátti einungis byggja á varnarþingsreglu sem tilgreind er í 2. mgr. 3. gr.

Þó má samningsríki ekki skuldbinda sig gagnvart þriðja ríki til að viðurkenna ekki dóm sem kveðinn er upp í öðru samningsríki af dómstóli sem byggir dómsvald sitt á því að varnaraðili á eignir í því ríki eða á því að sóknaraðili hefur komið fram aðför í eign sem er í því ríki:

1. ef málið varðar eignarrétt eða umráðarétt yfir eigninni, miðar að því að öðlast ráðstöfunarrétt yfir henni eða varðar annan ágreining um eignina, eða
2. ef eignin hefur verið sett til tryggingar kröfu sem málið varðar.

VIII. HLUTI
LOKAÁKVÆÐI

60. gr.

Aðilar að samningi þessum geta orðið:

a) ríki sem eru aðilar að Evrópubandalögunum eða Fríverslunarsamtökum Evrópu þegar samningur þessi er lagður fram til undirritunar,
b) ríki sem gerast aðilar að Evrópubandalögunum eða Fríverslunarsamtökum Evrópu eftir að samningur þessi er lagður fram til undirritunar og
c) ríki sem boðin verður aðild í samræmi við b-lið 1. mgr. 62. gr.

61. gr.

1. Samning þennan skal leggja fram til undirritunar af hálfu ríkja sem eru aðilar að Evrópubandalögunum eða Fríverslunarsamtökum Evrópu.
2. Samningurinn er háður fullgildingu af hálfu þeirra ríkja sem undirrita hann. Fullgildingarskjölin skal afhenda svissneska sambandsráðinu til vörslu.
3. Samningurinn öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir þann dag þegar tvö ríki, og skal annað þeirra vera aðili að Evrópubandalögunum og hitt aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, hafa afhent fullgildingarskjöl sín.
4. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju öðru ríki sem undirritar hann fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að það ríki hefur afhent fullgildingarskjal sitt.

62. gr.

1. Þegar samningur þessi hefur öðlast gildi er aðild að honum heimil:
   a) ríkjum sem vísað er til í b-lið 60. gr.,
   b) öðrum ríkjum sem samkvæmt beiðni samningsríkis til vörsluaðilans hefur verið boðin aðild. Vörsluaðilinn skal því aðeins bjóða viðkomandi ríki aðild að hann, eftir að hafa kynnt efni þeirra yfirlýsinga sem ríkið hyggst gefa í samræmi við 63. gr., hefur fengið einróma samþykki þeirra ríkja, sem undirritað hafa samninginn, og samningsríkja sem vísað er til í a- og b-lið 60. gr.

2. Ef ríki, sem gerist aðili að samningnum, óskar að leggja fram nánari upplýsingar vegna bókunar nr. 1 skulu hafnar um það samningaviðræður. Svissneska sambandsráðið skal boða til samningaráðstefnu í því skyni.
3. Gagnvart ríki, sem gerist aðili, öðlast samningurinn gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir þann dag er aðildarskjal þess er afhent.
4. En gagnvart ríki, sem gerist aðili og vísað er til í a- eða b-lið 1. mgr., öðlast samningurinn einungis gildi að því er varðar samskipti þess og þeirra samningsríkja sem ekki hafa andmælt aðild þess fyrir fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að aðildarskjalið er afhent.

63. gr.

Hvert það ríki, sem gerist aðili að samningi þessum, skal, þegar það afhendir aðildarskjal sitt, láta í té þær upplýsingar sem þörf er á vegna 3., 32., 37., 40., 41. og 55. gr. samnings þessa og veita, ef það á við, þær nánari upplýsingar sem mælt var fyrir um við samningaviðræðurnar vegna bókunar nr. 1.

64. gr.

1. Samningur þessi er í fyrstu gerður til fimm ára talið frá gildistökudegi samkvæmt 3. mgr. 61. gr. og á það einnig við um ríki sem síðar fullgilda hann eða gerast aðilar að honum.
2. Að loknu fimm ára tímabilinu framlengist samningurinn sjálfkrafa um eitt ár í senn.
3. Að loknu fimm ára tímabilinu getur sérhvert samningsríki, hvenær sem er, sagt samningnum upp með tilkynningu til svissneska sambandsráðsins.
4. Uppsögnin öðlast gildi við lok þess almanaksárs þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi er svissneska sambandsráðið veitti tilkynningu um uppsögn viðtöku.

65. gr.

Eftirtaldar bókanir fylgja samningi þessum:
— bókun nr. 1 um tiltekin atriði varðandi varnarþing, málsmeðferð og fullnustu,
— bókun nr. 2 um samræmda túlkun samningsins,
— bókun nr. 3 um beitingu 57. gr.

Bókanir þessar skulu teljast óaðskiljanlegur hluti samningsins.

66. gr.

Sérhvert samningsríki getur farið fram á endurskoðun samnings þessa. Í því skyni skal svissneska sambandsráðið boða til endurskoðunarráðstefnu áður en sex mánuðir eru liðnir frá því farið var fram á endurskoðun.

67. gr.

Svissneska sambandsráðið skal tilkynna þeim ríkjum, sem áttu fulltrúa á ráðstefnu stjórnarerindreka í Lúganó og þeim ríkjum sem síðar hafa gerst aðilar að samningnum, um:
a) afhendingu sérhvers fullgildingar- eða aðildarskjals,
b) gildistökudaga samnings þessa gagnvart samningsríkjunum,
c) sérhverja uppsögn sem móttekin er samkvæmt 64. gr.,
d) sérhverja yfirlýsingu sem móttekin er samkvæmt I. gr. a í bókun nr. 1,
e) sérhverja yfirlýsingu sem móttekin er samkvæmt I. gr. b í bókun nr. 1,

f) sérhverja yfirlýsingu sem móttekin er samkvæmt IV. gr. í bókun nr. 1,
g) sérhverja tilkynningu sem gerð er samkæmt VI. gr. í bókun nr. 1.

68. gr.

Samningur þessi, sem gerður er í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku, þar sem allir fjórtán textarnir eru jafngildir, skal varðveittur í skjalasafni svissneska sambandsráðsins. Svissneska sambandsráðið skal senda staðfest afrit samningsins til ríkisstjórnar sérhvers ríkis sem átti fulltrúa á ráðstefnu stjórnarerindreka í Lúganó og til ríkisstjórnar sérhvers ríkis sem aðili gerist að samningnum.

BÓKUN NR. 1
um tiltekin atriði varðandi varnarþing, málsmeðferð og fullnustu.

SAMNINGSAÐILAR HAFA KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI ÁKVÆÐI SEM SKULU FYLGJA SAMNINGNUM:

I. gr.

Nú er maður, sem á heimili í Lúxemborg, lögsóttur fyrir dómstóli í öðru samningsríki samkvæmt 1. tölul. 5. gr. og getur hann þá mótmælt dómsvaldi þess dómstóls. Sæki varnaraðili ekki þing skal dómstóllinn sjálfkrafa vísa máli frá dómi.

Samningur um varnarþing, sem um ræðir í 17. gr., gildir því aðeins gagnvart manni sem á heimili í Lúxemborg að hann hafi samþykkt það berum orðum og sérstaklega hverju sinni.

I. gr. a.

1. Sviss áskilur sér rétt til að lýsa því yfir þegar það afhendir fullgildingarskjal sitt að dómur, sem kveðinn er upp í öðru samningsríki, muni hvorki verða viðurkenndur né honum fullnægt í Sviss ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:
   a) dómsvald þess dómstóls, sem kvað dóminn upp, byggist einungis á 1. tölul. 5. gr. samnings þessa, og
   b) varnaraðili átti heimili í Sviss þegar málið var höfðað; hvað grein þessa varðar telst félag eða önnur lögpersóna eiga heimili í Sviss ef hún á þar skráð aðsetur og aðalstöðvar starfseminnar eru þar í reynd, og
   c) varnaraðili andmælir viðurkenningu eða fullnustu dómsins í Sviss enda hafi hann ekki afsalað sér rétti til að bera fyrir sig þá yfirlýsingu sem gert er ráð fyrir í þessari málsgrein.
2. Fyrirvara þessum skal ekki beita að því leyti sem undanþága hefur verið veitt frá 59. gr. svissnesku sambandsstjórnarskrárinnar þegar viðurkenningar eða fullnustu er leitað. Ríkisstjórn Sviss skal tilkynna þeim ríkjum, sem undirrita samning þennan, og þeim ríkjum, sem gerast aðilar að honum, um slíkar undanþágur.
3. Fyrirvari þessi fellur úr gildi 31. desember 1999. Hann má afturkalla hvenær sem er.

I. gr. b.

Sérhvert samningsríki getur lýst því yfir við undirritun eða þegar fullgildingar- eða aðildarskjal er afhent að það áskilji sér rétt, þrátt fyrir ákvæði 28. gr., til að synja um viðurkenningu og fullnustu dóma sem kveðnir eru upp í öðrum samningsríkjum ef dómsvald dómstólsins í dómsríkinu samkvæmt b-lið 1. tölul. 16. gr. byggist einungis á heimili varnaraðila í dómsríkinu og eignin er á landsvæði þess ríkis sem fyrirvarann gerði.

II. gr.

Án þess að raskað sé gildi ákvæða í landslögum, sem betri rétt veita, geta þeir, sem eiga heimili í samningsríki og sæta málshöfðun, vegna brots sem framið var af gáleysi, fyrir sakadómi í öðru samningsríki þar sem þeir eru ekki ríkisborgarar, valið sér löghæfan mann til að annast vörn sína, einnig þótt þeir mæti ekki sjálfir fyrir dómi.

Dómstóll sá, sem með málið fer, getur þó ákveðið að viðkomandi skuli sjálfur koma fyrir dóm; komi hann ekki fyrir dóm þarf hvorki að viðurkenna né fullnægja í öðrum samningsríkjum dómi að því er tekur til kröfu borgararéttar eðlis ef hann átti þess ekki kost að taka til varna í málinu.

III. gr.

Engan skatt, gjald eða þóknun, sem reiknast með hliðsjón af verðmæti þeirra hagsmuna sem í húfi eru, má leggja á í tengslum við meðferð fullnustubeiðni í því ríki þar sem fullnustu er krafist.

IV. gr.

Réttarskjöl og utanréttarskjöl, sem gerð hafa verið í samningsríki og birta þarf manni í öðru samningsríki, skal framsenda með þeim hætti sem samningar eða samkomulag milli samningsríkjanna kveða á um.

Ef ríki það, þar sem birting skal fram fara, mótmælir því ekki með yfirlýsingu við svissneska sambandsráðið má einnig senda slík skjöl frá viðkomandi opinberum starfsmönnum í því ríki, þar sem skjal er samið, beint til viðkomandi opinberra starfsmanna í því ríki þar sem viðtakanda er að finna. Skal starfsmaðurinn í dómsríkinu þá senda samrit skjalsins til þess starfsmanns í því ríki, sem beiðni er send til, sem bær er til að afhenda það viðtakanda. Skjalið skal afhent með þeim hætti sem lög þess ríkis, sem beiðni er send til, mæla fyrir um. Afhendingin skal staðfest með vottorði sem senda skal beint til starfsmannsins í dómsríkinu.

V. gr.

Reglu 2. tölul. 6. gr. og 10. gr. um varnarþing í sakaukamálum eða í öðrum málum gegn þriðja manni má ekki beita í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, á Spáni, í Austurríki eða í Sviss. Mann, sem á heimili í öðru samningsríki, má lögsækja fyrir dómstólum:

— í Sambandslýðveldinu Þýskalandi samkvæmt 68., 72., 73. og 74. gr. laga um réttarfar í einkamálum (Zivilprozessordnung) varðandi tilkynningar um málshöfðun til þriðja manns,
— á Spáni samkvæmt 1482. gr. borgaralögbókar (Code civile),
— í Austurríki samkvæmt 21. gr. laga um réttarfar í einkamálum (Zivilprozessordnung) varðandi tilkynningar um málshöfðun til þriðja manns,

— í Sviss samkvæmt þeim ákvæðum sem eiga við um tilkynningar um málshöfðun til þriðja manns í kantónulögum um réttarfar í einkamálum.

Dómar, sem kveðnir eru upp í öðrum samningsríkjum í samræmi við 2. tölul. 6. gr. eða 10. gr., skulu viðurkenndir og þeim fullnægt í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, á Spáni, í Austurríki og í Sviss samkvæmt III. hluta. Þau réttaráhrif, sem dómar, sem kveðnir eru upp í ríkjum þessum, geta haft gagnvart þriðja manni með því að beita ákvæðum l. mgr., skal einnig viðurkenna í öðrum samningsríkjum.

V. gr. a.

Í málum, sem varða framfærsluskyldu, tekur hugtakið „dómstóll" einnig til danskra, íslenskra og norskra stjórnvalda.

Í einkamálum tekur hugtakið „dómstóll" einnig til hins finnska „ulosotonhaltija/överexekutor".

V. gr. b.

Í málum milli skipstjóra og einhvers í áhöfn hafskips, sem skráð er í Danmörku, í Grikklandi, á Írlandi, á Íslandi, í Noregi, í Portúgal eða í Svíþjóð, um kaup eða önnur starfskjör skal dómstóll í samningsríki athuga hvort sendierindreka þeim eða ræðiserindreka, sem ber ábyrgð á skipinu, hafi verið tilkynnt um ágreininginn. Skal dómstóllinn fresta málinu á meðan honum hefur ekki verið tilkynnt um það. Hann skal sjálfkrafa vísa málinu frá dómi ef erindrekinn, þegar honum hefur verið tilkynnt um málið, hefur nýtt þær heimildir sem honum eru veittar í samningi um ræðissamband eða, sé slíkum samningi ekki til að dreifa, mótmælt dómsvaldinu innan þess frests sem til þess hefur verið veittur.

V. gr. c.

— Engin. —

V. gr. d.

Að öðru leyti en því, sem greinir um lögsögu Evrópsku einkaleyfisskrifstofunnar samkvæmt samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa sem undirritaður var í München 5. október 1973, skulu dómstólar hvers samningsríkis einir hafa dómsvald, án tillits til heimilis, í málum um skráningu eða gildi evrópsks einkaleyfis sem veitt er fyrir það ríki og einkaleyfið er ekki bandalagseinkaleyfi samkvæmt 86. gr. í samningi um evrópsk einkaleyfi fyrir hinn sameiginlega markað sem undirritaður var í Lúxemborg 15. desember 1975.

VI. gr.

Samningsríkin skulu tilkynna svissneska sambandsráðinu um texta sérhvers ákvæðis í löggjöf þeirra sem annaðhvort breytir þeim ákvæðum í lögum þeirra, sem nefnd eru í samningnum, eða skrá þeirri um dómstóla sem kemur fram í 2. kafla III. hluta.

BÓKUN NR. 2
um samræmda túlkun samningsins.

INNGANGUR

SAMNINGSAÐILAR

SEM VÍSA til 65. gr. samnings þessa,

SEM HAFA Í HUGA hin nánu tengsl milli samnings þessa og Brusselsamningsins,

SEM HAFA Í HUGA að dómstóll Evrópubandalaganna hefur samkvæmt bókun frá 3. júní 1971 vald til þess að skera úr um túlkun á ákvæðum Brusselsamningsins,

SEM ER KUNNUGT um úrlausnir dómstóls Evrópubandalaganna um túlkun á Brusselsamningnum fram að undirritun samnings þessa,

SEM HAFA Í HUGA að samningaviðræður þær, sem voru undanfari þess að samningurinn var gerður, voru byggðar á Brusselsamningnum í ljósi þeirra úrlausna,

SEM VILJA, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, koma í veg fyrir mismunandi túlkun og ná eins samræmdri túlkun og unnt er á ákvæðum samningsins, og á ákvæðum þessa samnings og þeim ákvæðum Brusselsamningsins sem í öllum meginatriðum eru tekin upp í þennan samning,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Dómstólar hvers samningsríkis skulu, þegar þeir beita og túlka ákvæði samningsins, taka réttmætt tillit til þeirra meginsjónarmiða sem fram koma í úrlausnum dómstóla annarra samningsríkja sem máli skipta og varða ákvæði þessa samnings.

2. gr.

1. Samningsaðilar eru ásáttir um að koma á kerfi til að skiptast á upplýsingum um dóma sem kveðnir eru upp samkvæmt samningi þessum, svo og um dóma sem máli skipta og kveðnir eru upp samkvæmt Brusselsamningnum. Í kerfi þessu skal felast:
   - að þar til bær stjórnvöld sendi til sérstakrar miðstöðvar dóma sem kveðnir hafa verið upp á æðsta dómstigi og af dómstóli Evrópubandalaganna, svo og endanlega dóma sem sérstaka þýðingu hafa og kveðnir hafa verið upp samkvæmt samningi þessum eða Brusselsamningnum,
   - að miðstöðin flokki dóma þessa og semji og birti, eins og þörf krefur, þýðingar og úrdrætti,
   - að miðstöðin framsendi þau skjöl, sem máli skipta, til lögbærra stjórnvalda í öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum, svo og framkvæmdanefnd Evrópubandalaganna.
2. Miðstöðin er hjá ritara dómstóls Evrópubandalaganna.

3. gr.

1. Stofna skal fastanefnd vegna bókunar þessarar.
2. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af hverju ríki sem undirritað hefur samning þennan eða gerst aðili að honum.
3. Evrópubandalögin (framkvæmdanefnd, dómstóll og aðalskrifstofa ráðsins) og Fríverslunarsamtök Evrópu mega sækja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

4. gr.

1. Að ósk samningsaðila skal vörsluaðili samningsins boða til funda í nefndinni til að skiptast á skoðunum um hvernig samningurinn reynist, og einkum um
   — þróun fordæmisreglna samkvæmt þeim dómum sem sendir eru samkvæmt 1. undirlið 1. mgr. 2. gr.,
   — beitingu 57. gr. samningsins.
2. Í ljósi þessara skoðanaskipta getur nefndin einnig kannað hvort ástæða sé til að endurskoða einstök atriði samningsins og gert tillögur.

BÓKUN NR. 3
um beitingu 57. gr.

SAMNINGSAÐILAR HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

1. Ákvæði sem mæla fyrir um dómsvald eða viðurkenningu eða fullnustu dóma, að því er varðar tiltekin málefni, og felast eða munu felast í ákvörðunum stofnana Evrópubandalaganna, skal, hvað samninginn varðar, fara með á sama hátt og samninga þá sem vísað er til í 1. mgr. 57. gr.
2. Nú telur samningsríki að ákvæði, sem felst í ákvörðun stofnana Evrópubandalaganna, samrýmist ekki samningnum og skulu samningsríkin þá þegar íhuga að breyta samningnum samkvæmt 66. gr., án þess þó að raskað sé gildi þeirrar málsmeðferðar sem kveðið er á um í bókun nr. 2.

YFIRLÝSING
frá fulltrúum ríkisstjórna þeirra ríkja, sem hafa undirritað Lúganósamninginn og eru aðilar að Evrópubandalögunum, um bókun nr. 3 um beitingu 57. gr. samningsins.

Við undirritun samnings um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum í Lúganó 16. september 1988

LÝSA FULLTRÚAR RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJA EVRÓPUBANDALAGANNA

SEM HAFA Í HUGA þær skuldbindingar sem teknar hafa verið gagnvart aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu,

SEM ER UMHUGAÐ um að skaða ekki þá réttareiningu sem stofnað er til með samningnum,

ÞVÍ YFIR að þau muni gera allar ráðstafanir, sem í þeirra valdi standa, til að tryggja að virtar verði þær reglur um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma sem settar eru með samningnum þegar undirbúnar verða þær ákvarðanir sem fjallað er um í 1. mgr. bókunar nr. 3 um beitingu 57. gr.

YFIRLÝSING
frá fulltrúum ríkisstjórna þeirra ríkja sem hafa undirritað Lúganósamninginn og eru aðilar að Evrópubandalögunum.

Við undirritun samnings um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum í Lúganó 16. september 1988

LÝSA FULLTRÚAR RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJA EVRÓPUBANDALAGANNA

ÞVÍ YFIR að þau telja rétt að dómstóll Evrópubandalaganna taki við túlkun Brusselsamningsins réttmætt tillit til fordæma sem úrlausnir samkvæmt Lúganósamningnum veita.

YFIRLÝSING
frá fulltrúum ríkisstjórna þeirra ríkja sem hafa undirritað Lúganósamninginn og eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu.

Við undirritun samnings um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum í Lúganó 16. september 1988

LÝSA FULLTRÚAR RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJA FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU

ÞVÍ YFIR að þau telja rétt að dómstólar þeirra taki við túlkun samningsins réttmætt tillit til fordæma sem úrlausnir dómstóls Evrópubandalaganna og dómstóla í aðildarríkjum Evrópubandalaganna veita hvað varðar ákvæði Brusselsamningsins sem í öllum meginatriðum eru tekin upp í Lúganósamninginn.

LÖG

um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir bætur vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum í samræmi við ákvæði laga þessara, enda hafi brotið verið framið innan íslenska ríkisins. Í sérstökum tilvikum er heimilt að greiða bætur fyrir tjón sem leiðir af broti sem framið var utan íslenska ríkisins, enda sé tjónþoli búsettur á Íslandi eða íslenskur ríkisborgari.

Lög þessi gilda einnig um líkamstjón sem leiðir af aðstoð við lögreglu við handtöku, borgaralega handtöku eða að afstýra refsiverðri háttsemi.

II. KAFLI
Bótaskyld tjón.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir bætur vegna líkamstjóns. Sama gildir um tjón á fatnaði og öðrum persónulegum munum, þar á meðal lágum fjárhæðum í reiðufé, sem tjónþoli bar á sér þegar líkamstjóninu var valdið.

Andist tjónþoli vegna afleiðinga brots skulu greiddar bætur vegna hæfilegs útfararkostnaðar og bætur vegna missis framfæranda.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir bætur vegna miska. Þó á tjónþoli ekki rétt á miskabótum varði brot einungis við ákvæði í XXV. kafla almennra hegningarlaga.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir bætur vegna tjóns á munum er einstaklingur veldur með athöfnum sínum ef hann:

1. er að afplána refsivist í fangelsi,
2. er handtekinn í þeim tilgangi að hann sæti gæsluvarðhaldsvist eða er í gæsluvarðhaldi,
3. er vistaður á sjúkrahúsi gegn vilja sínum skv. 13. gr. lögræðislaga eða
4. er vistaður á ríkisstofnun gegn vilja sínum skv. 22. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

Bætur skulu greiddar fyrir tjón sem valdið er á umráðasvæði stofnunar eða meðan á dvöl utan hennar stendur að fengnu leyfi eða í tengslum við strok.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að greiða bætur fyrir tjón á munum sem maður veldur hafi hann strokið frá sambærilegri stofnun og greinir í 1. mgr. í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

5. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum skulu ekki greiddar:

1. til stjórnvalda eða opinberra stofnana,
2. þegar bæði tjónvaldur og tjónþoli voru, þegar brot var framið, um stundarsakir eða í stuttan tíma staddir hér á landi.

III. KAFLI
Skilyrði bótagreiðslu og fjárhæð bóta.

6. gr.

Það er skilyrði greiðslu bóta að brot, sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns.

Umsókn um bætur skal hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið.

7. gr.

Bætur vegna einstaks verknaðar skulu ekki greiddar nemi þær lægri fjárhæð en 10.000 kr.

Fyrir tjón á munum skulu ekki greiddar hærri bætur en 500.000 kr.

Fyrir líkamstjón skulu ekki greiddar hærri bætur en 5.000.000 kr.

Fyrir miska skulu ekki greiddar hærri bætur en 1.000.000 kr.

Fyrir missi framfæranda skulu ekki greiddar hærri bætur en 3.000.000 kr.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein taka verðlagsbreytingum skv. 15. gr. skaðabótalaga.

8. gr.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum gilda við ákvörðun bóta almennar reglur um skaðabótaábyrgð tjónvalds, þar á meðal um lækkun eða niðurfellingu bóta vegna eigin sakar tjónþola eða hins látna á tjóninu eða eigin áhættu. Við mat á því hvort lækka beri eða fella niður bætur samkvæmt þessu er heimilt að líta til háttsemi tjónþola eða umsækjanda fyrir brotið, við brotið eða eftir það.

Bætur fyrir muni skv. 4. gr. má lækka eða fella niður hafi tjónþoli, af ásetningi eða gáleysi, aukið hættu á tjóni með því að láta hjá líða að gera venjulegar varúðarráðstafanir. Sama gildir hafi munir ekki verið vátryggðir, enda hafi almennt mátt ætlast til þess af tjónþola.

9. gr.

Greiða skal tjónþola bætur samkvæmt lögum þessum þótt ekki sé vitað hver tjónvaldur er, hann sé ósakhæfur eða finnist ekki.

10. gr.

Frá ákvarðaðri fjárhæð bóta skal draga greiðslur sem tjónþoli hefur fengið eða samið um að fá greiddar frá tjónvaldi, greiðslur sem falla undir almannatryggingar, laun í veikindum, lífeyrisgreiðslur eða vátryggingabætur. Sama gildir um aðra fjárhagsaðstoð sem tjónþoli hefur fengið eða á rétt á vegna tjónsins.

Endurkröfur á hendur tjónþola skulu ekki greiddar.

11. gr.

Þegar bótakröfu hefur verið ráðið til lykta með dómi skal greiða bætur með þeirri fjárhæð sem ákveðin var í dóminum, sbr. þó ákvæði 7. gr., 2. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr.

Í sérstökum tilvikum er bótanefnd heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr., t.d. ef telja má með réttu að tjón tjónþola hafi ekki að fullu verið ljóst við meðferð málsins fyrir dómi.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki að því leyti sem tjónvaldur er talinn hafa viðurkennt kröfuna eða fjárhæð hennar undir rekstri máls.

12. gr.

Þegar tjónþoli hefur lagt fram beiðni um greiðslu bóta til bótanefndar og krafan er til meðferðar í dómsmáli á hendur tjónvaldi eða dæmd í héraði er bótanefnd heimilt að fresta ákvörðun um greiðslu bóta þar til endanlegur dómur liggur fyrir.

IV. KAFLI
Bótanefnd.

13. gr.

Bótanefnd tekur ákvörðun um greiðslu bóta.

Í bótanefnd eiga sæti þrír menn sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn þeirra formann nefndarinnar og þrjá menn til vara.

Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Um hæfi nefndarmanna til að fara með mál skal fara eftir reglum laga um sérstakt hæfi dómara.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um starfsháttu nefndarinnar.

14. gr.

Bótanefnd er heimilt að krefja tjónþola um hvers konar upplýsingar sem hún telur þörf á við meðferð umsóknar hans, þar á meðal er henni heimilt að kveðja tjónþola á fund nefndarinnar. Jafnframt er nefndinni heimilt að krefjast upplýsinga frá öðrum þeim er þekkja kunna til málavaxta.

Þegar um líkamstjón er að ræða getur nefndin óskað eftir því að tjónþoli láti lækni rannsaka sig. Nefndinni er heimilt að fá afrit úr sjúkraskrá tjónþola enda liggi fyrir samþykki hans.

Nefndinni er heimilt að krefjast yfirheyrslna fyrir dómi.

Verði tjónþoli ekki innan tilskilins frests við óskum nefndarinnar um framlagningu tiltekinna upplýsinga eða gagna er nefndinni heimilt að ljúka meðferð máls á grundvelli þeirra gagna er fyrir liggja.

15. gr.

Kostnaður vegna meðferðar máls hjá bótanefnd, þar á meðal vegna rannsóknar sem um getur í 2. mgr. 14. gr., greiðist úr ríkissjóði.

Í sérstökum tilvikum, svo sem vegna efnahags umsækjanda, er nefndinni heimilt að ákveða að umsækjandi skuli að hluta til eða að öllu leyti fá greiddan kostnað sem hann hefur þurft að bera í tilefni málsins.

16. gr.

Ákvörðun bótanefndar er endanleg niðurstaða máls á stjórnsýslustigi.

17. gr.

Þegar umsækjandi hefur gefið rangar upplýsingar eða leynt atriðum sem þýðingu hafa við ákvörðun um greiðslu bóta er heimilt að endurkrefja tjónþola um þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið með þeim hætti.

Enn fremur er heimilt að krefja tjónþola um endurgreiðslu bóta ef hann hefur síðar fengið tjón sitt bætt með öðrum hætti.

V. KAFLI
Gildistaka o.fl.

18. gr.

Lögreglu er skylt að leiðbeina tjónþola um rétt sinn til greiðslu bóta samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Þá er heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar og úthafsrækju og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

4. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 87/1994, fellur niður.

5. gr.

Við 17. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 36/1992, bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að settur skuli, á kostnað útgerða, sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskip.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við upphaf þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1995. Ákvæði 1. gr. koma þó þegar til framkvæmda. Hafi bindandi samningur verið gerður fyrir gildistöku laga þessara um kaup eða smíði á nýjum báti í stað krókabáts eða um breytingar á slíkum báti skulu eldri reglur um endurnýjun þó gilda um þann bát enda hafi hann fengið útgefið haffærisskírteini fyrir 31. ágúst 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á fiskveiðiárunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal árlega ráðstafa 5.000 lestum af þorski til jöfnunar samkvæmt þessu ákvæði. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan

fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar, sbr. 3. mgr. 7. gr.

Aflaheimildum skv. 1. mgr. skal árlega úthlutað til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til þess fiskveiðiárs er úthlutunin varðar. Skal úthlutunin framkvæmd eftir að ákvörðun hefur verið tekin um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. og miðast við að skerðing umfram tiltekin mörk skuli að fullu bætt, þó þannig að ekkert skip fái meira en 10 lestir af þorski, miðað við slægðan fisk, í sinn hlut árlega. Skip, sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992, skulu ekki njóta bóta samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um úthlutun samkvæmt þessari grein. Skal hann m.a. kveða á um við hvaða tíma skuli miða aflahlutdeild. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að litið skuli í heild á veiðiheimildir skipa í eigu sömu útgerðar varðandi bótaútreikning ef ástæða er til að ætla að reynt verði að hafa áhrif á bótaútreikning með millifærslu aflahlutdeildar milli skipa.

Á fiskveiðiárinu 1994/1995 skal úthluta sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar skv. 6. mgr. 10. gr. sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar. Skal þessum aflaheimildum úthlutað í samræmi við reglur 2. og 3. mgr. þessa ákvæðis eftir því sem við á og skal í þeim efnum miða við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995.

Við ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. á því tímabili sem um getur í 1. mgr. þessa ákvæðis er heimilt að taka mið af breytingum í aflamarki sem orðið hafa á lengra tímabili en milli fiskveiðiára.

II.

Á fiskveiðiárunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal Byggðastofnun árlega hafa til ráðstöfunar þorskaflahámark er nemur 500 lestum miðað við óslægðan fisk. Skal Byggðastofnun árlega ráðstafa þessum aflaheimildum til krókabáta sem gerðir eru út frá byggðarlögum sem algjörlega eru háð veiðum slíkra báta og standa höllum fæti. Frá og með fiskveiðiárinu 1999/2000 skal sjávarútvegsráðherra með reglugerð ráðstafa þessum aflaheimildum til krókabáta.

III.

Sjávarútvegsráðherra skal tafarlaust láta fara fram könnun á þeim kostum sem fyrir hendi eru til fjareftirlits með sjálfvirkum búnaði með fiskiskipum. Skal að því stefnt að kerfi er hafi virkt eftirlit með nýtingu sóknardaga báta sem krókaveiðar stunda verði komið á fyrir 1. febrúar 1996. Takist það ekki skal ráðherra með reglugerð kveða á um tilkynningarskyldu og eftirlit með þessum veiðum með öðrum hætti sem hann telur fullnægjandi.

Gjört í Reykjavík, 20. júní 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Setja skal á fót nefnd er hafi það hlutverk að ákveða fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar einstakra skipa svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Í nefndinni eiga sæti sjö menn, einn tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn af Sjómannasambandi Íslands, einn af Vélstjórafélagi Íslands, þrír af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og formaður sem sjávarútvegsráðherra skipar að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Úrskurðarnefnd ræður starfsfólk eða semur við aðra aðila um að annast starfsemi fyrir nefndina eftir því sem hagkvæmt þykir.

2. gr.

Úrskurðarnefnd skal afla ítarlegra gagna um fiskverð. Skal hún með skipulögðum hætti vinna úr upplýsingunum sundurliðað yfirlit um fiskverð á einstökum landsvæðum. Nefndin skal reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum og sjómönnum sem best. Þá skal nefndin afla gagna um afurðaverð og horfur um þróun þess.

3. gr.

Takist ekki samningar milli útgerðar og áhafnar fiskiskips um fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut þegar afli skipsins er afhentur eða seldur aðila sem telst skyldur útgerðinni geta þau heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna sem standa að tilnefningu úrskurðarnefndar skv. 1. gr. hvor um sig skotið málinu til úrlausnar nefndarinnar, í samræmi við ákvæði kjarasamninga aðila þar að lútandi.

Á sama hátt geta heildarsamtök sjómanna skotið til nefndarinnar ákvörðun fiskverðs í viðskiptum útgerðar við aðila sem ekki telst skyldur útgerðinni ef samningar um slíkt verð hafa ekki tekist innan fimm daga frá því að áhöfn skips óskaði slíkra samninga.

Útgerð og viðskiptaaðili hennar teljast skyld í þessu sambandi ef þau eru í eigu eða rekstri sama aðila, eða ef sami aðili á meiri hluta beggja fyrirtækjanna, svo sem meiri hluta stofnfjár eða hlutafjár eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar í þeim báðum eða hefur með öðrum hætti raunveruleg yfirráð þeirra beggja. Sama á við ef annað fyrirtækið hefur raunveruleg yfirráð yfir hinu með eignaraðild, atkvæðisrétti eða með öðrum hætti.

4. gr.

Úrskurðarnefnd skal ákvarða fiskverð til uppgjörs á aflahlut sjómanna í þeim tilvikum sem til hennar er skotið skv. 3. gr. Gildir ákvörðunin eingöngu um fiskverð gagnvart áhöfn þess skips sem málskotið varðar en ekki gagnvart áhöfnum annarra skipa sömu útgerðar. Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð í viðskiptum milli óskyldra aðila, sbr. 3. gr., gildir um verð í öllum slíkum viðskiptum á gildistíma ákvörðunar.

Ákvörðun nefndarinnar nær til verðs fyrir afla sem landað er eftir að málinu var skotið til hennar ef ákvörðun varðar viðskipti milli skyldra aðila, en til verðs fyrir afla sem landað

er eftir að ákvörðun nefndarinnar er tilkynnt aðilum ef hún varðar viðskipti milli óskyldra aðila. Nefndin ákveður sjálf hversu lengi ákvörðun hennar skuli gilda. Þó skal hún aldrei gilda lengur en í þrjá mánuði.

Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð, hvort sem hún varðar viðskipti milli skyldra aðila eða óskyldra, gildir ekki þegar afli er seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmörkuðum.

5. gr.

Úrskurðarnefnd skal við ákvörðun sína taka mið af upplýsingum sem safnað hefur verið á hennar vegum skv. 2. gr.

Nefndin skal við ákvörðun sína taka mið af því fiskverði sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla. Skal í því sambandi tekið mið af verði í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum. Þá skal nefndin taka tillit til líklegrar þróunar afurðaverðs. Varði ákvörðun nefndarinnar fiskverð í skiptum óskyldra aðila skal og taka tillit til heildarráðstöfunar á afla skips.

6. gr.

Úrskurðarnefnd skal leita upplýsinga hjá útgerð og áhöfn um öll þau atriði er máli kunna að skipta varðandi úrlausn í tilteknu máli. Er þessum aðilum svo og þeim aðilum sem hafa átt viðskipti með afla við útgerðina skylt að veita nefndinni allar þær upplýsingar er máli geta skipt og aðgang að öllum gögnum sem þýðingu hafa.

7. gr.

Þegar eftir að máli er skotið til úrskurðarnefndar skulu þeir nefndarmenn, sem tilnefndir eru af heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna, taka málið til umfjöllunar. Nái þeir ekki samkomulagi um ákvörðun fiskverðs innan 14 daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra aðila en innan sjö daga varði málið viðskipti óskyldra skal málið tekið fyrir í fullskipaðri nefnd og skal hún kveða upp úrskurð innan sjö daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra en innan fjögurra daga varði málið viðskipti óskyldra.

Samkomulagi nefndarinnar um fiskverð skulu fylgja forsendur þess en úrskurður fullskipaðrar nefndar skal vera rökstuddur.

8. gr.

Ákvörðun úrskurðarnefndar um fiskverð hvort sem hún byggist á samkomulagi eða úrskurði er bindandi gagnvart útgerð og allri áhöfn skips á gildistíma hennar og er óheimilt að semja um annað fiskverð við einstaklinga í áhöfn. Skal ákvörðun nefndarinnar lögð til grundvallar fyrir dómi, nema svo sé ástatt sem um er rætt í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma. Hafi skip landað afla hjá aðila er telst skyldur útgerð eftir að máli var skotið til nefndarinnar en áður en úrskurður er upp kveðinn getur nefndin úrskurðað um aflahlut áhafnar vegna þess afla. Er sá úrskurður aðfararhæfur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989.

9. gr.

Þegar úrskurður er kveðinn upp ræður afl atkvæða úrslitum í úrskurðarnefnd. Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstaks máls og málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Nefndarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í störfum sínum.

11. gr.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Þó skulu heildarsamtök útvegsmanna og sjómanna hver um sig bera kostnað af þeim fulltrúum sem hlutaðeigandi samtök hafa tilnefnt til setu í nefndinni.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að því tilskildu að kjarasamningur milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélstjórafélags Íslands hins vegar, undirritaður 15. júní 1995, verði samþykktur. Við gildistöku laganna falla úr gildi 1.–9. gr. laga nr. 79 19. maí 1994, um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 20. júní 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

20. júní 1995 Nr. 85

LÖG

um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, með síðari breytingu.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. Núverandi 2. mgr. verður 3. mgr. Málsgreinin orðast svo:

Eftirlitsmönnum eftirlitsstofnunar EFTA er heimilt í samvinnu við Fiskistofu og í fylgd starfsmanna hennar að gera vettvangsathugun hjá þeim aðilum sem fengið hafa vinnsluleyfi frá Fiskistofu, sbr. 12. gr. laganna, til að sannreyna að uppfyllt séu skilyrði laga þessara og reglna settra með stoð í þeim.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. júní 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 86 15. júní 1995

FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 119. löggjafarþings, frá 15. júní 1995.

Gjört að Bessastöðum, 15. júní 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 – 1995

28. júní 1995 265 Nr. 87

LÖG

um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á 1. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

Við lista skilgreininga orða og orðasambanda í 1. mgr. bætist eftirfarandi:

Tollabinding: Hámark tolla samkvæmt hinum almenna samningi um tolla og viðskipti 1994 í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar er undirritaður var af Íslands hálfu 15. apríl 1994, sbr. viðauka II við lög þessi.

Tollkvóti: Tiltekið magn vöru sem flutt er inn á lægri tollum en getið er um í 4. gr.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Af vörum, sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða toll eins og mælt er fyrir í tollskrá í viðauka I með lögum þessum sem hefur lagagildi. Tollur skal lagður sem verðtollur á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.–10. gr. og sem magntollur á vörumagn eftir því sem í tollskrá í viðauka I greinir. Aðra tolla og gjöld, sem mismuna innlendum og innfluttum framleiðsluvörum, má eigi leggja á vöruna við innflutning.

Ákvæði 1. mgr. skulu eigi koma í veg fyrir álagningu verðjöfnunargjalda samkvæmt ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga, sbr. 120. gr. laga þessara eða 72. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, enda rúmist slík gjaldtaka innan tollabindinga, sbr. 3. mgr.

Tollur á vörur frá aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar má eigi vera hærri en þær tollabindingar sem tilgreindar eru í viðaukum IIA og IIB með lögum þessum. Miðist tollabinding bæði við verð og magn skal hámarkstollur miðast við þá bindingu sem hærri álagningu leyfir. Þó er heimilt að víkja frá ákvæðum um tollabindingar þegar ákvörðun er tekin um álagningu undirboðs- og jöfnunartolla skv. 115.–119. gr. og viðbótartolla skv. 120. gr. laga þessara, sbr. 74. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

3. gr.

Við III. kafla laganna bætist ný grein, er verður 6. gr. A, er orðast svo:

Tollkvótar.

Í viðaukum IIIA og B eru tilgreindir tollkvótar samkvæmt skuldbindingum Íslands í samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vegna innflutnings á því magni sem tilgreint er fyrir hvert áranna 1995 til og með 2000. Um úthlutun þeirra fer skv. 53. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIA, skal vera 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIB, skal vera 30% en þó eigi hærri en í viðaukanum greinir. Við innflutning á fóðurvörum og hráefnum í þær í 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár skulu þó gilda þeir tolltaxtar sem tilgreindir eru í tollskrá í viðauka I.

Í viðaukum IVA og B eru tilgreindir tollkvótar sem landbúnaðarráðherra úthlutar skv. 53. gr. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt þeim tollkvótum sem tilgreindir eru í viðauka IVA, skal vera 50 eða 75 hundraðshlutar af þeim magntolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

Tollur á þær vörur, sem tilgreindar eru í viðauka IVB, skal vera 0, 25, 50 eða 75 hundraðshlutar af þeim tolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá.

4. gr.

10. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um ákvörðun tollverðs er taki mið af samningnum um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994. Reglurnar skulu m.a. tilgreina hvernig tollverð skal ákvarðað í þeim tilvikum sem ekki er hægt að ákvarða tollverð innflutningsvöru skv. 8. gr. og það sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 9. gr.

Ráðherra er með sama hætti heimilt að setja reglur um mat á vörum til tollverðs og málsmeðferðarreglur þegar ástæða þykir til að draga í efa sannleiksgildi vörureiknings og annarra þeirra atriða sem um ræðir í 8. gr. og þess sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 9. gr.

5. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1987, fellur niður.

6. gr.

Í VII. kafla laganna kemur ný grein, 50. gr. A, er verður svohljóðandi:

Ef grunur leikur á að innflutningur eigi sér stað á vöru sem brýtur gegn hugverkaréttindum er tollstjóra heimilt, að beiðni rétthafa, að fresta tollafgreiðslu vörunnar á meðan rétthafi leitar bráðabirgðaaðgerða hjá þar til bærum yfirvöldum og í framhaldi af þeim hefur málarekstur fyrir dómstólum. Eftirfarandi skilyrði eru fyrir heimild tollstjóra:

a. að rétthafi leggi fram skriflega beiðni til tollstjóra um að tollafgreiðslu verði frestað og skuldbindi sig til að greiða þann kostnað sem leiðir af aðgerðum tollyfirvalda,
b. að rétthafi leggi fram fullnægjandi gögn þess efnis að hugverkaréttindi njóti verndar hér á landi, að hann sé handhafi þess réttar og að innflutningur vörunnar muni brjóta

á rétti hans; hann skal jafnframt leggja fram nógu nákvæma lýsingu á vörunni til að tollyfirvöld geti borið kennsl á hana,

c. að rétthafi leggi fram tryggingu í formi fjárgreiðslu, eða með öðrum þeim hætti er tollstjóri telur fullnægjandi, er nægi til að bæta rétthafa, eiganda eða innflytjanda vörunnar það tjón eða kostnað sem óréttmæt frestun tollafgreiðslu kann að hafa í för með sér.

Hafi fullnægjandi gögn verið lögð fram er tollstjóra heimilt að fresta tollafgreiðslu vörunnar í allt að 10 virka daga. Hann skal þegar í stað tilkynna bæði rétthafa og eiganda vörunnar eða innflytjanda um ákvörðun sína. Hafi rétthafi eigi innan framagreinds frests hafist handa við að leita réttar síns hjá þar til bærum yfirvöldum, og tilkynnt tollyfirvöldum slíkt skriflega, er heimilt að tollafgreiða sendinguna. Heimilt er að framlengja framangreindan frest um 10 virka daga ef sérstakar ástæður mæla með því.

Tollstjóri getur að eigin frumkvæði ákveðið frestun tollafgreiðslu þegar hann hefur í höndum fullnægjandi gögn þess efnis að varan brjóti gegn hugverkaréttindum. Skal hann tilkynna rétthafa um ákvörðun sína með skriflegum hætti þegar í stað og gefa honum frest í þrjá virka daga frá móttöku bréfs til að fara fram á frestun tollafgreiðslu skv. 1. mgr. Geri rétthafi ekki tímanlega kröfu um frestun er heimilt að tollafgreiða vöruna.

Ef beiðni um bráðabirgðaaðgerð er synjað eða dómstóll hafnar því að um brot á hugverkarétti sé að ræða skal tollstjóri afturkalla ákvörðun sína um frestun tollafgreiðslu. Nú er með dómi kveðið á um að um brot á hugverkarétti sé að ræða og í dóminum er eigi mælt fyrir um ráðstöfun vörunnar og er þá tollyfirvaldi heimilt að farga vörunni eða að ráðstafa henni á annan þann hátt sem ekki brýtur á rétti rétthafa. Hafi dómi verið áfrýjað skal fresta förgun eða ráðstöfun vöru þar til niðurstöður liggja fyrir.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um vörur í litlu magni í farangri ferðamanna eða litlar vörusendingar, enda sé ekki um innflutning í viðskiptaskyni að ræða. Einnig eru undanskildar vörur sem settar hafa verið á markað í öðru landi af rétthafa eða með hans samþykki og vörur í umflutningi.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um frestun tollafgreiðslu. Hann getur jafnframt gert rétthafa að greiða geymslukostnað og þann kostnað sem tollyfirvöld hafa af framangreindum ráðstöfunum. Ráðherra getur ákveðið að framangreind ákvæði taki til útflutnings á vörum.

7. gr.

120. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þegar svo stendur á er greinir í 5. gr. samningsins um landbúnað í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar varðandi einhverjar af þeim vörum sem tilgreindar eru í viðauka IIA við lög þessi og þar eru merktar SSG að:

a. innflutt magn fer yfir mörk þau er tilgreind eru í 5. gr. tilvitnaðs samnings um landbúnað; eða, en þó ekki á sama tíma,

b. innflutningsverð vörunnar fellur niður fyrir tiltekin mörk, sbr. skilgreiningu í 5. gr. samningsins um landbúnað,

skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. 4. gr., tollur á viðkomandi vöru vera hámarkstollur samkvæmt tollbindingu í viðauka IIA að viðbættum viðbótartolli skv. 5. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað.

Viðbótartollar skulu að öðru leyti taka mið af skilyrðum 5. gr. samningsins um landbúnað. Tollur samkvæmt þessari grein kemur aðeins til framkvæmda að landbúnaðarráðherra hafi ákveðið að beita 5. gr. samningsins um landbúnað og gefið út reglugerð þar að lútandi.

8. gr.

Á 120. gr. A laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 18/1993, verða eftirfarandi breytingar:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur niður.
b. Í 2. mgr. breytist tilvísun í 1. málsl. 1. mgr. í tilvísun í 1. mgr.

9. gr.

Framan við 122. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar. Aðrar málsgreinar færast til sem því nemur og tilvísanir þeirra í 1. mgr. verða tilvísanir í 1. og 3. mgr. Hinar nýju málsgreinar verða svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja almennar upprunareglur er gildi við innflutning og útflutning vöru. Við setningu upprunareglna skal samráð eftir atvikum haft við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Reglurnar skulu grundvallaðar á eftirfarandi meginreglum:

a. Þegar viðmiðun um breytingu á tollflokkun er beitt skal tilgreina nákvæmlega undirliði og vöruliði þeirrar tollnafnaskrár sem notuð er.
b. Þegar miðað er við hundraðshluta af verðmæti skal tilgreina reikningsaðferðir.
c. Þegar miðað er við framleiðslu eða aðvinnsluaðferðir skal skýra nákvæmlega frá aðferðum sem gefa til kynna uppruna viðkomandi vöru.

Upprunareglur skal birta með reglugerð. Ráðherra er jafnframt heimilt að kveða á um að tollyfirvöld veiti innflytjendum, útflytjendum og aðilum sem hagsmuna eiga að gæta bindandi álit um uppruna vöru. Álitið skal veita eins fljótt og hægt er og eigi síðar en 150 dögum eftir að beiðni var lögð fram. Slíku áliti má skjóta til ríkistollanefndar.

10. gr.

Á tollskrá í viðauka I við tollalög verða breytingar eins og greinir í viðauka I með lögum þessum.

11. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki, viðauki II, tollabindingar, er skiptist í A- og B-hluta og er hann að finna í viðauka II með lögum þessum.

12. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki, viðauki III, er skiptist í A- og B-hluta, yfir tollkvóta sem skylt er að úthluta og er hann að finna í viðauka III með lögum þessum.

13. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki, viðauki IV, er skiptist í A- og B-hluta, yfir tollkvóta sem heimilt er að úthluta og er hann að finna í viðauka IV með lögum þessum.

II. KAFLI
Um breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

14. gr.

Eftirfarandi ákvæði falla niður:

1. C- og d-liðir 1. mgr. 30. gr.
2. 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.

15. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Andvirði tolla af innfluttu fóðri og hráefnum í það í 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, skal renna í sérstakan sjóð, fóðursjóð, sem skal vera í vörslu landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að greiða innflytjendum eða kaupendum fóðurs fé úr fóðursjóði sem samsvarar tollum þeim sem þeir hafa greitt við innflutning vörunnar eða fóðurkaup. Þá er enn fremur heimilt að greiða framleiðendum búvara fé úr fóðursjóði eftir afurðamagni. Ráðherra getur falið Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast greiðslur samkvæmt þessari grein og skal þá Ríkisendurskoðun endurskoða reikninga sjóðsins.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi fóðursjóðs og tilhögun greiðslna.

16. gr.

32. gr. laganna fellur niður.

17. gr.

33. gr. laganna orðast svo:

Eftirstöðvar tekna fóðursjóðs eftir greiðslur samkvæmt ákvæðum 31. gr. skulu renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Framleiðnisjóður skal, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, ráðstafa umræddu fé sem lánum eða framlögum til eflingar nýjum viðfangsefnum í landbúnaði og til stuðnings við búgreinar og breytingar búskaparhátta á lögbýlum.

18. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Innflutningur landbúnaðarvara frá ríkjum, sem staðfest hafa aðild sína að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, skal vera óheftur nema önnur lög takmarki. Með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum fríverslunar- og annarra milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að er landbúnaðarráðherra heimilt að takmarka innflutning landbúnaðarvara frá ríkjum utan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á vörum þeim er greinir í viðaukum I og II með lögum þessum.

Landbúnaðarráðherra er einnig heimilt að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaraukandi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér leifar lyfja og annarra aðskotaefna umfram það sem leyft er við framleiðslu hér á landi og geta verið hættuleg heilsu manna. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð á hvern hátt hagað skuli eftirliti með innflutningi afurðanna, sýnatöku og rannsóknum.

19. gr.

53. gr. laganna verður svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra úthlutar tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt viðaukum IIIA og B við tollalög, nr. 55/1987, á þeim tollum sem tilgreindir eru í 6. gr. A í tollalögum.

Úthlutun tollkvóta skal, eftir því sem við getur átt, vera í samræmi við samninginn um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem birtur er í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Umsókn um tollkvóta má aðeins taka til greina að umsækjandi hafi heildsöluleyfi. Heimilt er að skipta tollkvótum upp í einingar. Tollkvótum skal úthlutað til ákveðins tíma, allt að einu ári í senn. Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun eða leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum og skal andvirðið þá renna í ríkissjóð. Endurúthluta má tollkvótum sem ekki eru nýttir innan þess frests sem tilgreindur er við úthlutun kvótans. Heimilt er í stað

úthlutunar á tollkvóta að veita almenna heimild til innflutnings á þeim tollum sem um tollkvótana gilda.

Um viðurlög við misnotkun tollkvóta í því skyni að fá ívilnun í tolli eða sköttum við innflutning á vörum sem ekki falla undir tollkvótann skal fara skv. XIV. kafla tollalaga, nr. 55/1987. Heimilt er að synja þeim um úthlutun tollkvóta sem gerst hefur sekur um misnotkun.

Landbúnaðarráðherra birtir í reglugerð þær reglur sem gilda um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tollataxtar, viðurlög við misnotkun og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.

20. gr.

Við bætist ný grein sem verður 53. gr. A laganna, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að úthluta tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt viðaukum IVA og B við tollalög, nr. 55/1987, á þeim tollum sem tilgreindir eru í 6. gr. A í tollalögum. Getur hann ákveðið hverju sinni hvaða tolltöxtum 3. og 4. mgr. tilvitnaðs ákvæðis er beitt. Úthlutun tollkvóta skal eftir því sem við getur átt fara eftir ákvæðum 53. gr.

Ráðherra getur ákveðið að tollkvóti í viðauka IVB, sem við úthlutun ber lægri toll en kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. A tollalaga, komi til frádráttar tollkvóta í viðauka IIIB. Skerðir þá kvótinn ekki úthlutunarheimildir samkvæmt þessari grein.

Við úthlutun tollkvóta hefur ráðherra hliðsjón af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar og hvort innflutningsmagn í tollkvótum IIIA og IIIB hafi náð þeim mörkum sem þar eru sett.

Landbúnaðarráðherra birtir í reglugerð þær reglur sem gilda um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tolltaxtar, viðurlög við misnotkun, sbr. 4. mgr. 53. gr., og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.

21. gr.

Á 72. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 34/1994, verða eftirfarandi breytingar:

a. 1. mgr. orðast svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt, til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur úr viðaukum I og II með lögum þessum, sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi og sem heimilt er að leggja verðjöfnunargjöld á samkvæmt ákvæðum í fríverslunar- og öðrum milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

b. 7. mgr. fellur brott.

22. gr.

2. mgr. 73. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

Við lögin bætist ný grein, 74. gr., sem orðast svo:

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að lagður verði á tollur samkvæmt ákvæðum 120. gr. tollalaga við innflutning á þeim vörum sem vísað er til í 1. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar og merktar eru SSG í viðauka IIA í tollalögum. Ráðherra setur reglugerð þar sem m.a. skal kveðið á um þær vörur sem álagningin tekur til, viðmiðanir um verð og magn skv. a- og b-liðum 1. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað.

24. gr.

Við lögin bætist ný grein, 75. gr., sem orðast svo:

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd sem skal vera til ráðuneytis um ákvæði laga þessara um inn- og útflutning landbúnaðarvara. Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, annar skal tilnefndur af fjármálaráðherra og sá þriðji skal tilnefndur af viðskiptaráðherra. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Nefndin skal vera landbúnaðarráðherra til ráðuneytis um neðangreind atriði:

a. Úthlutun tollkvóta skv. 53. gr. og 53. gr. A.
b. Ákvörðun verðjöfnunargjalda við inn- og útflutning skv. 72. og 73. gr.
c. Beitingu viðbótartolla skv. 74. gr.

Nefndin skal afla allra upplýsinga um verð á viðkomandi landbúnaðarvörum innan lands og utan, framleiðslumagn, innflutning og útflutning og annað sem nauðsynlegt er vegna starfa hennar og gera tillögur til landbúnaðarráðherra um þau verkefni sem henni eru falin með lögum þessum.

III. KAFLI
Um breyting á lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

25. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna, sbr. lög nr. 59/1990, verður svohljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með plöntum samkvæmt lögum þessum er ráðherra heimilt að láta innheimta eftirlitsgjald vegna innflutnings á plöntum og vegna dreifingar innan lands og útflutnings á innlendum plöntum. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldsins.

IV. KAFLI
Um breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.

26. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Til að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins er óheimilt að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir:

a. Hey, hálm, alidýraáburð, gróðurmold og rotmassa blandað alidýraáburði, hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, unnar og óunnar, ósótthreinsuð hrá skinn og húðir, kjötmjöl, beinamjöl, fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð, blóð og blóðvatn, ógerilsneydda mjólk eða vörur unnar úr henni og hrá egg.
b. Ull, notaða poka eða aðrar umbúðir, óhreinan fatnað og tuskur, fiður, fjaðrir, dún, stráteppi, strákörfur og óunnið dýrahár, enn fremur notaðan reiðfatnað, reiðtygi og annað sem notað hefur verið við geymslu og flutninga á dýrum og dýraafurðum.
c. Hvers konar notaðan búnað til stangveiði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er landbúnaðarráðherra heimilt að leyfa innflutning á vörum þeim sem taldar eru upp í a–c-liðum að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Um framkvæmd þessarar greinar fer eftir ákvæðum samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, að leyfa í rannsóknarskyni innflutning á vörutegundum sem upp eru taldar í a-lið 1. mgr. Ef hey eða hálmur er notað sem pökkunarefni fyrir aðra vöru sem flutt er inn og ekki er háð sérstöku leyfi má flytja heyið eða hálminn inn án leyfis ef telja má að slíkt pökkunarefni hafi ekki smit-

hættu í för með sér. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að ákvæði 1. mgr. skuli ekki gilda fyrir einstakar vörutegundir sem þar eru taldar upp ef varan sótthreinsast við tilbúning eða sérstök sótthreinsun er framkvæmd fyrir innflutning og vörunni fylgir vottorð um uppruna, vinnslu og sótthreinsun.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á öðrum vörum sem hætta telst á að smitefni geti borist með.

V. KAFLI
Önnur ákvæði.

27. gr.

Lög um tilbúning og verslun með smjörlíki o.fl., nr. 32/1933, falla úr gildi.

28. gr.

Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk, nr. 88/1949, falla úr gildi.

29. gr.

Ákvæði 2. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögum um innflutning, nr. 88/1992, falla úr gildi.

VI. KAFLI
Gildistaka.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1995. Ákvæði þeirra skulu taka til allra þeirra vara sem þá eru ótollafgreiddar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Úthluta skal tollkvótum samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. viðauka IIIA við tollalög, nr. 55/1987, í fyrsta sinn frá og með gildistöku laga þessara, í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af árinu 1995. Að svo miklu leyti sem innflutningur samkvæmt tollkvóta fer fram á tilteknum tímabilum þá skal telja innflutning frá og með þeirri dagsetningu sem ákveðin er skv. 4. mgr. 53. gr. búvörulaga. Tollkvótar skulu auglýstir lausir til umsóknar fyrir 1. ágúst 1995 og skal fyrsta úthlutun fara fram fyrir 15. september 1995.

II.

Fóðurgjald, sem innheimt hefur verið skv. 30. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og hefur við gildistöku laga þessara ekki verið ráðstafað, skal renna í fóðursjóð, sbr. 31. gr. tilvitnaðra laga. Þessi ráðstöfun skal þó eigi skerða endurgreiðslurétt þeirra aðila sem eiga rétt á endurgreiðslum vegna fóðurs sem tollafgreitt var fyrir gildistöku laganna.

Gjört að Bessastöðum, 28. júní 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Viðauki I.

Eftirfarandi breytingar verði á tollskrá í Viðauka I við tollalög nr. 55/1987:

1. Nýr dálkur tolldálkur merktur A1 fyrir magntoll kr/kg skal tekinn upp í 1.- 25. kafla tollskrárinnar. Þó skal tolldálkur A1 vera kr/stk. í 6. kafla.

2. Í 1. kafla tollskrár skulu tollskrárnúmer og tolltaxtar vera svohljóðandi:

			A %	A1 kr/kg	E %
0101		**Lifandi hestar, asnar, múlasnar og múldýr:**			
		– Hestar:			
	0101.1100	–– Hreinræktuð dýr til undaneldis	0		
		–– Aðrir:			
	0101.1901	––– Reiðhestar	0		
	0101.1909	––– Annars	0		
	0101.2000	– Asnar, múlasnar og múldýr	0		
0102		**Lifandi dýr af nautgripaætt:**			
	0102.1000	– Hreinræktuð dýr til undaneldis	0		
	0102.9000	– Önnur	0		
0103		**Lifandi svín:**			
	0103.1000	– Hreinræktuð dýr til undaneldis	0		
		– Önnur:			
	0103.9100	–– Að þyngd minna en 50 kg	0		
	0103.9200	–– Að þyngd 50 kg eða meira	0		
0104		**Lifandi sauðfé og geitfé:**			
	0104.1000	– Sauðfé	0		
	0104.2000	– Geitfé	0		
0105		**Lifandi alifuglar, þ.e. hænsni af tegundinni Gallus domesticus, endur, gæsir, kalkúnar og perluhænsni:**			
		– Að þyngd ekki meira en 185 g:			
	0105.1100	–– Hænsni af tegundinni Gallus domesticus	0		
	0105.1900	–– Aðrir	0		
		– Aðrir:			
	0105.9100	–– Hænsni af tegundinni Gallus domesticus	0		
	0105.9900	–– Annars	0		
0106		**Önnur lifandi dýr:**			
	0106.0001	– Minkar	0		
	0106.0002	– Refir	0		
	0106.0003	– Kanínur	0		
	0106.0009	– Önnur	0		

3. Í 2. kafla tollskrár skulu tollskrárnúmer og tolltaxtar vera svohljóðandi:

			A %	A1 kr/kg	E %
0201		**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt:**			
	0201.1000	– Skrokkar og hálfir skrokkar	30	357	
		– Sneitt á annan hátt, með beini:			
	0201.2001	–– Hryggir og hryggsneiðar	30	703	
	0201.2002	–– Læri og lærissneiðar	30	500	
	0201.2003	–– Bógar og bógbitar	30	315	
	0201.2009	–– Annað	30	315	
		– Beinlaust:			
	0201.3001	–– Hakkað	30	510	
	0201.3002	–– Lundir	30	1462	
	0201.3003	–– Hryggvöðvar	30	1087	
	0201.3004	–– Vöðvar af læri	30	1014	
	0201.3009	–– Annað	30	599	
0202		**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst:**			
	0202.1000	– Skrokkar og hálfir skrokkar	30	357	
		– Sneitt á annan hátt, með beini:			
	0202.2001	–– Hryggir og hryggsneiðar	30	703	
	0202.2002	–– Læri og lærissneiðar	30	500	
	0202.2003	–– Bógar og bógbitar	30	315	
	0202.2009	–– Annað	30	315	
		– Beinlaust:			
	0202.3001	–– Hakkað	30	510	
	0202.3002	–– Lundir	30	1462	
	0202.3003	–– Hryggvöðvar	30	1087	
	0202.3004	–– Vöðvar af læri	30	1014	
	0202.3009	–– Annað	30	599	
0203		**Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**			
		– Nýtt eða kælt:			
	0203.1100	–– Skrokkar og hálfir skrokkar	30	361	
		–– Læri, bógur og sneiðar af því, með beini:			
	0203.1201	––– Læri og lærissneiðar	30	504	
	0203.1209	––– Bógar og bógbitar	30	464	
		–– Annað:			
		––– Með beini:			
	0203.1901	––––Hryggir og hryggsneiðar	30	775	
	0203.1902	––––Annað	30	361	
		––– Beinlaust:			
	0203.1903	––––Hakkað	30	456	
	0203.1904	––––Lundir	30	1195	
	0203.1905	––––Hryggvöðvar	30	1107	
	0203.1906	––––Vöðvar af læri	30	1022	
	0203.1909	––––Annað	30	456	

		– Fryst:		
	0203.2100	–– Skrokkar og hálfir skrokkar	30	361
		–– Læri, bógur og sneiðar af því, með beini:		
	0203.2201	––– Læri og lærissneiðar	30	504
	0203.2209	––– Bógar og bógbitar	30	464
		–– Annað:		
		––– Með beini:		
	0203.2901	––––Hryggur og hryggsneiðar	30	775
	0203.2902	––––Annað	30	361
		––– Beinlaust:		
	0203.2903	––––Hakkað	30	456
	0203.2904	––––Lundir	30	1195
	0203.2905	––––Hryggvöðvar	30	1107
	0203.2906	––––Vöðvar af læri	30	1022
	0203.2909	––––Annað	30	456
0204		**Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**		
	0204.1000	– Lambaskrokkar, heilir og hálfir, nýir eða kældir	30	273
		– Annað kindakjöt, nýtt eða kælt:		
	0204.2100	–– Skrokkar og hálfir skrokkar	30	273
		–– Sneitt á annan hátt með beini:		
	0204.2201	––– Hryggir og hryggsneiðar	30	382
	0204.2202	––– Læri og lærissneiðar	30	382
	0204.2203	––– Bógar og bógbitar	30	241
	0204.2209	––– Annað	30	241
		–– Beinlaust:		
	0204.2301	––– Hakkað	30	390
	0204.2302	––– Lundir	30	947
	0204.2303	––– Hryggvöðvar	30	883
	0204.2304	––– Vöðvar af læri	30	883
	0204.2309	––– Annað	30	390
	0204.3000	– Lambaskrokkar, heilir og hálfir, frystir	30	273
		– Annað kindakjöt, fryst:		
	0204.4100	–– Skrokkar og hálfir skrokkar	30	273
		–– Sneitt á annan hátt með beini:		
	0204.4201	––– Hryggir og hryggsneiðar	30	382
	0204.4202	––– Læri og lærissneiðar	30	382
	0204.4203	––– Bógar og bógbitar	30	241
	0204.4209	––– Annað	30	241
		–– Beinlaust:		
	0204.4301	––– Hakkað	30	390
	0204.4302	––– Lundir	30	947
	0204.4303	––– Hryggvöðvar	30	883
	0204.4304	––– Vöðvar af læri	30	883
	0204.4309	––– Annað	30	390
	0204.5000	– Geitakjöt	30	382
0205	0205.0000	**Kjöt af hrossum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst**	30	256

0206	**Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst:**		
0206.1000	– Af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt	30	421
	– Af dýrum af nautgripakyni, fryst:		
0206.2100	–– Tunga	30	421
0206.2200	–– Lifur	30	243
0206.2900	–– Annað	30	350
0206.3000	– Af svínum, nýtt eða kælt	30	202
0206.4900	–– Annað	30	202
	– Annað, nýtt eða kælt:		
0206.8001	–– Svið (sviðahausar)	30	217
0206.8009	–– Annað	30	217
	– Annað, fryst:		
0206.9001	–– Svið (sviðahausar)	30	217
0206.9009	–– Annað	30	217
0207	**Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst:**		
0207.1000	– Alifuglar ekki skornir í hluta, nýir eða kældir	30	603
	– Alifuglar ekki skornir í hluta, frystir:		
0207.2100	–– Hænsni af tegundinni Gallus domesticus	30	439
0207.2200	–– Kalkúnar	30	603
0207.2300	–– Endur, gæsir og perluhænsni	30	603
	– Sneiðar og hlutar af alifuglum (einnig lifur), nýtt eða kælt:		
0207.3100	–– Fitulifur gæsa og anda	30	256
0207.3900	–– Annað	30	499
	– Sneiðar og hlutar af alifuglum annað en lifur, fryst:		
	–– Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus:		
0207.4101	––– Beinlaust	30	900
0204.4109	––– Annað	30	439
	–– Af kalkúnum:		
0207.4201	––– Beinlaust	30	1000
0204.4209	––– Annað	30	603
	–– Af öndum, gæsum eða perluhænsnum:		
0207.4301	––– Beinlaust	30	1000
0204.4309	––– Annað	30	603
0207.5000	– Alifuglalifur, fryst	20	499
0208	**Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:**		
0208.1000	– Af kanínum eða hérum	30	393
0208.2000	– Froskafætur	30	393
	– Annað:		
0208.9001	–– Hvalkjöt, fryst	30	363
0208.9002	–– Hvalaafurðir, ót.a., frystar	30	363
0208.9003	–– Rjúpur, frystar.	30	446
0208.9005	–– Selkjöt, fryst	30	363
0208.9006	–– Hreindýrakjöt, fryst	30	1014
0208.9009	–– Annars	30	363

0209	0209.0000	**Svínafita án magurs kjöts og alifuglafita (óbrædd), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt**	30	100
0210		**Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrk-að eða reykt; ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:**		
		– Svínakjöt:		
	0210.1100	–– Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini	30	504
	0210.1200	–– Slög og sneiðar af þeim	30	361
		–– Annað:		
	0210.1901	––––Beinlaust	30	447
	0210.1902	––––Annað	30	1195
	0210.1909	––– Annars	30	775
		– Kjöt af dýrum af nautgripakyni:		
	0210.2001	–– Beinlaust	30	1462
	0210.2009	–– Annars	30	703
		– Annað, þar með talið ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:		
	0210.9010	–– Alifuglalifur, þurrkuð eða reykt	30	499
		–– Kindakjöt, saltað:		
	0210.9021	––– Beinlaust	30	947
	0210.9029	––– Annars	30	450
		–– Kindakjöt, reykt (hangikjöt):		
	0210.9031	––– Beinlaust	30	947
	0210.9039	––– Annars	30	450
	0210.9040	–– Hvalkjöt, saltað	30	363
	0210.9090	–– Annað	30	363

4. Í 4. kafla skulu tollskrárnúmer og tolltaxtar í vöruliðum 0401 til og með 0408 vera svohljóðandi:

			A %	A1 kr/kg	E %
0401		**Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**			
	0401.1000	– Með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1% miðað við þyngd	30	44	
	0401.2000	– Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd	30	44	
	0401.3000	– Með fituinnihaldi sem er meira en 6% miðað við þyngd	30	228	
0402		**Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**			
	0402.1000	– Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1,5% miðað við þyngd	30	344	

		– Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er meira en 1,5% miðað við þyngd:			
	0402.2100	–– Án viðbætts sykurs eða annars sætiefnis	30	430	
	0402.2900	–– Annað	30	430	
		– Annað:			
	0402.9100	–– Án viðbætts sykurs eða annars sætiefnis	30	430	
	0402.9900	–– Annars	30	430	
0403		**Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefír og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:**			
		– Jógúrt:			
	0403.1011	–– Kakaóblönduð	30	61	0
	0403.1012	–– Blönduð með ávöxtum eða hnetum	30	61	0
	0403.1013	–– Bragðbætt, ót.a.	30	61	
	0403.1019	–– Önnur	30	61	
		–– Drykkjarjógúrt:			
	0403.1021	––– Kakaóblönduð	30	61	0
	0403.1022	––– Blönduð með ávöxtum eða hnetum	30	61	0
	0403.1029	––– Önnur	30	61	
		– Annað:			
	0403.9011	–– Kakaóblandað	30	53	0
	0403.9012	–– Blandað með ávöxtum eða hnetum	30	53	0
	0403.9013	–– Bragðbætt, ót.a.	30	53	
	0403.9014	–– Með fituinnihaldi meira en 6% miðað við þyngd	30	136	
	0403.9019	–– Annars	30	53	
		–– Drykkjarvara:			
	0403.9021	––– Kakaóblönduð	30	53	0
	0403.9022	––– Blönduð með ávöxtum eða hnetum	30	53	0
	0403.9029	––– Önnur	30	53	
0404		**Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; vörur úr náttúrlegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.:**			
	0404.1000	– Mysa og umbreytt mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	30	15	
	0404.9000	– Annað	30	15	
0405	0405.0000	**Smjör og önnur fita og olía fengið úr mjólk**	30	623	
0406		**Ostur og ystingur:**			
	0406.1000	– Nýr ostur (óþroskaður eða ógerjaður), einnig mysuostur og ystingur	30	430	
	0406.2000	– Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	30	430	
	0406.3000	– Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	30	430	
	0406.4000	– Gráðostur	30	500	
	0406.9000	– Annar ostur	30	500	
0407	0407.0000	**Fuglsegg, í skurn, ný, varin skemmdum eða soðin.**	30	243	

		A %	A1 kr/stk	E %
0408	**Fuglsegg, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**			
	– Eggjarauða:			
0408.1100	–– Þurrkuð	30	875	
0408.1900	–– Önnur	30	390	
	– Annað:			
0408.9100	–– Þurrkað	30	875	
0408.9900	–– Annars	30	208	

5. Í 6. kafla komi eftirfarandi tolltaxtar við tollskrárnúmer 0601.2002, 0601.2009 og við tollskránúmer í vöruliðum 0602 til og með 0604:

		A %	A1 kr/stk	E %
0601.2002	–– Blómstrandi pottaplöntur undir 1 metri á hæð	30	480	
0601.2003	–– Grænar pottaplöntur undir 1 metri á hæð	30	480	
0601.2004	–– Grænar og blómstrandi pottaplöntur yfir 1 metri á hæð	30	480	
0601.2009	–– Annað	30	265	
0602	**Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:**			
0602.1000	– Græðlingar og gróðurkvistir, án róta	0	270	
0602.2000	– Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt, sem bera æta ávexti eða hnetur	30	200	
0602.3000	– Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	30	200	
0602.4000	– Rósir, einnig ágræddar	30	200	
	– Annað:			
0602.9100	–– Sveppaþræðir (Mycelíum)	0		
0602.9900	–– Annars	30	200	
0603	**Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**			
	– Nýtt:			
	–– Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk, og paradísarfuglablóm:			
0603.1001	––– Innflutningur á tímabilinu 1. desember til 30. apríl	30	95	
0603.1002	––– Innflutningur á öðrum tíma	30	95	
0603.1003	–– Ættkvíslirnar Protea, Banksía, Leucadendron og Brunia	30	95	
0603.1004	–– Afskornar greinar með berjum og ávöxtum, óætum af ættkvíslunum: Ligustrum, Callicarpa, Gossypium, Hypericum, Ilex og Symphoricarpos	30	95	
0603.1009	–– Annars	30	95	
0603.9000	– Annað	30	95	

0604		**Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**		
	0604.1000	– Mosi og skófir	0	
		– Annað:		
		–– Nýtt:		
	0604.9101	––– Jólatré, án rótar	30	650
	0604.9102	––– Jólatrésgreinar	30	50
	0604.9109	––– Annað	30	50
	0604.9900	–– Annars	30	50

6. Í 7. kafla verði tollskrárnúmer og tolltaxtar eftirfarandi fyrir vörur í vöruliðum 0701, 0702, úr vörulið 0703, í vöruliðum 0704 til og með 0709 og úr vörulið 0710:

			A %	A1 kr/kg	E %
0701		**Kartöflur, nýjar eða kældar:**			
	0701.1000	– Útsæði	30	55	
	0701.9000	– Aðrar	30	60	
0702		**Tómatar, nýir eða kældir:**			
	0702.0001	– Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	30	198	
	0702.0002	– Innflutningur á öðrum tíma	30	198	
Úr vörulið 0703:					
	0703.9000	– Blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir	30	227	
0704		**Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:**			
	0704.1000	– Blómkál og hnappað spergilkál	30	176	
	0704.2000	– Rósakál	30	215	
		– Annað:			
	0704.9001	–– Hvítkál	30	79	
	0704.9002	–– Rauðkál	30	110	
	0704.9003	–– Kínakál	30	206	
	0704.9004	–– Spergilkál (brassica oleracea var. italica)	30	282	
	0704.9005	–– Fóðurmergskál (brassica oleraceaacepjala)	30	196	
	0704.9009	–– Annað	30	196	
0705		**Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:**			
		– Salat:			
		–– Salat, kálhausar (head lettuce):			
	0705.1101	––– Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	30	194	

0705.1102	--- Innflutningur á öðrum tíma	30	194
0705.1900	-- Annað	30	194
	- Síkoría:		
0705.2100	-- Kaffifífilsblöð (Cichorium intybus var. foliosum)	30	194
0705.2900	-- Annað	30	194
0706	**Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:**		
0706.1000	- Gulrætur og næpur	30	136
0706.9000	- Annað	30	136
0707	**Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:**		
0707.0001	- Innfluttar á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	30	197
0707.0009	- Innfluttar á öðrum tíma	30	197
0708	**Belgávextir, með eða án hýðis, nýir eða kældir:**		
0708.1000	- Ertur (Pisum sativum)	25	
0708.2000	- Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.)	25	
0708.9000	- Aðrir belgávextir	25	
0709	**Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:**		
0709.1000	- Jarðartískokka	30	
0709.2000	- Spergill	30	
0709.3000	- Eggaldinjurtir	30	116
0709.4000	- Selja, önnur en seljurót	30	276
	- Sveppir og tröfflur:		
0709.5100	-- Sveppir	30	400
0709.5200	-- Tröfflur	30	
	- Aldin Capsicumættarinnar eða Pimentaættarinnar:		
0709.6001	-- Allrahanda (pimento)	30	
	-- Paprika:		
0709.6002	--- Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	30	397
0709.6003	--- Innflutningur á öðrum tíma	30	397
0709.6009	-- Önnur	30	397
0709.7000	- Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka (garðspínat)	20	
	- Annað:		
0709.9001	-- Sykurmaís	30	
0709.9002	-- Kúrbítur (Courgettes)	30	397
0709.9003	-- Ólívur	30	
0709.9009	-- Annars	30	385
Úr vörulið 0710:			
0710.1000	- Kartöflur	30	59

7. Í 10. kafla verði tollskrárnúmer og tolltaxtar eftirfarandi:

			A %	A1 kr/kg	E %
1001		**Hveiti og meslín:**			
		– Harðhveiti:			
	1001.1001	–– Til fóðurs og fóðurgerðar	55		
	1001.1009	–– Annars, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0		
		– Annað:			
	1001.9001	–– Til fóðurs og fóðurgerðar	55		
	1001.9009	–– Annars, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0		
1002		**Rúgur:**			
	1002.0001	– Til fóðurs og fóðurgerðar	55		
	1002.0009	– Annars, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0		
1003		**Bygg:**			
	1003.0001	– Til fóðurs og fóðurgerðar	55		
	1003.0009	– Annars, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0		
1004		**Hafrar:**			
	1004.0001	– Til fóðurs og fóðurgerðar	55		
	1004.0009	– Annars, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0		
1005		**Maís:**			
	1005.1000	– Fræ	0		
		– Annar:			
	1005.9001	–– Til fóðurs og fóðurgerðar	55		
	1005.9009	–– Annars, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0		
1007		**Dúrra:**			
	1007.0001	– Til fóðurs og fóðurgerðar	55		
	1007.0009	– Annars, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0		
1008		**Bókhveiti, hirsi og kanarífræ; annað korn:**			
		– Bókhveiti:			
	1008.1001	–– Til fóðurs og fóðurgerðar	55		
	1008.1009	–– Annars, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0		
